



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN ÁRSSKÝRSLA 2021



ÓTRÚLEGUSTU DRAUMAR HAFA RÆST MEÐ ÞÍNUM STUÐNINGI



LEIKURINN OKKAR

Stjórn HSK 2021

**Formaður:**

Guðriður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var ritari frá 2001–2010. Sat í varastjórn frá 2000–2001.

**Gjaldkeri:**

Guðmundur Jónasson
Gjaldkeri frá 2014. Sat í varastjórn frá 2012–2014.

**Ritari:**

Anný Ingimarsdóttir
Ritari frá 2016. Sat í varastjórn frá 2011–2016.

**Varaformaður:**

Helgi S. Haraldsson
Varaformaður frá 2016. Var ritari stjórnar frá 2015–2016.

**Meðstjórnandi:**

Jón Þróstur Jóhannesson
Meðstjórnandi frá 2021. Sat í varastjórn frá 2018–2021.

**Varamenn:**

Baldur Gauti Tryggvason
Varamaður frá 2021. Var meðstjórnandi frá 2017–2021 og sat áður í varastjórn frá 2016–2017.



Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.



Olga Bjarnadóttir
Varamaður frá 2016.

**Framkvæmdastjóri:**

Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá 1991.

Ársskýrsla 2021

Umsjón með útgáfu: Engilbert Olgeirsson.

Prófaralestur: Baldur Gauti Tryggvason, Engilbert Olgeirsson, Lísa Thomsen og Örn Guðnason.

Hönnun og umbrot: Guðmundur Karl Sigurdósson.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Myndir: Engilbert Olgeirsson og forystufólk í félögum, nefndum og ráðum HSK.

Forsíða: Íslandsmeistarar Þórs í körfubolta og bikar-, deildar- og Íslandsmeistarar Hamars í blaki.



Í kjölfar ákvörðunar um sameiningu hestamannafélaganna í Uppsveitum bauð nýtt hestamannafélag til félagsreiðturs á Þingvöllum.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

- 4 Ávarp formanns
- 6 Ársreikningur
- 10 Verkefnasjóðsreikningur Framlög úr héraði
- 11 Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2021
- 12 Íþróttamaður og íþróttakona HSK
- 14 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
- 15 Guðbjörg sæmd silfurmerki HSK HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum Heimasíða HSK Ársskýrsla HSK má sjá á www.hsk.is Annað kynningarstarf Þakkir til þeirra sem styrktu starfseminu HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK

Fundur, þing og námskeið:

- 16 Fjarþing HSK á netinu tókst vel 75. Íþróttþing ÍSÍ Stjórnarfundir HSK árið 2021
- 17 Þing Ungmennafélags Íslands Formannafundur ÍSÍ Þing sérsambanda Kynningarfundur samskiptaráðgjafa íþróttar og æskulyðsstarfs

Samstarfsverkefni:

- 18 Félagsmiðstöðin Sel Felixskýrsla skilað í síðasta sinn 5 eða 50 manns – húskerfi fyrir alla Heildarstigatafla HSK
- 19 Enn eitt metárið í lottóinu og aukagreiðsla frá eignaraðilum Ólympíudeginum fagnað í Hveragerði

Ýmsar upplýsingar:

- 20 Lög HSK
- 21 Aðildarfélög og formenn félaga um áramót
- 22 Gull- og silfurmerki HSK Fjöldi iðkenda eftir greinum
- 23 Stærð félaga og tekjur af lottó og getraunum
- 24 Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSK Íþróttakarlfélag og Íþróttakona HSK

- 26 Matmenn HSK Sleifarhafar HSK
- 27 Fréttapunktur frá ÍSÍ 2021
- 29 Fréttapunktur frá UMFÍ 2021
- 31 Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ Umhverfissjóður UMFÍ Ferðasjóður Íþróttafélaga
- 32 Úthlutun viðbótarframlag ríkisins til íþróttahreyfingarinnar vegna COVID-19 Aukagreiðsla til félaga vegna góðrar fjárhagsafkomu HSK Úthlutun úr Íþróttasjóði 2021

Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

- 33 Kjörnefnd HSK Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK Unglingalandsmótsnefnd HSK Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi

Yfirlit um störf nefnda og ráða:

- 34 Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2021
- 35 Almenningsíþróttanefnd Badmintonnefnd Blaknefnd Borðtennisnefnd Briddsnefnd Frjálsíþróttaráð
- 37 Glimuráð
- 38 Íþróttanefnd fatlaðra Skáknefnd Sundnefnd Sögu- og minjanefnd

Skýrslur aðildarfélaga:

- 40 Golfklúbbur Ásatúns Golfklúbburinn Dalbúi Golfklúbburinn Flúðir
- 41 Golfklúbburinn Geysir Golfklúbbur Hellu Golfklúbbur Hveragerðis
- 42 Golfklúbbur Kíðjábargs Golfklúbbur Selfoss

- 43 Golfklúbburinn Úthlið Golfklúbbur Þorlákshafnar
- 44 Golfklúbburinn Þverá Golfklúbbur Öndverðarness Hestamannafélagið Geysir
- 45 Hestamannafélagið Ljúfur Hestamannafélagið Logi
- 46 Hestamannafélagið Sleipnir Hestamannafélagið Smári
- 47 Hestamannafélagið Trausti Íþróttafélagið Dímon Íþróttafélagið Garpur
- 48 Íþróttafélagið Gnýr Íþróttafélagið Hamar
- 49 Íþróttafélagið Milan Íþróttafélagið Suðri
- 50 Íþróttafélag Uppsveita
- 51 Karatefélag Suðurlands Knattspyrnufélag Rangæinga Knattspyrnufélagið Ægir
- 52 Korfknattleiksfélag Selfoss Lyftingafélagið Hengill Skotíþróttafélagið Skyttur Skotíþróttafélag Suðurlands Torfærklúbbur Suðurlands
- 53 UBH Umf. Biskupstungna Umf. Dagsbrún Umf. Eyfellingur Umf. Framtiðin Umf. Gnúpverja
- 54 Umf. Hekla Umf. Hrunamanna
- 55 Umf. Hvöt Umf. Ingólfur Umf. Laugdæla Umf. Selfoss
- 56 Umf. Skeiðamanna Umf. Stokkseyrar
- 57 Umf. Trausti Umf. Þjóntandi Umf. Þór
- 58 Umf. Þórmörk

Skýrsla stjórnar:

Ávarp formanns HSK

Enn á ný er komið að héraðsþingi okkar HSK-félaga. Árið 2020 héldum við þing þar sem fjölda þingfulltrúa var haldið í lágmarki og 2021 fór þingið fram með rafrænum hætti. Vegna Covid-19 hefur starfsemi Héraðssambandsins Skarphéðins verið með öðrum hætti en áður og má með sanni segja að við kveðjum í dag afar sérstakt starfsár. Hér á Suðurlandi hefur íþróttastarfið ekki farið varhluta af afleiðingum faraldursins og baráttunnar gegn útbreiðslu hans.

Covid-19

Öll vitum við að öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf er mikilvægur þáttur í samfélögum. Því var afar brýnt, þegar faraldurinn fór af stað, að stjórnvöld stæðu vörð um þessa starfsemi. Sá stuðningur sem stjórnvöld hafa veitt í faraldrinum við íþrótt- og æskulýðsstarf er ómetanlegur. Án hans hefði starfið allt orðið mun erfiðara. Stutt var við íþróttastarfið meðal annars með því að veita styrki til tekjulágra heimila og þannig komið í veg fyrir að börn yrðu tekin úr starfinu vegna efnahagslegra áhrifa faraldursins. Greiddir voru út styrkir til rúmlega 13 þúsund barna. Jafnframt var boðið upp á sérstakan styrk og fræðslu til aðila sem bjóða upp á skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni. Einnig var farið af stað með vitundarvakningu í samvinnu hagaðila í þeim tilgangi að auka þátttöku í skipulögðu starfi. Sveitarfélögum gafst kostur á að sækja um styrki varðandi viðbótarverkefni sem tengdust frístundastarfi barna í viðkvæmri stöðu og var þá sérstaklega horft til aldurshópsins 12–16 ára. Með því var reynt að ná til þeirra barna sem síst sækja hefðbundið frístundastarf. Sem dæmi um verkefni tengd þessum lið má nefna stofnun rafíþróttaklúbba og kvíða- og sjálfstyrkingarnámsleiðir. Framsýni stjórnvalda er þakkarverð og óskandi að þau haldi áfram að stöðja við það mikla og góða starf sem íþróttahreyfingin stendur fyrir.

Faraldurinn hefur haft viðtæk áhrif, jafnt á börn og ungmenni sem á starf eldri flokka og afreksstarf. Í dag er ljóst að styrkja þarf íþróttafélögin í landinu út frá mikilvægi þess starfs sem íþróttahreyfingin stendur fyrir. Covid hefur ítrekað haft áhrif á og raskaði starfsemi og við því hefur þurft að bregðast.

Um aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem gripið var til árið 2020, í þeim tilgangi að setja aukinn kraft í starfsemi og að koma upp öryggisneti til þess að bregðast við ef framhald yrði á takmörkunum vegna farsóttarinnar, er allt gott að segja. En betur má í dag ef duga skal. Faraldurinn hélt áfram og er enn í gangi nú 2022. Í fyrri bylgjum faraldursins fékk hreyfingin stuðning sem skipti miklu máli og má svo sannarlega þakka fyrir það. Engu að síður hefur faraldurinn haft gríðarlega neikvæð áhrif á rekstur margra félaga.

Á hátíðisdögum ræðum við um að íþrótt- og æskulýðsstarf sé lykillinn að lýðheilsu þjóðarinnar. Margir höfðu á orði 2020 að aðáunartvert væri að sjá breiðu samstöðuna fyrir aðgerðum stjórnvalda. Sú samstaða sýndi að samstarf skilar bestum árangri og er samfélaginu til góða. Tryggt var á þessum tímamarki að íþróttahreyfingin gæti staðið skil á launum og verktakagreiðslum, sem er eins og við vitum undirstaða starfseminnar. Á þessum tíma mátti jafnvel lesa í fjölmiðlum að íþróttastarfið væri komið í gegnum faraldurinn en mér er til efs að þeir sem starfa í dag innan hreyfingarinnar geti tekið heilshugar undir að þannig sé staðan almennt nú. Staðan er einfaldlega sú að íþróttafélög, héraðssambönd og sérsambönd, innan íþróttahreyfingarinnar, hafa



Guðríður formaður við setningu héraðsþings HSK 2021.

tapað töluverðum fjármunum í Covid, aðallega vegna fækkunar áhorfenda og niðurfellingar á hinum ýmsu viðburðum. Einnig er það reynsla sumra félaga að erfitt hefur reynst að fá styrki frá fyrirtækjum á þessum sama tíma.

Að stunda íþróttæfingar er fastur punktur í lífi margra barna og ungmenna. Síðan taka við meistaraflakkar og að lokum landsliðin. Þessir þættir eiga að mynda órjúfanlega keðju. Afar slæmt gæti reynst ef hún rofnaði. Gæta verður einnig að því að sjálfbærni bugist ekki undan álagi og hverfi á braut. Gerist það kemur það niður á gæðum starfsins og væri miður ef sú yrði raunin.

Skiptar skoðanir hafa verið um áhrif takmarkana ráðamanna vegna Covid á börn. Þau hafa mörg þurft að sæta ítrekuðum takmörkunum og rökunum á íþrótt- og æskulýðsstarfi. Lagt hefur verið til að skoða áhrif aðgerða stjórnvalda á börn og þá sérstaklega þeirra sem búa við viðkvæmar aðstæður. Því miður hafa sum þeirra ekki skilað sér til baka inn í íþróttastarfið. Á meðan faraldurinn hefur geisað hefur tilkynningum til barnaverndaryfirvalda um ofbeldi og vanrækslu á börnum fjölgað mikið. Eins liggur fyrir sú sorglega staðreynd að tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum hefur fjölgað um ca. 40% árin 2020–2021. Á herðum okkar fulloröna fólksins hvílir sú samfélagslega ábyrgð að vernda þá sem minna mega sín og þá sem eru viðkvæmir og það er þessi hópur sem sannarlega.

Börn eru á sóþur sem er hvað fjölmennastur hjá okkur í HSK. Þegar kemur að málefnum þeirra eigum við samkvæmt lögum að setja á oddinn það sem þeim er fyrir bestu og málefni þeirra eiga ávallt að hafa forgang. Því er til mikils að vinna að ná til allra barna og koma þeim með öllum tiltækum ráðum inn í starf íþrótt- og æskulýðsfélaganna á sambandsvæði HSK. Ég vona svo sannarlega að þessi vinkill á afleiðingum faraldursins verði skoðaður

og verður fróðlegt að fylgjast með rannsókn á þessum þætti hans.

Hvað framtíðin ber í skauti sér á síðan eftir að koma í ljós. Vitað er að áhrif faraldursins á geðheilsu og vellíðan barna og ungmenna, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma, er mikil áskorun að vinna úr. Þess vegna beindist áhersla ríkisstjórnarinnar að því að hlífa þessum aldurshópum með því að halda skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi sem eðlilegustu. Rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar benda til þess að áhrif á þessa þætti verði mörkuð af áhrifum faraldursins til margra ára. Við þurfum því að efla þá aðila sem vinna með börnum og ungmennum og stuðla þannig að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu þeirra sem þeir hafa í umsjón sinni. Stjórnvöld mega ekki láta sitt eftir liggja í að efla enn frekar geðrækt og geðheilbrigðisþjónustu þessara hópa.

Unglingalandsmót 2021

Það var afar erfið og þungbær ákvörðun sem framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ þurfti að taka í júní sl. um að fresta Unglingalandsmótinu sem fyrirhugað var að halda á Selfossi um verslunarmannahelgina. Ákvörðunin var tekin í fullu samráði við almannavarnir og sóttvarnalækni. Var þetta í annað sinn sem þurfti að fresta mótinu. Í ljósi aðstæðna var þessi erfiða ákvörðun tekin og með því sýndi nefndin ábyrgð og samstöðu. Nefndarmenn sáu ekki fram á að geta haldið mótið með ábyrgum hætti innan þeirra takmarkana sem settar höfðu verið.

Takmarkanir sem tóku gildi 25. júlí gerðu það fyrir að hámarksfjöldi þeirra sem máttu koma saman væri 200 og 1 metra nándarregla var tekin upp á ný. Grímuskýlda var innleidd á ný þar sem ekki var unnt að viðhafa 1 metra reglu. Íþróttæfingar og keppnir barna og fullorönnu voru heimilær með og án snertinga með 100 manna hámarksfjölda.

Hámarksfjöldi áhorfenda var 200 manns í rými og átti að halda skráningar í sæti. Veitingasala var með öllu óheimil á keppnisstöðum.

Undirbúningur hafði á þessum tíma staðið yfir undanfarið ár og eins og í fyrra var vinnan á lokametrinum þegar þurfti að skella í lás. Dagskráin var fullkláruð og átti að bjóða upp á um tuttugu keppnisgreinar alla verslunarmannahelgina og tónleika á kvöldin, ásamt fjölda annarra viðburða og afþreyingar.

Landsmótsnefnd, sérgreinastjórar og fjöldi annarra einstaklinga, höfðu lagt á sig mikla vinnu en niðurstaðan var sú að við þyrftum að sýna ábyrgð og tryggja heilsu og öryggi allra gesta og þátttakenda. Því frestuðum við mótinu um ár. Hagsmunir heildarinnar voru hafðir að leiðarljósi og ekki ráðlagt að taka þá áhættu sem fólst í því að halda mótið. Skráning hafði verið í fullum gangi allan júlímánuð og stefndi í að mótið yrði eitt það fjölmennasta frá upphafi.

Í dag stefnum við ótrauð að því að halda Unglingalandsmóti 2022 á Selfossi um verslunarmannahelgina og er undirbúningur hafinn á nýjan leik af fullum krafti. Sem fyrr er engan bilbug að finna á þeim sem höfðu tekið verkefni að sér fyrir mótið 2020 og 2021 og ætla nánast allir að vera með. Er stefnan sett á glæsilegt mót á Selfossi 29.–31. júlí 2022.

Fundir og þing

52. sambandsþing UMFÍ fór fram 15.–17. október 2021 á Húsavík. Rúmlega hundrað þingfulltrúar aðildarfélaga UMFÍ af öllu landinu sátu þingið. HSK átti rétt á að senda 11 fulltrúa og mætti sambandið að sjálfsögðu með fullmannað lið. Á þinginu ræddu þingfulltrúar fjölmörg málefni sem tengjast ungmennafélagshreyfingunni, m.a. um það hvernig hægt væri að bæta lýðheilsu landsmanna og efla starf íþróttafélaga.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ sagði í ræðu sinni „Gleðin í hreyfingu, bætt lýðheilsa og betra samfélag, þarf að fá meira rými á Alþingi, sveitarstjórnarfólk þarf að gera sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar og lýðheilsu og möguleika íþróttafélaga um allt land til að sinna því. Undir þau orð tók ég heilshugar.

Umræðuefnin voru af ýmsum toga og hafði fólk um margt að ræða enda 450 aðildarfélög innan UMFÍ, þar af öll helstu íþróttafélög landsins.

Á kjörtímabili stíjandi stjórnar hefur forystufólk UMFÍ og starfsfólk unnið að stefnumótun hreyfingarinnar. Afrakstur vinnunnar var kynntur á þinginu. Þar kom fram að stjórn UMFÍ vinnur eftir því leiðarljósi að gera ævinlega betur. Stefnumótunin fór fram í nánun og góðu samstarfi við sambandsaðila, aðildarfélaga og ungmennaráðs UMFÍ og ber þess merki, enda er talið nauðsynlegt að uppfæra hana reglulega í takt við tíðarfar og tækni. Sú krafa sem stefna UMFÍ setur felur í sér að það þarf sífellt að hugsa fram á við, vera hnitmiðaðri, spegla verkefni okkar við samfélagið og vera í takti við það.

Á þinginu sátu í fyrsta sinn nýir sambandsaðilar og voru fulltrúar ÍA, ÍBA og ÍBR boðnir sérstaklega velkomnir til leiks. Á þinginu var Jóhann Steinar Ingimundarson kosinn nýr formaður UMFÍ. Tekur hann við af Hauki Valtýssyni, sem gaf ekki kost á sér áfram, en hann hefur gegnt embætti formanns frá árinu 2015. HSK-félagar þakka Hauki ánægjulegt samstarf á liðnum árum.



Guðriður hlaut hvatningarverðlaun gegn einelti árið 2021. Samtökin Heimili og skóli veita verðlaunin.

75. íþróttþing ÍSÍ var haldið í formi fjarþings 7. maí 2021. Þinginu var síðan frestað til 9. október í þeirri von að þá yrði mögulegt að halda þinginu áfram með hefðbundnu sniði og gekk það eftir. Framhaldsþingið fór fram í Gullhörmrum í Grafarholti en nefndarstjórn fór fram deginum áður í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þar sem flestir fundir hreyfingarinnar hafa verið haldnir í gegnum fjarfundarúnað undanfarið misseri. Var það kærligast til breytingar að geta haldið þingið með hefðbundnum hætti.

Lárus Blöndal forseti ÍSÍ kom inn á þau mál í ræðu sinni sem undanfarið höfðu verið mikið í umræðunni og vörðuðu landsliðsmál KSÍ. Hann fór yfir viðbrögð og úrvinnslu hreyfingarinnar á þeim málum. Lárus gat þess m.a. að starfshópar hafi verið að störfum og unnið væri að því að skerpa á verkferlum og að leitast verði við að tryggja betur öryggi allra þátttakenda í hreyfingunni.

Á þinginu kynnti Sigurbjörg Sigurpáldóttir, samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýsstarfs, starfsemi embættisins. Samskiptaráðgjafi er óháður aðili sem getur aðstoðað og leiðbeint einstaklingum sem telja sig hafa verið beittir ofbeldi eða misrétti í íþrótt- eða æskulýsstarfi og er þjónustan ókeypis. Einnig sagði, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, frá starfi starfshópa sem hún er í forsvari fyrir og varða verkferla, heimildir og viðbragðaáætlanir varðandi ofbeldi.

Formannafundur ÍSÍ fór fram á Teams 7. desember 2021. Þar sem stutt var síðan framhaldsþingið ÍSÍ var haldið var fundurinn í styttra lagi. Gestur fundarins var Ásmundur Einar Daðason, ráðherra mennta, barna- og íþróttamála. Fram kom í máli hans að hann væntir mikils af samstarfi við hreyfinguna. Hann ræddi um helstu verkefni sem fram undan eru, þ. á m. uppbygging þjóðarleikvanga. Ásmundur ræddi einnig mikilvægi starfa sjálfbóðaliða og þær áskoranir sem hreyfingin hefur staðið frammi fyrir á liðnum mánuðum. Hann sagðist binda vonir við að það náist fram betri og heildstæðari þjónusta við börn og ungmenni með því að setja málefni þeirra undir einn og sama hatt.

Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, fór yfir helstu niðurstöður úr skýrslu úttektarnefndar á málefnum KSÍ. Einnig var farið var stuttlega yfir stöðuna varðandi verkefni og fjárhag ÍSÍ. Lárus kom inn á þær takmarkanir

sem eru á samkomum og hafa haft í för með sér töluvert tekjutap fyrir hreyfinguna, sem og þann kostnað sem hlotist hefur af faraldrinum. Á þinginu var Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, sæmdur heiðurskrossi ÍSÍ og er hann vel að þeirri viðurkenningu kominn.

Vegna Covid-19 voru færri hefðbundnir fundir haldnir en þeim mun fleiri á rafrænu formi. Fulltrúar HSK sóttu þá fundi sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ.

Ýmis verkefni

Samkvæmt venju tóku HSK félagar þátt í fjölmörgum verkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ og má lesa nánar um þau verkefni í ársskýrslunni.

Lokaorð

Loksins sér fyrir endann á Covid-heimsfaraldrinum. Árin okkar í faraldrinum hafa verið mjög sérstök. Nú þurfum við öll sem eitt að bretta upp ermar og leggja okkur fram við að bæta það sem miður hefur farið á Covid tímum. Við höfum lifað í óvissu og breytingum. Það hefur reynt mörgum sársaukafullt, heftandi og skapað gremju. Í dag vitum við miklu betur en áður að íþróttahreyfingin er góð í að fást við vandamál og leysa þau. Við horfumst í augu við vandamálin, tókum ábyrgð á þeim og leystum en létum þau ekki taka allan okkar tíma. Ef við höldum áfram á sömu braut þá eigum við að geta skapað iðkendum áfram bjarta og árangursríka íþróttaframtíð.


Með hverju nýju ári gefst tækifæri til að líta yfir farinn veg. Vil ég nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu sem hafa lagt okkur ómetanlegt lið. Við búum svo vel að hafa innan okkar vébanda frábæra sjálfbóðaliða, harðduglega sveit forystumanna, magnaða þjálfara, kraftmikla stjórnarmenn í félögum, áhugasama og kraftmikla foreldra/forráðamenn og síðast en ekki síst frábæra iðkendur. Fyrir það þökkum við. Innilegar þakkir flyt ég þeim sveitarfélögum og fyrirtækjum á sambandssvæðinu sem hafa aðstoðað okkur við að halda úti jafn öflugu starfi og raun ber vitni. Stjórnarmönnum og framkvæmdarstjóra færi ég bestu þakkir fyrir skemmtilegt samstarf og árangursrík störf.


Guðriður Aadnegard, formaður HSK

Ársreikningur HSK 2021

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2021. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2021 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2021. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2021 með undirskrift sinni.

Selfossi, 9. mars 2022,


Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK


Engilbert Ólgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2021. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 9. mars 2022,


Brynja Hjálmtýsdóttir


Bergur Guðmundsson

Rekstrarreikningur HSK 2021

	Skýr.	Rauntölur 2021	Áætlun 2021	Rauntölur 2020
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	55.746.510	38.745.000	48.061.894
Tekjur af mótum	2	2.644.900	20.950.000	460.300
Auglýsingatekjur	3	520.000	470.000	470.000
Aðrar tekjur	4	4.119.751	3.685.000	3.678.186
Rekstrartekjur alls		63.031.161	63.850.000	52.670.380
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	5	12.530.269	12.470.000	11.893.419
Fundir og þing	6	1.022.908	640.000	152.169
Áhöld og tæki	7	0	0	265.510
Þátttaka í mótum	8	0	0	0
Kostnaður v/mótahaldis	9	2.741.639	20.320.000	442.100
Rekstur mannvirkja	10	400.000	400.000	400.000
Rekstur skrifstofu	11	763.137	770.000	745.781
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	520.373	440.000	424.593
Önnur gjöld	13	44.996.269	28.765.000	38.401.304
Rekstrargjöld alls		62.974.595	63.805.000	52.724.876
Hagnaður án fjármagnsliða		56.566	45.000	-54.496
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur		85.435	100.000	268.752
Vaxtagjöld		0	0	0
Þjónustugjöld		-51.486	-70.000	-67.927
Fjármagnstekjuskattur		-18.800	-22.000	-59.116
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls		15.149	8.000	141.709
Hagnaður (tap) tímabilsins		71.715	53.000	87.213

Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2021

	2021	2020
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu)	6.784.858	6.828.673
Samkomutjald	560.000	560.000
Fastafjármunir alls	7.344.858	7.388.673
VELTUFJÁRMUNIR		
Viðskiptakröfur	65.765	45.744
Handbært fé	13.524.381	14.958.870
Veltufjármunir alls	13.590.146	15.004.614
Eignir samtals	20.935.004	22.393.287
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
EIGIÐ FÉ		
Óráðstafað eigið fé	19.999.972	19.956.574
Tekjuafgangur ársins	71.715	87.213
Eigið fé alls	20.071.687	20.043.787
LANGTÍMASKULDIR	0	0
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	863.317	2.349.500
Skammtímaskuldir alls	863.317	2.349.500
Skuldir og eigið fé samtals	20.935.004	22.393.287

Skýringar á rekstrarreikningi HSK	Rauntölur 2021	Áætlun 2021	Rauntölur 2020
1. Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	4.229.195	2.880.000	3.547.352
Lottó	48.794.306	33.340.000	41.873.115
Getraunir	1.030.189	825.000	956.387
Framlag frá sveitarfélögum	1.692.820	1.700.000	1.685.040
Framlög og styrkir alls	55.746.510	38.745.000	48.061.894
2. Tekjur af mótum			
Þátttökugjöld	144.900	300.000	460.300
Landsmótshald	2.500.000	20.650.000	0
Tekjur af mótum alls	2.644.900	20.950.000	460.300
3. Auglýsingatekjur			
Útgáfa	220.000	220.000	220.000
Heimasíða	300.000	250.000	250.000
Aðrar auglýsingatekjur	0	0	0
Auglýsingatekjur alls	520.000	470.000	470.000
4. Aðrar tekjur			
Skattar aðildarfélaganna	3.124.100	2.675.000	2.674.000
HSK þing	30.000	200.000	122.500
Leigutekjur v/skrifstofu	0	60.000	180.000
Tekjur v/Unglingalandsmóts	500.000	550.000	500.000
Heimildarmynd um landsmót			0
Aðrar tekjur	465.651	200.000	201.686
Aðrar tekjur alls	4.119.751	3.685.000	3.678.186
5. Laun og verktakagreiðslur			
Laun starfsmanna	8.559.674	8.560.000	8.186.758
Tryggingagjald	664.661	675.000	666.154
Lífeyrissjóður	1.211.379	1.160.000	993.057
Laun alls	10.435.714	10.395.000	9.845.969
Bifreiða- og aðrir styrkir			
Bifreiðastyrkir starfsmanna	1.350.555	1.330.000	1.321.450
Dagpeningar	744.000	745.000	726.000
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	2.094.555	2.075.000	2.047.450
Laun og verktakagreiðslur alls	12.530.269	12.470.000	11.893.419
6. Fundir og þing			
Stjórnarfundir	34.126	30.000	26.796
Þing ÍSÍ	6.000	50.000	0
Þing UMFÍ	840.052	400.000	0
Þing HSK	50.340	100.000	49.600
Nefndafundir HSK	84.890	25.000	75.773
Sambandsráðsfundur UMFÍ	0	0	0
Formannafundur HSK	0	15.000	0
Aðrir fundir og ráðstefnur	7.500	20.000	0
Fundir og þing alls	1.022.908	640.000	152.169

	Rauntölur 2021	Aætlun 2021	Rauntölur 2020
7. Áhöld og tæki			
Skrifstofuáhöld	0	0	265.510
Önnur áhöld	0	0	0
Áhöld og tæki alls	0	0	265.510
9. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	74.800	120.000	118.000
Húsa- eða vallarleiga	0	0	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	166.839	300.000	324.100
Landsmótshald	1.000.000	13.150.000	0
Landsmótshald, hlutdeild félaga	1.500.000	6.000.000	0
Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs	0	750.000	0
Kostnaður v/mótahalds alls	2.741.639	20.320.000	442.100
10. Rekstur mannvirkja			
Selið	400.000	400.000	400.000
Rekstur mannvirkja alls	400.000	400.000	400.000
11. Rekstur skrifstofu			
Sími	193.484	220.000	212.646
Ritföng	61.715	30.000	28.896
Prentun	0	30.000	26.706
Póstkostnaður	1.521	5.000	0
Kaffikostnaður og risna	13.490	10.000	9.479
Tölvukostnaður	250.084	225.000	223.128
Annar skrifstofukostnaður	242.843	250.000	244.926
Rekstur skrifstofu alls	763.137	770.000	745.781
12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Útgáfa ársskýrslu	263.800	300.000	287.320
Heimasíða	256.573	140.000	137.273
Heimildarmynd um landsmót	0	0	0
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	520.373	440.000	424.593
13. Önnur gjöld			
Lottógreiðslur til félaga	34.505.721	24.005.000	29.882.031
Unglingalandsmótsþátttaka	0	1.500.000	2.004.600
Þátttaka á landsmóti 50+	0	0	0
Verkefnasjóður HSK	5.210.494	3.160.000	4.210.289
Aukagreiðsla til félaga og ráða	5.200.000		2.200.000
Ýmis kostnaður	80.054	100.000	104.384
Afskriftir	0	0	0
Önnur gjöld alls	44.996.269	28.765.000	38.401.304

Verkefnasjóður HSK

Rekstrarreikningur 2021

		31/12/21	31/12/20
Tekjur:			
	Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr. 4.584.011	3.943.681
	Tekjur vegna vanskila félaga	kr. 626.483	266.608
	Vaxtatekjur	kr. 2.969	16.547
	Ósóttir styrkir frá 2020	kr. 137.000	40.000
Tekjur alls:		5.350.463	4.266.836
Gjöld:			
	Styrkir 2021, úthlutun sjóðsstjórnar	kr. 3.287.500	2.145.000
	Fjármagnstekjuskattur	kr. 652	3.633
Gjöld alls:		3.288.152	2.148.633
		2.062.311	2.118.203

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir			
	Í sjóði 31.12.2021	kr. 7.717.602	4.852.791
Eignir alls:		7.717.602	4.852.791
Skuldir og eigið fé:			
	Eigið fé frá fyrra ári	kr. 4.637.791	2.519.588
	Rekstrarhagnaður ársins	kr. 2.062.311	2.118.203
	Ógreiddir styrkir um áramót	kr. 1.017.500	215.000
Skuldir og eigið fé alls:		7.717.602	4.852.791

Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2021

Hér má sjá bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK.

Héraðsnefndir:	Íbúar*	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga	19.337	280 kr. á íbúa	1.250.000	64,64 kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.924	280 kr. á íbúa	196.100	101,92 kr.
Rangárþing ytra	1.740	280 kr. á íbúa	170.000	97,70 kr.
Ásahreppur	271	280 kr. á íbúa	76.720	283,10 kr.

*Íbúaföldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 1. janúar 2021.

Greiðsla alls úr héraði 2021: 1.692.820

Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2021

Verkefnasjóður HSK úthlutar úr sjóðnum tvisvar á ári. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. apríl eða 1. október. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandsvæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins.“

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landslið	50.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	40.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands, en þó að hámarki	10.000 kr. á einstakling
Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50% af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Afrestsstyrkur, þar með talið landsliðsval (þarf að hafa verið valin/n í A-landslið)	120.000 kr. á einstakling

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Fyrri úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið 1B	10.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fyrirlestur frá Bjarna Fritzsyni	37.500
Hamar-Þór	Þjálfaramenntun	10.000
Hamar-Þór	Sameining tveggja félaga í meistaraflokki kvenna	40.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Markmannsþjálfunarnámskeið	10.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Leikurinn - heimildamynd um Íslandsmeistaratitilinn	40.000
Hestamannafélagið Sleipnir	Nýliðun	40.000
Íþróttafélagið Hamar	Landsliðsval tveir einstaklingar	100.000
Íþróttafélagið Hamar	Menntun þjálfara, fimm einstaklingar	50.000
Íþróttafélagið Hamar	Útbreiðsluverkefni - stúlkur í körfu	40.000
Íþróttafélagið Hamar	Næringarráðgjöf fyrir iðkendur og foreldra	30.000
Íþróttafélagið Hamar	Nýjung í starfi fimleikadeildar - hópfimleikar/dans	40.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Endurmenntun þjálfara	90.000
Körfuknattleiksfélag Selfoss	Efling stúlkna í körfubolta	40.000
	Samtals	577.500

Seinni úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Blakdeild Íþr.f. Hamars	Menntun þjálfara, einn einstaklingur	10.000
Blakdeild Íþr.f. Hamars	Landsliðsval, þrjú einstaklingar	150.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, sex einstaklingar	250.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, einn einstaklingur	50.000
Frjálsíþróttaráð HSK	Fræðsludagur	40.000
Golfklúbburinn Flúðir	Nýjung í starfi, barna- og unglingsstarf	40.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið HSÍ, níu einstaklingar	90.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, þrjú einstaklingar	150.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Landsliðsval, þrjú einstaklingar	150.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið, tveir einstaklingar	20.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	KSÍ B2 þjálfaranámskeið, tveir einstaklingar	20.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	KSÍ B 3 þjálfaranámskeið, fimm einstaklingar	50.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	UEFA youth elite, einn einstaklingur	10.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	UEFA A þjálfaranámskeið, tveir einstaklingar	20.000
Körfuknattleiksdeild Íþr.f. Hamars	Landsliðsval, tveir einstaklingar	100.000
Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs	Landsliðsval, fimm einstaklingar	250.000
Umf. Gnúpverja	Nýjung í starfi, borðtennisæfingar	40.000
Umf. Hekla	Fimleikanámskeið, tveir einstaklingar	20.000
	Samtals	1.460.000

Sérstök úthlutun sjóðsstjórnar 2021:

Í 9. grein reglugerðar sjóðsins segir: „Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki úr sjóðnum vegna framúrskarandi árangurs einstaklinga og liða, án þess að umsókn hafi borist.“ Sjóðsstjórn ákvað á árinu eftirfarandi viðmiðunartölur vegna titla í fullorðinsflokki í boltagreinum: 400.000 fyrir Íslandsmeistaratitil, 200.000 fyrir bikarmeistaratitil og 100.000 fyrir deildarmeistaratitil.

Nafn	Ástæða úthlutunar	Úthlutun
Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Íþróttakona HSK 2020	75.000
Breki Bernhardsson	Íþróttakaril HSK 2020	75.000
Umf. Þór, körfuknattleiksdeild	Íslandsmeistaratitill karla í körfuknattleik	400.000
Íþr.f. Hamar, blakdeild	Deildar-, bikar- og Íslandsmeistaratitill í blaki karla	700.000
	Sérstök úthlutun samtals	1.250.000
	Samtals úthlutun 2020	3.287.500

Íþróttakarlar og íþróttakona HSK kosin í þriðja sinn

Reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK var breytt á héraðsþingi 2018. Í fjórða sinn í sögu HSK var íþróttakarlar og íþróttakona HSK valin úr röðum þeirra sem tilnefndir eru í einstökum greinum. Valnefndin valdi **Heiðrúnu Önnu Hlynsdóttur** sem íþróttakonu HSK 2021 og **Styrmir Snæ Þrastarson** sem íþróttakarlar HSK 2021.



Golf
Íþróttakona HSK 2021
Heiðrún Anna Hlynsdóttir, GOS

Heiðrún spilaði á Evrópumóti kvenna með A-landsliði Íslands og er ein af fimm efstu íslenskra kvenna á Heimslista Áhugamanna í golfi. Hún endaði í 3. sæti á Íslandsmótinu í golfi sem er besti árangur Golfklúbbs Selfoss í kvennaflokki. Hún var í topp 10 á öllum mótum GSF og á tveimur sterkum háskólámótum í USA.



Körfuknattleikur
Íþróttakarlar HSK 2021
Styrmir Snær Þrastarson, Þór

Styrmir Snær er einn efnilegasti körfuboltamaður landsins og Íslandsmeistari með Þór 2021. Hann var lykilleikmaður í meistaraflokki Þórs og átti stóran þátt í að Íslandsmeistaratiillinn vannst. Styrmir var valinn í úrvalslið Dominosdeildar KKÍ og einnig valinn besti ungi leikmaður Íslandsmótsins. Árið 2021 var Styrmir valinn í 20 ára landslið Íslands sem keppti í Eistlandi og auk þess keppti hann með karlalandsliði Íslands í lokaumferð forkeppni að HM 2023 í Eistlandi. Í haust hélt Styrmir Snær til Bandaríkjanna en hann hefur samið við lið Davidson Wildcats og tekur þátt í bandaríska háskólaboltanum á næstu árum.

Ævar Kári Eypórsson, Selfoss

Ævar Kári er fæddur 2005 og hefur æft fimleika hjá deildinni í mörg ár. Hann leggur sig vel fram á æfingum og uppsker eins og hann sáir. Hann hefur verið lykilmáður í sínu liði síðustu ár og var á árinu 2021 valinn í æfingahóp hjá blönduðu landsliði unglinga fyrir EM.



Frjálsíþróttir
Eva María Baldursdóttir, Selfoss

Eva María hástökkvari tók þátt í tveimur landsliðsverkefnum á árinu en hún keppti á Evrópubikarkeppni landsliða þar sem hún stökk 1,69m og endaði í 8. sæti. Hún keppti einnig á Evrópumeistaramóti U-20 í Tallin í Eistlandi þar sem hún náði sér ekki á strik og komst ekki í úrslit. Hún gerði gott mót á mótum innanlands og sigraði t.d. RIG international með stökki uppá 1,78 cm sem er hennar besta stökk innanhúss og hæsta stökk ársins á Íslandi bæði innan og utanhúss. Hún varð Íslandsmeistari í flokki 18-19 ára bæði innan og utanhúss auk þess sem hún sigraði Meistaramót Íslands þrátt fyrir mjög slæmar keppnisáðstæður.



Örn Davíðsson, Selfoss

Örn er kominn aftur í raðir Umf. Selfoss eftir að hafa verið árum saman í FH. Örn keppti á nokkrum mótum á árinu 2021 og kastaði spjótinu 62,67m á héraðsmóti HSK í sumar sem skilaði honum í 3. sæti á afrekalista ársins á Íslandi auk þess sem hann er einnig ofarlega á afrekaskránni í kringlukasti. Örn er að æfa af kappi og stefnir ótrauður á keppnisvöllinn 2022.



Akstursíþróttir
Steingrímur Bjarnason, Torfærklúbbi Suðurlands

Steingrímur náði þeim frábæra árangri í sumar að verða Íslandsmeistari götubílaflokki í torfæru og einnig keppti hann í sandsþyrnu. Steingrímur tók þátt í öllum sex umferðum Íslandsmótsins í torfæru þetta árið, hann var í mikilli baráttu fram að síðustu umferð Íslandsmótsins. Steingrímur sýndi flottan akstur í allt sumar og frábær tilþrif.



Blak
María Rósa Einarsdóttir, Dímon-Heklu

María Rósa er búin að vera í blakdeild Dímonar frá stofnun félagsins 1997. Hún hefur starfað bæði í stjórn þess og sem leikmaður. Hún er lykilleikmaður í liðinu og hefur spilað með því í 3. deild og HSK mótum undanfarin ár með góðum árangri. Hún bætir og styrkir liðið í öllum leikjum þess og skilar alltaf sínu. Fljót að læra nýja hluti og bæta sig sem leikmaður. Hefur sjaldan verið sterkari en núna. María Rósa hefur líka unnið að blakmálum fyrir HSK undanfarin ár.



Ragnar Ingi Axelsson, Hamri

Ragnar hóf sinn blakferil, líkt og margir aðrir, í Neskaupstað. Í fyrra gekk Ragnar til liðs við nýliða Hamars í Úrvalsdeild karla og spilaði lykilhlutverk í liðinu, vann alla þrjá stóru titlana sem í boði voru á tímabilinu en Hamar varð deildar-, Íslands- og bikarmeistari í vor. Ragnar var valinn í lið ársins í uppgjöri Úrvalsdeildar að keppnistímabilinu loknu. Ragnar Ingi leikur í stöðu frelsingja og hefur verið einn besti varnarmaður úrvalsdeildarinnar á liðnum árum. Ragnar Ingi er leikmaður A landsliðsins og á að baki 15 leiki og hefur einnig leikið með öllum yngri landsliðum Íslands.



Fimleikar
Karólína Helga Jóhannsdóttir, Selfoss

Karólína er fædd 2005 og hefur æft fimleika hjá fimleikadeildinni á Selfossi frá unga aldri og kemur af mikilli fimleikafjölskyldu. Hún hefur verið lykilmanneskja í sínu liði frá því hún steig fyrst á keppnisgólfið. Hún er hógvær, metnaðarfull og samviskusöm. Hún er ein fremsta fimleikakona landsins í dag og var valin í stúlknaði Íslands sem keppti hönd á Evrópumóti í desember 2021 þar sem liðið lenti í 2. sæti eftir harða keppni um gullíð.



Glíma
Jana Lind Ellertsdóttir

Jana Lind hampaði Freyjumeninu í annað sinn þegar hún sigraði Íslandsglímunu í maí. Hlaut hún einnig fegurðarglímuverðlaun við sama tilefni. Þá varð hún bikarmeistari í -70 kg flokki ásamt því að hafna í þriðja sæti í opnum flokki á sama móti. Jana Lind er öflug glímukona sem stendur vel að íþrótt sinni og er öðrum iðkendum sönn fyrirmynd.



Golf
Aron Emil Gunnarsson, GOS

Aron Emil átti frábært ár en hann er orðinn mikilvægasti leikmaður GOS. Á Íslandsmóti golfklúbba náði GOS sínum besta árangri þegar liðið spilaði í 1. deild og náði 3. sætinu. Aron Emil sigraði alla sína leiki í mótinu. Hann varð í 3. sæti á Íslandsmóti unglinga og varð í 6. sæti í GSF mótariðinni. Aron Emil var valinn A landsliðshóp Íslands fyrir árið 2021. Hann toppaði síðan gott sumar þegar hann sigraði á alþjóðlegu móti í Hollandi í október.



Handknattleikur

Tinna Sigurðs
Tinastradóttir, Selfoss

Tinna er lykilleikmaður í liði Selfoss sem leikur í Grill-66 deildinni þar sem liðið er í baráttu um að vinna sér sæti í Olísdeildinni. Tók hún þátt í öllum landsliðsverkefnum ársins í sínum aldursflokki þar sem hennar lið var hársbreidd frá því að vinna sér sæti í A-keppni Evrópumótsins. Tinna hefur verið að stimpla sig inn sem einn efnilegasti leikmaður landsins.



Hergeir Grímsson, Selfoss

Hergeir æfir og spilar handknattleik með Umf. Selfoss í Olísdeildinni sem miðjumaður og vinstri hornamaður. Hergeir er fyrirliði meistaraflokks karla sem endaði í 4. sæti Olísdeildarinnar í vor og spilaði í 8-liða úrslitum Íslands mótsins. Einnig spilaði hann lykhillutverk í Evrópuleikjum Selfoss í haust. Hergeir er lykilmáður á báðum endum vallarins í sterku liði Selfoss. Hergeir var markahæsti leikmaður Selfoss á síðasta keppnistímabili ásamt því að vera valinn sóknarmaður ársins á lokahófi deildarinnar síðastliðið sumar.



Hestaíþróttir

Glódís Rún Sigurðardóttir, Sleipni

Glódís Rún er fjórfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki auk þess að vera í úrslitum og í efstu sætum á öllum stærstu mótum ársins. Þrátt fyrir ungan aldur er hún einn sigursælasti knapi sem Sleipnir hefur átt. Hún hefur átt fast sæti í U21 frá því hún hafði aldur til. Hún er knapi ársins og íþróttknapi Sleipnis árið 2021.



Sigursteinn
Samrliðason, Sleipni

Sigursteinn er knapi sem hefur náð góðum árangri í mörgum ólíkum greinum hestaíþróttar. Hann er fyrsti knapinn til að vinna bæði A og B flokks skjöld Sleipnis á sama árinu, 2021. Hann átti besta tímann á Íslandi í 250 m skeiði á Krókusi frá Dalbæ á tímanum 21,44. Er sigurvegari í 150 m skeiði í meistaradeild hestaíþróttar 2021 og varð í 4. sæti sem einstaklingur í sömu keppni.



Íþróttir fatlaðra
Sigríður Sigurjónsdóttir, Suðra

Íþróttgreinar sem Sigríður æfði á árinu voru kastgreinar og lyftingar. Sigríður hafnaði í verðlaunasætum í kúluvarpi á flestum mótum sem hún tók þátt í. Einnig vann hún til verðlauna í kringlukasti og sleggjukasti á nokkum mótum. Hún keppti á mörgum mótum bæði fyrir fatlaða og ófatlaða. Hún tók þátt í alþjóðlegu afraunamóti í Keflavík. Þar setti hún Íslandsmet í réttstöðulyftu 140kg og hafnaði þar í öðru sæti sem sterkasta fatlaða kona heims. Sigríður er öflug í félagsstarfi Suðra og er mikil fyrirmynd utan vallar sem innan. Hún hefur einnig haldið kynningar í skólum um íþróttir fatlaðra sem er mikil áskorun og góð reynsla.



Árni Bárðarson, Suðra

Árni hefur æft golf í nokkur ár með Íþróttafélaginu Suðra. Hann sigraði á héraðsmóti HSK í golfi fatlaðra árið 2021. Árni er samvirkusamur, mætir mjög vel á æfingar og var til fyrirmyndar innan vallar sem utan.



Júdo
Egill Blöndal, Selfoss

Egill Blöndal er einn af öflugustu júdomönnum á Íslandi. Hann er núverandi Íslandsmeistari seniora í -90 kg. í júdo. Egill þjálfar unglinga, fulloröna og meistaraflokk. Egill var valinn í landsliðið, en ekkert var keppt vegna Covid.



Knattspyrna
Áslaug Dóra
Sigurbjörnsdóttir, Selfoss

Áslaug Dóra er ein af lykll leikmönnum meistaraflokksliðs kvenna, þrátt fyrir ungan aldur er Áslaug orðin einn leikreyndasti leikmaður kvennaliðs Selfoss. Áslaug Dóra hefur verið atkvæðamikil með landsliðum Íslands. Á þessu ári var hún hún fyrirliði U19 ára liðs kvenna sem endaði í þriðja sæti í sínum riðli í undankeppni EM 21/22.



Jón Vignir Pétursson, Selfoss

Jón Vignir hefur undanfarin ár sannað sig sem frábær leikmaður og einn af framtíðarmönnum meistaraflokks karla í knattspyrnu. Jón lék 12 leiki í Lengjudeild karla árið 2021 ásamt því sem lék flesta leiki 2. flokks karla. Jón var á árinu í æfingahópum U19 ára landsliðs Íslands og í júní var hann valinn í lokahóp liðsins sem fór í verkefni erlendis.



Körfuknattleikur
Dagný Lís Davíðsdóttir, Hamar-Þór

Dagný Lís kom til liðs við Hamar-Þór í mars árið 2021 eftir 7 ára búsetu í Bandaríkjunum við nám. Dagný Lís stóð sig feikna vel með Hamar-Þór þar sem hún leiddi unga liðsfélaga sína til 8 liða úrslita í Íslandsmóti. Með Hamar-Þór þá var Dagný Lís með 27,2 stig að meðaltali í leik og 13,7 fráköst í leik. Þetta er í 6 leikjum með félaginu. Svo bættust við tveir leikir í úrslitakeppninni. Þá var Dagný Lís með 41,5 stig að meðaltali, 17,5 fráköst og 3,5 varin skot í leik.



Lyftingar
Bjarki Breiðfjörð
Bjarnsson, Selfoss

Bjarki hefur bætt sig svakalega í samanlagðri þyngd, snörun og jafnhendingu alls 25 kg. Hann setti tvö ný Íslandsmet á árinu í sínum aldursflokki og á því alls fjögur Íslandsmet. Hans besta frammistaða á móti eru 105 kg í snörun og 116 kg í jafnhendingu sem gerir 221 kg í samanlagðri þyngd. Bjarki varð Norðurlandameistari í Ólympískum lyftingum í flokki U-20 í -73 kg flokki á móti í Noregi í nóvember.



Mótókross
Silja Haraldsdóttir, Þór

Silja flutti til Þorlákshafnar 2019. Hún er fædd 1989 og er tveggja barna móðir. Silja byrjaði að keppa í motocrossi fyrir um 14 árum. Silja ákvað að keppa í 30 ára+ flokki kvenna nú í ár en það gerði hún til að hvetja 6 ára son sinn, Mána Mjölni til að æfa og keppa í mótókrossi. Silja náði 2. sæti til Íslandsmeistara í þeim flokki. Silju einkennir þrautseigja og dugnaður í íþróttinni og svo sannarlega er hún fyrirmynd barna sinna og annarra í sportinu.



Skotíþróttir
Hákon Þór Svavarsson, SFS

Hákon keppti á tveimur mótum erlendis árið 2021, á Heimsbikarmóti í Lonato á Ítalíu og Evrópumeistaramóti í Osijek í Króatíu. Hákon varð stigameistari STÍ og var með hæsta skor landsins og einnig hæsta meðalskor.



Sund
Hallgerður
Höskuldsdóttir, Selfoss

Hallgerður náði lágmarkum á Aldursflokksmeistarmót Íslands og stóð sig með þryði. Hallgerður er burðarás í liði Selfoss sem sigrað hefur á allflestum sundmótum HSK síðustu þrjú ár. Hallgerður synti vel á Aldursflokksmóti HSK. Hún sýndi góðar framfarir á árinu og er sífellt að synda lengri og erfiðari æfingar og því má vænta mikils af henni á árinu 2022. Hún er frábær félagi og fyrirmynd. Einstaklega jákvæð og getur náð langt ef hún heldur áfram á sömu braut.



Taekwondo
Dagný María Pétursdóttir, Selfoss

Dagný varð í 3. sæti á Íslandsmeistaramóti í bardaga árið 2021. Það er frábært fyrir deildina á Selfossi að eiga svona frábæra íþróttakonu eins og Dagnýju Maríu. Hún mætir á allar æfingar og æfingarbuðir sem deildin tekur þátt í. Verður örugglega valin í landsliðið, þegar þau mál verða komin í lag aftur. Hún er ein af fimm bestu bardagakonum Íslands.



Björn Jóel Björgvinsson, Selfoss

Björn Jóel varð Íslandsmeistari í bardagaflokki Cadet þriðja árið í röð. Hann mætir á allar æfingar og æfingarbuðir sem deildin tekur þátt í og verður örugglega valinn í landsliðið þegar þau mál verða komin í lag aftur. Björn Jóel er mjög efnilegur bardagamaður og það verður mjög gaman að fylgjast með honum í framtíðinni.



Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag
Unglingabíkar HSK
Foreldrarstarfsbikar HSK
Öðlingur ársins

Umf. Selfoss
Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs
Ungmennafélagið Hvöt
Sigmundur Stefánsson, Umf. Selfoss

Unglingabíkar HSK 2021

Mikil gróska hefur verið í yngri flokka starfi körfuknattleiksdeildar Umf. Þórs undanfarin ár en mikil áhersla hefur verið á að hafa vel menntaða og góða þjálfara sem er lykillinn að góðu gengi og fyrirmyndar starfi deildarinnar. Meistaraflokkar deildarinnar eru fyrirmyndir yngri iðkenda og hafa um leið hvetjandi áhrif á yngri kynslóðina. Um 110 krakkar, 4 – 20 ára, eru að æfa hjá deildinni. Yngri flokkar deildarinnar hafa staðið sig vel undanfarin ár og tekið þátt í Íslandsmótum KKÍ, en einnig hefur stjórn deildarinnar haft frumkvæði að samstarfi fleiri félaga í yngri flokkum KKÍ til að styrkja fámenna flokka og félög á landsbyggðinni. Nokkrir flokkar hjá Þór hafa á undanförunum árum verið í samstarfi við önnur lið á Suðurlandi.

Deildin hefur lagt áherslu á að virkja og efla bæði stráka og stelpur til að taka þátt í körfubolta og sjálfbóðaliðsstörfum. Má segja að uppbyggingastarfið hafi skilað flottum iðkendum sem hafa oft en ekki verið að etja kappi við bestu lið landsins í yngri flokkunum og leikið með yngri landsliðum KKÍ. Síðast liðið vor varð sameiginlegt stúlknaði Þórs, Hamars, Selfoss og Hrunamanna Íslandsmeistarar í 10. flokki. Í þessum hópi eru efnilegar stelpur sem eru einnig að æfa og leika með sameiginlegu liði Hamars-Þórs í meistaraflokki kvenna.

Deildin statar líka af mörgum ungum og efnilegum strákum sem hafa verið með bestu og efnilegustu drengjum landsins undanfarin ár og verið lykilleikmenn í yngri landsliðum KKÍ. Þessir strákar hafa byggt grunninn að sterkum meistaraflokki sem hefur fest sig í sessi í efstu deild. Uppskeyra þeirrar uppbyggingar má sannarlega þakka að Íslandsmeistaratitillinn í karlaflokki vannst svo eftirminnilega síðasta sumar.

Í deildinni starfa fjöldi sjálfbóðaliða sem eru iðkendur, foreldrar, stuðningsmenn, ömmur og afar. Þeirra framlag er seint þakkað en þegar allir leggjast á eitt með að skapa góða umgjörð um starfið gerist eitthvað stórkostlegt.

Foreldrarstarfsbikar HSK 2021

Fyrir nokkrum árum var skipt um stjórn í félaginu og stjórnin þá einungis skipuð fólki sem á börn á grunnskólaaldri. Þessir foreldrar fóru inn í stjórn með það í huga að efla barnastarfið en það hafði legið niðri að mestu leiti í einhvern tíma. Með það að markmiði að boðið væri upp á 2-3 mismunandi íþróttæfingar á viku var haldið af stað um haustið. Stjórnin var svo heppin að fá þrjú góða þjálfara þannig að starfið fór af stað af krafti og flest börn á mið- og yngsta stigi skólans tóku þátt í starfinu. Síðan þá hefur starfið haldist á góðu róli.

Það að starfið haldi áfram byggist á því að í stjórn eru foreldrar sem vilja halda því þannig að boðið sé upp á íþróttastarf í sveitarfélaginu fyrir börnin og þó að skipt hafi verið um einhverja stjórn hefur það haldist þannig að í stjórn er fólk sem á börn í félaginu. Þá er einnig auðvelt að biðja aðra foreldra um aðstoð ef á þarf að halda í starfinu.

Það er enn verið að byggja upp starfið. Vitað er að í litlu samfélagi, eins og hjá Hvöt er ekki hægt að



Sameiginlegt körfuknattleikslíð Þórs, Hamars, Selfoss og Hrunamanna varð Íslandsmeistari í 10. flokki stúlkna 2021.



Sigmundur öðlingur ársins.

koma til móts við þá sem vilja sérhæfa sig í einhverri íþrótt, en mikilvægt er að vinna í grunninum. Aukið hefur verið framboð æfinga fyrir fullorðna og í vetur eru fótþolti, körfubolti og blak í töflunni. Stefnt er að því af fá unglíngana inn í starfið og með auknum æfingum fullorðinna er vonast til að þau komi inn í einhverja hreyfingu og þá jafnvel með foreldrum sínum eins og dæmi er um.

Öðlingur ársins 2021

Öðlingur ársins er Sigmundur Stefánsson frá Selfossi. Sigmundur hóf ungur að stunda íþróttir með Umf. Selfoss og varð sunnið hans aðalgrein þó að hann hafi einnig tekið þátt í hlaupum. 12 ára gamall keppti hann á sínu fyrsta Landsmóti á Laugarvatni 1965 í 800

m skriðsundi og varð í 6. sæti og náði í eitt stig. Að auki keppti hann á tveimur landsmótum til viðbótar.

Sigmundur fylgdi íþróttaiðkun barna sinna eftir með því að sinna starfi í kringum íþróttir þeirra. Hann sat m.a. í aðalstjórn Umf. Selfoss og var nokkur ár sem formaður, auk þess að vera í stjórn knattspyrnudeildar félagsins, þá sat hann einnig í stjórn KSÍ á þessum árum.

Starfsferill Sigmundar helgaðist af áhuga á íþróttum og starfaði hann stærstan hluta starfsævinnar við stjórnun íþróttamannvirkja á Selfossi og tengdist þar með beinum hætti starfi íþróttafélaganna í sveitarfélaginu.

Eftir að hafa sinnt starfi í kringum íþróttir barna sinna fór hann ásamt eiginkonu sinni að huga að eigin heilsu og íþróttaiðkun, þau þá komin á fimmtugsaldurinn. Sigmundur hefur að mestu stundað langhlaup en hann á tæplega 30 maraþon hlaup hér heima og erlendis, má geta þess til gamans að hann hefur hlaupið maraþon á Kína múnnum. Þá á hann hann fjólda 1/2 maraþon hlaupa og 10 km hlaupa. Sigmundur var með fyrstu Íslendingum er keppti í Ironman en þessi íþrótt er talin með þeim erfiðari sem keppt er í. Þegar Sigmundur ákvað að keppa í þriðrautinni byrjaði hann aftur að æfa sund og fór að keppa á Garpasundmótum og keppti m.a. á Íslandsmeistararmótum og á Norðurlandamóti Garpa. Á seinni árum hafa fjallahlaup svo komið mjög sterkt inn hjá honum og hefur hann m.a. hlaupið Laugarveginn fjórum sinum en hann er 55 km. og einnig 42,2 km. fjallahlaup í Sviss.

Auk þess sem að framan er talið þá hafa göngu- og svigskíði, fjallgöngu, hjólríðar og kajakróður verið þær íþróttagreinar er hann hefur stundað samhliða hlaupunum síðastliðin 25 ár.

Guðbjörg sæmd silfurmerki HSK

Stjórn HSK ákvað að veita Guðbjörgu Viðarsdóttir silfurmerki HSK og veitti hún merkinu viðtöku á aðalfundi frjálsíþróttaráðs HSK.

Guðbjörg á skráðan margan árangur í afrekaskrá Frjálsíþróttasambands Íslands, sá fyrsti skráður 31.07 1983, þá 12 ára á móti í Reykjavík og kastaði kúlu 7,96 mtr. Sá síðasti sem skráður er í afrekaskrána, er frá 3. september 2021 á Kastþraut Óla Guðmunds. Köstin hafa alltaf verið hennar helstu greinar, kúluvarp, sleggjukast og kringslukast. Hún æfði og keppti í mörg ár og var mikilvægur hlekkur í liði HSK á þeim árum. Hún hóf feril sinn í UMF Dagsbrún í Landeyjum þar sem hún ólst upp. Eftir að keppni lauk hefur hún sinnt leiðtoga hlutverkinu í því að þjálfa börn og unglinga í frjálsum íþróttum og tekist vel til. Hvar sem hún fer er starfið rífið upp og hvergi slegið slöku við. Í dag er hún þjálfari hjá UMF Hrunamanna og má með sanni segja að þar er hún lykilmanneskja í að halda frjálsum íþróttum á lofti. Það er með ánægju sem stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins hefur ákveðið að veita henni silfurmerki sambandsins fyrir allt hennar góða starf á sambandsvæðinu.



Helgi S. Haraldsson varaformaður HSK afhenti Guðbjörgu silfurmerki HSK á aðalfundi frjálsíþróttaráðs HSK.



Hluti keppenda á héraðsmóti í judó.

HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK

Héraðsmót HSK í judó

Héraðsmót HSK í judó fyrir keppendur 15 ára og yngri fór fram á Selfoss í desember og var mótið tvískipt. Um 50 krakkar tóku þátt og komu þau frá Umf. Selfoss. Úrslit mótsins má sjá á www.hsk.is.



Hluti keppenda á héraðsmóti í judó.

HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum

Í nóvember 2017 gerðu forsvarsmenn HSK og Dagskrárinna samkomulag um að héraðsblaðið myndi birta fréttir úr starfi HSK. Síðan þá hafa nær vikulega verið birtar fjöldamargar greinar á síðum blaðsins.

Undanfarin ár hefur einnig mikið af fréttum frá HSK birst á sunnlenska fréttavefnum sunnlenska.is og þá hefur útvarpsstöðin Suðurland FM fjallað talsvert um íþróttir og starfsemi HSK.



Heimasíða HSK

Árið 2015 var útliti síðunnar breytt, en heimasíðan er einnig hönnuð fyrir spjaldtölvur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og sér það um tæknilega aðstoð við viðhald hennar. Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostnaði síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn. Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið í viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.



Ársskýrslu HSK má sjá á hsk.is

Fyrsta prentaða ársskýrsla sambandsins kom út á héraðsþingi árið 1966. Skýrslurnar hafa síðan ýmist verið prentaðar eða ljósritaðar. Undanfarin ár hefur ársskýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.

Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótt- og ungmennafélagsstarf í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Ársskýrslur síðustu ára má sjá á www.hsk.is.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga og sérráða HSK og einnig á nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila að jafnaði einu sinni í viku.

Þakkar til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfböðavinna, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

Fundir, þing og ráðstefnur:

Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.

Fjarþing HSK á netinu tókst vel

99. héraðsþing HSK var haldið sem fjarþing á netinu fimmtudaginn 29. apríl 2021. Þingið stóð í einn og hálfan tíma og tókst vel, en þetta er í fyrsta sinn í sögu sambandsins sem þingið er haldið með þessum hætti. Þinginu var stýrt úr Selinu á Selfossi og samtals mættu 79 fulltrúar og gestir á þingið með þessu nýja Teams formi sem flestir kannast orðið við á tímum heimsfaraldurs.

Valnefnd sambandsins valdi kyflinginn Heiðrúnu Önnu Hlynisdóttur, Golfklúbbi Selfoss og júdomanninn Breka Bernhardsson, Umf. Selfoss, íþróttafólk ársins 2020 hjá Héraðssambandinu Skarphéðni og mættu þau bæði í Selu til að taka við verðlaunum og styrk úr Verkefnasjóði HSK.

Að auki voru veittar árlegar viðurkenningar frá sambandinu. Æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Sleipnis hlaut unglingsbikar HSK, Golfklúbbur Selfoss hlaut foreldrarstarfbikar HSK og Ungmennafélag Selfoss sigraði í heildarstigakeppni sambandsins 2020. Þá var Sigmundur Stefánsson, Umf. Þjótanda, útnefndur öðlingur ársins.

Litlar breytingar urðu á stjórn og nefndum sambandsins.

Stjórn HSK skipa þau Guðríður Adnegard formaður, Helgi S. Haraldsson varaformaður, Guðmundur Jónasson gjaldkeri, Anný Ingimarsdóttir ritari og Jón Þröstur Jóhannesson meðstjórnandi. Varastjórn skipa þau Gestur Einarsson, Olga Bjarnadóttir og Baldur Gauti Tryggvason.

Ársskýrsla sambandsins kom út á þinginu og hana má nálgast á www.hsk.is, undir liðnum fundargerðir.

75. Íþróttþing ÍSÍ

Fyrri hluti

75. Íþróttþing ÍSÍ var haldið í formi fjarþings föstudaginn 7. maí 2021. Þinghaldinu lauk ekki þennan dag, heldur var því frestað til 9. október 2021.

Fjöldi þingfulltrúa á kjörbréfum voru samtals 217. Frá 31 sérsambandi af 33 voru skráðir 105 fulltrúar og frá 24 af 25 íþróttahéruðum voru skráðir 110, auk tveggja fulltrúa frá Íþróttamannanefnd ÍSÍ. Fulltrúar HSK á þinginu voru Guðríður Adnegard, Helgi S. Haraldsson, Guðmundur Jónasson, Anný Ingimarsdóttir, Gestur Einarsson, Engilbert Olgeirsson og Gissur Jónsson.

Á þinginu fóru fram kosningar til embættis forseta og til sjö meðstjórnenda í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Lárus L. Blöndal var einn í framboði til embættis forseta ÍSÍ og var því sjálfkjörinn í embættið til næstu fjögurra ára. Lárus varð forseti ÍSÍ árið 2013 og hefur gegnt embættinu síðan.

Ellefu einstaklingar buðu sig fram í sjö sæti meðstjórnenda í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Eftirfarandi hlutu kosningu til næstu fjögurra ára: Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Úlfur Helgi Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson og Þórey Edda Elisdóttir. Að auki var fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, staðfest sem meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ til næstu tveggja ára.

Fyrir sitja í framkvæmdastjórn ÍSÍ: Ása Ólafsdóttir, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir og Olga Bjarnadóttir.

Stjórn ÍSÍ lagði fram nokkrar tillögur og var afgreiðsla og umfjöllun um flestar þeirra frestað til framhaldsþingsins í haust.



Val á íþróttakonu og íþróttakarli HSK 2020 var kunngjört á héraðsþingi 2021. Heiðrún Anna og Breki voru valin.



Fulltrúar HSK á þingi ÍSÍ, ásamt Olgu Bjarnadóttur sem á sæti í stjórn ÍSÍ.

Seinni hluti

Framhaldsþing 75. Íþróttþings ÍSÍ fór fram í Gullhörmrum í Grafarholti laugardaginn 9. október. Á tímum kórónuveirufaraldursins hafa fundir verið nær einungis haldnir í gegnum fjarbúnað og því var kærkomið fyrir sambandsaðila og forystu ÍSÍ að fá loks tækifæri til að hittast. Þingnefndir störfuðu síðdegis daginn fyrir þingi Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ ávarpaði þingið og tæpti á því helsta sem drifið hefur á daga íþróttahreyfingarinnar frá því að fyrri hluti þingsins fór fram, í maí síðastliðnum. Hann ræddi meðal annars þau mál sem upp hafa komið undanfarna mánuði, í tengslum við landslið KSÍ, viðbrögð hreyfingarinnar

og vinnslu á úrlausnum. Hann skýrði frá þeim starfshópum sem nú þegar eru að störfum og skila af sér á næstu mánuðum og þeirri miklu áherslu sem lögð er á að skerpa verkferla, skapa heimildir og úrræði fyrir alla hreyfinguna svo að tryggja megi betur öryggi allra þátttakenda í hreyfingunni.

Sjö tillögur lágu fyrir þinginu og þrjár tillögur urðu til í meðförum þingnefnda.

Sigurbjörg Sigurpáldóttir samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs kynnti starfsemi embættisins og Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir skýrði frá starfi starfhópa sem hún leiðir varðandi verkferla, heimildir og viðbragðsáætlanir.

Stjórnarfundir HSK árið 2021

Stjórn HSK fundaði átta sinnum árið 2021 og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundirnir voru haldnir í Selinu á Selfossi. Formaður, gjaldkeri og ritari áttu sæti í framkvæmdastjórn sambandsins. Framkvæmdastjórnin fundaði einu sinni á starfsárinu. Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

Mætingar á stjórnarfundum HSK 2021

	19/1	23/2	23/3	25/5	31/8	23/9	12/10	30/11	2/11
Guðríður	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Guðmundur	x	x	x	x	x	x	x		x
Helgi	x	x	x		x			x	
Anný	x	x		x	x	x		x	x
Jón Þröstur	x	x	x			x	x	x	
Baldur Gauti	x		x					x	
Gestur	x	x			x				
Olga	x		x				x		
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x	x	x

Mæting á framkvæmdastjórnarfundum HSK 2021

Á þinginu voru veittar heiðursviðurkenningar til forystufólks úr íþróttahreyfingunni. Meðal þeirra sem hlutu viðurkenningu voru Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK sem var sæmdur heiðurskrossi ÍSÍ og Selfyssingurinn Þráinn Hafsteinsson hlaut gullmerki ÍSÍ. Þá var Guðmundur Ágúst Ingvarsson gerður að heiðursfélaga ÍSÍ, en hann er nú búsettur í Holtunum og tók við á árinu sem formaður GHR.

Nánari upplýsingar um það helsta frá 75. Íþróttþingi ÍSÍ má finna á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is.

Þing Ungmennafélags Íslands

Jóhann Steinar Ingimundarson frá UMSK var kjörinn nýr formaður UMFÍ á þingi sambandsins sem haldið var á Húsavík helgina 15. – 17. október 2021. Hann tók við af Hauki Valtýssyni, sem gegnt hefur embætti formanns frá árinu 2015 og ákvað að gefa ekki kost á sér að nýju. Jóhann, sem átti sæti í stjórn sem varaformaður, var einn í framboði til formanns og því sjálfkjörinn.

Málfríður Sigurhansdóttir frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) kom ný inn í stjórnina, en aðrir aðalstjórnarmenn voru endurkjörnir, þau Gunnar Þór Gestsson frá Ungmennasambandi Skagafjarðar (UMSS), Ragnheiður Högnadóttir frá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu (USVS), Guðmundur Sigurbergsson frá Ungmenna-sambandi Kjalarnesþings (UMSK), Gunnar Gunnarsson, Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands (ÚÍA), og Sigurður Óskar Jónsson frá Ungmennasambandinu Úlfjótí (USÚ).

Í varastjórn voru endurkjörin þau Hallbera Eiríksdóttir frá Ungmennasambandi Borgarfjarðar (UMSB), Lárus B. Lárusson frá Ungmennasambandi Kjalarnesþings (UMSK) og Gissur Jónsson frá Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK). Guðmunda Ólafsdóttir frá Íþróttabandalagi Akraness (ÍA) var kjörin ný inn í varastjórn.

HSK átti rétt á að senda 11 fulltrúa á þingið. Þau sem mættu og voru með atkvæðisrétt voru þau Guðríður Aadnegard, Engilbert Olgeirsson, Gestur Einarsson, Guðmundur Jónsson, Guðrún Tryggvadóttir, Helgi S. Haraldsson, Markús Ívarsson, Olga Bjarnadóttir, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Sólmundur Magnús Sigurðarson og Þórir Haraldsson.

Fjöldmörg mál voru til umfjöllunar á þinginu og tókst þinghaldið vel. UMFÍ heiðraði bæði félög og einstaklinga á þinginu. Meðal þeirra sem voru heiðruð voru hjónin Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Gunnhildur Hinriksdóttir, en þau hlutu gullmerki UMFÍ. Þau voru um árabíl virki á starfi á sambandssvæði HSK.

Nánari fréttir frá þinginu í máli og myndum má sjá á www.umfi.is.

Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ 2021 fór fram á Teams 8. desember 2021. Fundurinn var í styttra lagi í ljósi þess að stutt er frá framhaldsþingi ÍSÍ sem fór fram í októbermánuði. Fundinn situr framkvæmdastjórn ÍSÍ ásamt formönnum og framkvæmdastjórum sérsambanda og íþróttahéraða ÍSÍ. Guðríður Aadnegard og Engilbert Olgeirsson voru fulltrúar HSK á fundinum.

Ásmundur Einar Daðason, sem nýverið tók við ráðherrastóli sem mennta- og barnamálaráðherra og er einnig ráðherra íþróttamála, var gestur fundarins. Hann fundaði einnig með forystufólki ÍSÍ og heimsótti skrifstofur nokkurra sérsambanda áður en fundur hófst. Ráðherra sagðist hlakka til að starfa með íþróttahreyfingunni næstu fjögur árin og vænta mikils af samstarfinu. Hann minntist á helstu verkefni sem framundan eru, þar á meðal uppbyggingu þjóðarleikvangs. Einnig ræddi hann mikilvægi



Fulltrúar HSK á þingi UMFÍ.

sjálfböðaliða í íþróttastarfinu og þær áskoranir sem hreyfingin hefur mætt síðustu misserin. Ráðherra sagðist vona að fram næst betri og heildstæðari þjónusta við börn og ungmenni í landinu með því að hafa málefni barna, menntun, æskulýðs- og íþróttastarf undir sama hattinum. Hann sagðist vilja sjá íþróttahreyfinguna í landinu koma sterka inn á því sviði og sagðist reiða sig á leiðsögn frá hreyfingunni um málefni sem tengjast íþróttastarfinu.

Forseti ÍSÍ skýrði helstu niðurstöður úr skýrslu úttektarnefndar ÍSÍ á málefnum KSÍ en skýrslan var kynnt á blaðamannafundi í Laugardal daginn áður. Hann sagði mikilvægt að fá niðurstöðu nefndarinnar en enn væri vinnuhópur að störfum um verkferla og heimildir fyrir alla íþróttahreyfinguna. Á fundinum var farið stuttlega yfir stöðu mála varðandi verkefni og fjárhag ÍSÍ og helstu verkefni sem framundan eru. Málefni tengd kórónuveirufaraldrinum eru enn ofarlega á baugi í hreyfingunni enda ennþá takmarkanir á samkomum, sem hafa í för með sér mikið tekjutap fyrir sambönd og félög í hreyfingunni. Aukinn kostnaður vegna sóttvarnaaðgerða hefur einnig áhrif á rekstur eininga í hreyfingunni.

Frábær mæting var á fundinum en um 90 manns af öllu landinu tóku þátt í gegnum Teams.

Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjöldmörg þing sérsambanda á árinu. Sambandið

á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sérsambanda. Landeyingurinn Freyr Ólafsson er formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.


Kynningarfundur samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs

Kynningarfundur samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs var haldinn í Vallaskóla á Selfossi 27. október 2021. Fjöldmargir sambærilegar fundir voru haldnir um allt land.

Stjórnarfolk félaga eða starfseininga ásamt starfsmönnum, leiðbeinendum og þjálfurum sem vinna oftar í beinum tengslum við þátttakendur og iðkendur voru boðaðir á kynninguna.

Markmið með starfi samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs er að slíkt starf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar. Með atvikum og misgerðum er átt við andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik.

Á dagskrá kynningarinnar var kynning á starfi samskiptaráðgjafa, kynning á öflun upplýsinga úr sakaskrá og kynning á vinnu við samræmingu viðbragðsáætla vegna atvika og misgerða.



Frá rafrænum formannafundi ÍSÍ.

Samstarfsverkefni:

Félagsmiðstöðin Sel

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Árni Þorgilsson frá HSK formaður
Hjördis Leósdóttir frá KS gjaldkeri
Sædis Ó. Harðardóttir frá SSK ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 17. febrúar 2021 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn til fundarhalda eða námskeiða. Engar framkvæmdir voru í eða á Selinu á árinu. Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþríf á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu, í ár var það í höndum Kvenfélags Villingaholtshrepps.

Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum þess samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlyningu á síðastliðnu ári.

Árni Þorgilsson



Selið við Engjaveg á Selfossi.

Felixskýrslu skilað í síðasta sinn

Öll ungmenna- og íþróttafélög á landinu þurfa árlega að senda svokallaða starfsskýrslu til ÍSÍ og UMFÍ og undanfarnir ár hafa skil verið gerð í gegnum tölvukerfi sem heitir Felix og hefur lokaskiladagur verið 15. apríl. Öll aðildarfélög HSK nema eitt skiluðu skýrslu á árinu og er þetta í síðasta sinn sem félögin þurfa að skila umræddri skýrslu í gegnum kerfið Felix.

Ástæðan er sú að ÍSÍ og UMFÍ hafa samið við fyrirtækið Abler (sem rekur Sportabler hugbúnaðinn) um gerð á nýju rafrænu kerfi fyrir íþróttahreyfinguna sem ætlað er fyrir lögbundin skil á starfsskýrslum íþróttahreyfingarinnar.

Kerfið mun leysa af hólmi starfsskýrsluskil í Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, sem hefur verið í notað til verkefnisins frá árinu 2004. Með tilkomu nýs kerfis

munu skil hjá íþróttahreyfingunni fara fram í gegnum Sportabler, sama kerfi og meirihluti íþróttafélaga notar í sínu daglega starfi. Horft er til þess að með nýju kerfi verði skil félaganna skilvirkari og einfaldari en áður.

Afar mikilvægt er fyrir íþróttahreyfinguna að hafa nákvæma yfirsýn yfir umfang og gerð hreyfingarinnar til að geta meðal annars uppfyllt upplýsingaskyldu til stjórnvalda og sem grunnskilyrði til útreikninga meðal annars í tengslum við dreifingu fjármagns. ÍSÍ og UMFÍ vænta mikils af samstarfinu við Abler ehf. og telja undirritun samningsins mikilvægt skref í átt að hagkvæmari og skilvirkari skýrsluskilum í hreyfingunni. Stefnt er að því að íþróttahreyfingin geti skilað starfsskýrslum fyrir starfsárið 2021 í nýju kerfi strax á næsta ári.

5 eða 50 manns – húskerfi fyrir alla

Starfsemi Íslenskra getrauna gekk afar vel á árinu 2021 og var árið besta rekstrarár fyrirtækisins frá upphafi. Þess nýtur íþróttahreyfingin sem er eigandi Íslenskra getrauna í auknum framlögum frá Getraunum og er ekki vanþörf á í ríkjandi Covid ástandi. Mesta aukningin var í sölu í Lengjunni og virðist sem íslenskir típparar tippi nú frekar hjá Íslenskum getraunum í stað þess að tippa á ólöglegum erlendum vefsíðum sem skila engu til baka til samfélagsins.

Húskerfi

Góð aukning varð í sölu getraunaseðla og þar hafa íþróttafélögin staðið sig vel. Minna hefur verið um að félögin bjóði stuðningsfólki sínu í kaffi og tipp á laugardagsmorgnum vegna samkomutakmarkana.

Heildarstigatafla HSK 2021

Aðeins 11 mót töldu til stiga í heildarstigakeppni HSK í ár, en mörgum héraðsmótum var aflýst vegna COVID-19. Umf. Selfoss sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2021. Selfoss hlaut 67 stig, Dímon varð í öðru sæti með 45 stig og Umf. Hrunamanna varð í þriðja sæti með 39 stig.



Sigurlíð Selfoss á aldursflokkmóti HSK 2021.

Röð félaga 2021	stíga samtal										
	Badminton, unglingsmót	Blak, héraðsmót karla	Blak, héraðsmót kvenna	Borðtennis, héraðsmót	Frjálsíþróttir, héraðsmót utanh.	Frjálsíþróttir, unglingsmót utanh.	Frjálsíþróttir, aldursflokkmót utanh.	Íþróttir fatlaðra, héraðsmót	Judó, héraðsmót 11 - 14 ára	Skák, sveitakeppni	Sund, aldursflokkmót
1. Umf. Selfoss				8	10	10	10	10	9	10	67
2. Íþr.f. Dímon	9		5	10			6		6	9	45
3. Umf. Hrunamanna		9	7		8	8	7				39
4. Íþr.f. Hamar	10	10	6							8	34
5. Umf. Þór	8					6	7			10	31
6. Umf. Hekla			5		4,5	4,5	4,5			7	25,5
7. Íþr.f. Garpur					9	4,5	4,5	4,5			22,5
8. Umf. Þjótandi							7	6	8		21
9. Umf. Laugdæla		7	5								12
10. Íþr.f. Suðri									10		10
11. Umf. Gnúpverja										8	8

Þessi í stað hafa mörg félaganna verið með húskerfi þar sem stuðningsfólki er boðið að vera með í húspottinum.



Allir leggja þá fasta fjárhæð t.d. 1.000 krónur í pottinn sem tekin er af kreditkortu hvers og eins. Hægt er að nota félagakerfi Getrauna til að halda utanum húskerfið á einfaldan hátt. Kerfið sér um að allir séu rúkkaðir, félagið fær „vant fólk“ til að tippa fyrir upphæðina og ef vinningur kemur í hús, þá sér félagakerfið um að allir fái sinn hlut af vinningnum. Viðvera vegna getraunasöslunnar er því lítil sem engin þar sem hægt er að búa til húskerfið og tippa á seðilinn t.d. á föstudögum og tekur ekki nema 10 – 15 mínútur að ganga frá öllu saman.

Það er því frekar einfalt að stofna húskerfi innan félags og hvort heldur sem það er fjölmennur eða fámennur hópur þá er þetta einföld og skemmtileg fjárfesting fyrir íþróttafélögin sem getur haft óvænta vinninga í för með sér fyrir þá sem taka þátt. Við viljum hvetja íþróttafélögin innan HSK til að prófa að búa til húskerfi með stuðningsfólki, hvort heldur sem 5 stuðningsmenn taka þátt eða 50. Félagið fær 26% af upphæðinni sem tippað er fyrir í sinn hlut frá Getraunum.

Starfsfólk Getrauna veitir allar upplýsingar og er til staðar fyrir íþróttafélögin ef þau vilja prófa. Síminn er 580-2500 eða netfangið phs@getspa.is.

Enn eitt metárið í lottóinu og aukagreiðsla frá eignaraðilum



Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2021 48.794.306 kr. og hafa aldrei verið meiri. Tekjuaukningin er m.a. vegna samtals 3.919.025 kr. aukagreiðslu frá ÍSÍ og UMFÍ, sem kom til vegna góðrar rekstrarafkomu Getspár. Til samanburðar voru lottótekjur árið 2020 kr. 41.873.112, árið 2019 kr. 32.735.488, árið 2018 kr. 29.989.087, árið 2017 kr. 28.767.749, 2016 kr. 26.423.014, 2015 kr. 22.500.290, árið 2014 kr. 23.017.220, árið 2013 kr. 19.830.402, árið 2012 kr. 19.163.011, árið 2011 kr. 15.480.189 og árið 2010 kr. 14.942.890.

Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2021 var kr. 21.473.057 og frá UMFÍ kr. 27.321.249.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

Skipting milli félaga og ráða:

A. 25% eftir fjölda mættra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendaölum.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendaölum.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starf félaga og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. gr. laga HSK. Ef misbrestur



Haldið var upp á Ólympiudaginn í Hveragerði.

verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.

Ólympiudeginum fagnað í Hveragerði

Á hverju ári er haldið upp á Alþjóða Ólympiudaginn þann 23. júní út um allan heim í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíuþingdarinnar (IOC) 23. júní 1894. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) fagnaði Ólympiudeginum 2021 ásamt alþjóðaólympíuhreyfingunni og íþrótt- og Ólympíusamböndum um heim allan.

Ólympiudagurinn á Íslandi var haldinn hátíðlegur í Lystigarðinum í Hveragerði 23. júní 2021, í samstarfi við Héraðssambandið Skarphéðinn og Hveragerðisbæ. Föruneyti ÍSÍ lagði snemma af stað ásamt Valdimari Gunnarssyni framkvæmdastjóra Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) sem

lánaði ÍSÍ kerru fulla af ýmsu skemmtilegu dóti til íþróttaiðkunar. Í Lystigarðinum tóku þau Guðríður Aadnegard formaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri á móti hópnum en þau voru ÍSÍ innan handar með skipulag og framkvæmd dagsins. Einnig heilsaði bæjarstóri Hvergerðinga Aldis Hafsteinsdóttir upp á mannskapinn.

Á Ólympiudeginum er kjörið að spreyta sig á ýmiss konar íþróttum og þrautum, en ekki einungis íþróttum sem keppt er í á Ólympíuleikum. Í Lystigarðinum voru settar upp fjórar ólíkar stöðvar; skotfimi, ringó, krossbolti/fótbolti og æfing sirkusatríða. Um 40 unglingar Vinnuskólans mættu á svæðið, skipt var í hópa og fjörið hófst. Unglingarnir tóku virkan þátt og voru áhugasamir um að læra nýjar, skemmtilegar íþróttir. Veðrið var gott og sól skein í heiði. Mikla lukku vakti fimleikameistarinn Jón Sigurður Gunnarsson, en hann bauð unglöngunum upp á að læra sirkusatríði eins og að djöggla með keilum og boltum, snúa diskum á spýtu o.fl., en einnig er óhætt að segja að skotfimin hafi vakið mikinn áhuga unglönganna. Í lokin var grillað og fóru því sáttir unglöngarnir aftur í vinnuna eftir skemmtilegan morgunn.

Eftir hádegi mætti yngri kynslóðin í garðinn. Hópurinn taldi um 60 krakka á aldrinum 5-10 ára sem flest voru á leikjanámskeiðum í bænum. Krökkunum var skipt á fjórar ólíkar stöðvar sem flestar byggðust á leikjum en svo var ein sirkusstöð. Eftir að krakkarnir höfðu farið á allar stöðvar mætti Blossi á svæðið og dansaði með krökkunum, en hann veur alltaf lukku. Í lokin fengu allir íspinna í boði Kjörís.



Frá Ólympiudeginum í Hveragerði.

Ýmsar upplýsingar:

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmat að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

6. gr.

Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfallingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201–400 tvo fulltrúa, frá 401–700 þrjú fulltrúa, 701–1000 fjóra fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnandi. Héraðsþing kys þrjú menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukabætur ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukabætur skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gilti á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukabætur skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukabætur má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélög sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttgrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélögin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. – 29. grein laga ÍSÍ.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mættum þingfulltrúum eru samþykki því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettu tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiðast af viðkomandi félögum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripri og aðra minjagripri sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2017)

Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2021

Akstursíþróttafélög:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Torfæruklúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson
Helga Katrín Stefánsdóttir

Berghyl, Hrunamannahreppi
Marbakkabraut 15, Kópavogi

Golfklúbbar:

Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbbur Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjabergrs
Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness

Sigurjón Harðarson
Bryndís Scheving
Árni Tómasson
Pálmi Hlökkversson
Guðmundur Ágúst Ingvarsson
Vignir Demusson
Guðmundur K Ásgeirsson
Páll Sveinsson
Bjarni Magnússon
Þorsteinn Sverrisson
Guðmundur Baldursson
Viðir Jóhannsson
Knútur G. Hauksson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Bæjargili 109, Garðabæ
Hraunbraut 20, Kópavogi
Breiðvangi 5, Hafnarfirði
Guðriðarstöðum, Holtum
Hjallabrunn 17, Hveragerði
Baugakór 6, Kópavogi
Álftaríma 14, Selfossi
Móbergi 2, Hafnarfirði
Melbæ 15, Reykjavík
Lýsubergi 16, Þorlákshöfn
Hellishólum, Fljótshlíð
Álftamýri 63, Reykjavík

Hestamannafélög:

Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Logi
Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Smári
Hestamannafélagið Trausti

Ólafur Þórisson
Stefán Jónsson
Ragnhildur Gísladóttir
Svavar Jón Bjarnason
Sigríður Magnea Björgvinsdóttir
Bragi Viðar Gunnarsson
Birgir Leó Ólafsson

Miðkoti, V-Landeyjum
Selvogsbraut 7, Þorlákshöfn
Dynskógum 26, Hveragerði
Dalbraut 1, Biskupstungum
Tjörnum, Flóahreppi
Túnsbergi 2, Hrunamannah.
Stangarlæk 1, Grímsnesi

Íþróttafélög:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri
Íþróttafélag Uppsveita

Arnheiður Dögg Einarsdóttir
Nanna Jónsdóttir
María K. Jacobsen
Þórhallur Einisson
Einar Sindri Ólafsson
Magnús Skúli Kjartansson
Ófeigur Á. Leifsson
Sólmundur M. Sigurðarson

Guðnastöðum, Landeyjum
Miðhóli, Ásahreppi
Undirhlíð 1, Sólheimum
Laufskógum 34, Hveragerði
Smáratúni 6, Selfossi
Heimavist ML, Laugarvatni
Gauksríma 10, Selfossi
Austurhlíð 3, Biskupstungum

Karatefélag:

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

Knattspyrnufélög:

Knattspyrnufélag Árbogar
Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir

Sigurður Sigurðsson
Tinna Erlingsdóttir
Guðbjartur Örn Einarsson

Dranghólum 41, Selfossi
Gilsbakka 31, Hvolsvelli
Finnsbúð 10, Þorlákshöfn

Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Gylfi Þorkelsson

Dverghólum 3, Selfossi

Lyftingafélag:

Lyftingafélagið Hengill

Hlynur Kárason

Hraunbæ 45, Hveragerði

Skotiþróttafélög:

Skotiþróttafélag Suðurlands
Skotiþróttafélagið Skyttur

Gunnar Egilsson
Magnús Ragnarsson

Lóurima 12, Selfossi
Strandvegi 8, Vík

Ungmennafélög:

U.B.H.
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkihvoll
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjóttandi
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon
Oddur Bjarni Bjarnason
Albert Rútsson
Árman Fannar Magnússon
Bjarni Þór Erlingsson
Lilja Guðnadóttir
Magnea Guðmundsdóttir
Sindri Snær Bjarnason
Jóhanna Bríet Helgadóttir
Guðrún Ása Kristleifsdóttir
Þröstur Guðnason
Daníel Pálsson
Jóhanna Hlökkversdóttir
Viktor S. Pálsson
Viktória Rós Guðmundsdóttir
Ólafur Már Ólafsson
Bjarki Freyr Sigurjónsson
Bryndís Eva Óskarsdóttir
Hjörtur Sigurður Ragnarsson
Árni Sigurpálsson

Njálsgarði 14, Hvolsvelli
Brautarhóli, Biskupstungum
Skiðbakka 1, Landeyjum
Hrútafelli, Eyjafjöllum
Þykkvaflöt 11, Eyrarbakka
Hrauk, Þykkvabæ
Þrándarlundi, Skeiða-Gnúpv.
Fornasandi 6, Hellu
Suðurhófi 5, Flúðum
Hraunbraut 10, Borg í Grímsnesi
Varghóli, Holtum
Hjálmsstöðum, Laugardal
Hellum, Landsveit
Grafhólum 18, Selfossi
Holtabraut 20, Skeiða- Gnúpv.
Ólafsvöllum 9, Stokkseyri
Efstu-Grund, V-Eyjafjöllum
Dalbæ, Flóahreppi
Heinaberg 7, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

Gull og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 16 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og 14 hafa fengið silfurmerki sambandsins.

Eftirtalin hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlíusson	Frá Akurey	2012
Lísa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014
Kjartan Lárusson	Feney	2015
Svanur Ingvarsson	Selfossi	2016
Jón Jónsson	Hellu	2017
Árni Þorgilsson	Hvolsvelli	2018
Guðni Guðmundsson	Þverlæk	2019

Eftirtalin hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014
Benóný Jónsson	Hvolsvelli	2015
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Selfossi	2016
Þuríður Ingvarsdóttir	Selfossi	2016
Ingvar Garðarsson	Selfossi	2017
Ólafur Guðmundsson	Selfossi	2017
Gissur Jónsson	Selfossi	2019
Haraldur Gísli Kristjánson	Hólum	2019
Guðbjörg Viðarsdóttir	Flúðum	2021

Fjöldi iðkenda eftir greinum

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendur hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttgreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2020, samkvæmt upplýsingum úr felixskýrslum sem var skilað 2021. Einnig eru birtar tölur síðustu ára.

Íþróttagrein	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Golf	2642	2867	2960	2981	2921	3163	3018	3028	3617	3347
Hestaíþróttir	2014	2044	2044	2070	2078	2016	2077	2028	2200	2171
Knattspyrna	1167	1177	1418	1456	1337	1481	1379	1561	1741	1755
Fimleikar	1032	735	1155	1262	1193	1056	973	1280	1359	1380
Körfuknattleikur	716	720	861	821	874	797	828	766	1104	965
Almenningsíþróttir	1240	1210	1308	1857	1879	1909	1862	722	1921	748
Frjálsar íþróttir	639	647	692	764	961	978	644	676	751	703
Skotfimi	135	187	186	313	248	242	253	446	456	454
Handknattleikur	355	454	521	565	511	549	253	414	463	451
Sund	194	235	244	229	187	189	475	509	278	282
Blak	185	228	224	235	280	137	238	194	266	278
Badminton	117	130	131	137	160	73	143	175	184	203
Gilíma	149	167	182	179	163	188	193	203	177	195
Motocross	151	131	140	104	114	151	152	150	160	155
Taekwondo	115	180	144	137	127	150	43	121	113	102
Júdó	83	55	55	55	55	171	44	116	116	86
Kraftlyftingar	34	94	73	92	71	71	71	70	74	85
Lyftingar				26	41	25	36	42	56	84
Akstursíþróttir	9	16	20	26	31	49	50	57	69	74
Íþróttir fatlaðra	111	108	89	76	86	86	69	71	77	63
Borðtennis	67	60	59	66	59	44	58	56	59	57
Leiklist	93	104	98	73	73	66	66	38	58	34
Bridds	32	31	30	30	30	30	29	29	28	28
Bogfimi							6	11	12	15
Karate		11	11		9	8	9	7	8	7
Skógrækt	5	5	5	5	5					
Þríþraut	9	9								
Hnefaleikar	13									
SAMTALS	11307	11605	12650	13559	13493	13629	12969	12770	15347	13722

Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunum

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum aðildarféлага voru félagsmenn samtals 22.626, en voru árið áður 19.800, sem er fjölgun um 14,27%. Íbúum á sambandsvæðinu fjölgaði um 574 á milli ára, sem er 2,53% fjölgun og eru nú 23.272 talsins í sveitarfélögum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2021.

Aðildarfélag og sérráð	félagsmenn			tekjur af lottói	getrauna- númer af getraunasölu	tekjur félaga
	15 ára -	16 ára +	alls			
Frjálsíþróttaráð HSK				788.715		
Glimuráð HSK				212.933		
Akstursíþr.f. Hreppakappa	1	12	13	90.614		
Golfkl. Ásatúns	2	270	272	366.783	830	
Golfkl. Dalbúi	0	116	116	44.154	813	388
Golfkl. Flúðir	13	290	303	344.885		
Golfkl. Geysir	12	55	67	174.189		
Golfkl. Hellu	11	99	110	160.116	852	7.242
Golfkl. Hveragerðis	16	395	411	362.249	812	15.487
Golfkl. Kiðjabergs	10	417	427	209.928	797	3.187
Golfkl. Selfoss	60	663	723	743.244	808	1.400
Golfkl. Tuddi	7	18	25	41.390		
Golfkl. Úthlíð	0	159	159	59.270		
Golfkl. Þorlákshafnar	31	445	476	394.339		
Golfkl. Þverá	0	68	68	25.459	867	1.014
Golfkl. Öndverðarness	10	477	487	237.774		
Hestamannaf. Geysir	169	518	687	950.510		
Hestamannaf. Háfeti	8	71	79	48.282		
Hestamannaf. Ljúfur	55	117	172	163.170		
Hestamannaf. Logi	45	191	236	348.357		
Hestamannaf. Sleipnir	84	577	661	682.105		
Hestamannaf. Smári	70	310	380	477.835		
Hestamannaf. Trausti	8	142	150	0		
Íþróttaf. Dímon	269	410	679	1.353.456	859	215
Íþróttaf. Garpur	26	283	309	308.419	855	4.411
Íþróttaf. Gnýr	0	34	34	13.127		
Íþróttaf. Hamar	545	1669	2214	3.907.777	810	55.605
Íþróttaf. Milan	0	60	60	100.559		
Íþróttaf. Mímir	0	136	136	34.209		
Íþróttaf. Suðri	2	123	125	136.499	827	1.152
Íþróttaf. Uppsveita	22	73	95	204.171		
Karatef. Suðurlands	0	7	7	0		
Knattsp.f. Árborg	11	233	244	266.772	811	3.904
Knattsp.f. Rangæinga	203	614	817	1.002.520	866	399.516
Knattsp.f. Ægir	100	513	613	715.420	822	8.426
Körfuknattl.f. Selfoss	208	180	388	967.140		
Lyftingaf. Hengill	3	66	69	0		
Skotíþr.félagið Skyttur	0	131	131	123.233	795	
Skotíþr.félag Suðurlands	0	410	410	122.516	823	189
Torfærुकl. Suðurlands	1	102	103	123.501		
UBH	0	185	185	135.165	860	6.772
Umf. Biskupstungna	76	267	343	408.287	803	7.122
Umf. Dagsbrún	0	159	159	128.801		
Umf. Eyfellingur	0	56	56	0		
Umf. Eyrarbakka	8	63	71	47.087	820	6.752
Umf. Framtíðin	19	64	83	92.594		
Umf. Gnúpverja	38	299	337	470.804	802	96
Umf. Hekla	224	573	797	1.369.475	851	1.248
Umf. Hrunamanna	85	334	419	701.250	801	11.899
Umf. Hvöt	48	142	190	379.147		
Umf. Ingólfur	0	107	107	116.470	850	
Umf. Laugdæla	72	212	284	609.453	840	157.009
Umf. Merkihvoll	0	56	56	0		
Umf. Selfoss	1736	3568	5304	10.659.286	800	203.942
Umf. Skeiðamanna	3	279	282	255.483	799	585.126
Umf. Stokkseyrar	41	184	225	454.773	825	4.909
Umf. Trausti	1	89	90	112.492	862	648
Umf. Þjótandi	90	188	278	550.292	804	
Umf. Þór	268	576	844	1.709.242	815	9.554
Umf. Þórsmörk	0	60	60	0	861	3.961
Samtals	4711	17915	22626	34.505.721		1.501.174

Íþróttaiðkendur aðildarfélagaga HSK

Eitt af árlegum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2020, sem skilað var á árinu 2021.

Aðildarfélag HSK	Konur		Karlar		Bæði kyn		Alls
	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	-15 ára/16 ára+	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	0	1	12	1	12	13
Golfkl. Ásatúns	1	45	1	225	2	270	272
Golfkl. Dalbúi	0	44	0	72	0	116	116
Golfkl. Flúðir	1	110	3	143	4	253	257
Golfkl. Geysir	6	10	6	34	12	44	56
Golfkl. Hellu	1	16	1	32	2	48	50
Golfkl. Hveragerðis	7	107	7	167	14	274	288
Golfkl. Kiðjabergs	2	148	8	261	10	409	419
Golfkl. Tuddi	4	1	3	17	7	18	25
Golfkl. Selfoss	6	240	53	414	59	654	713
Golfkl. Úthlíð	0	45	0	81	0	126	126
Golfkl. Þorlákshafnar	14	150	17	295	31	445	476
Golfkl. Þverá	0	26	0	42	0	68	68
Golfkl. Öndverðarness	4	207	6	264	10	471	481
Hestamannaf. Geysir	99	241	70	269	169	510	679
Hestamannaf. Háfeti	6	31	2	39	8	70	78
Hestamannaf. Ljúfur	39	48	16	68	55	116	171
Hestamannaf. Logi	22	83	14	105	36	188	224
Hestamannaf. Sleipnir	47	277	37	294	84	571	655
Hestamannaf. Smári	31	140	38	155	69	295	364
Hestamannaf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Dímon	221	19	218	8	439	27	466
Íþróttaf. Garpur	10	92	12	119	22	211	233
Íþróttaf. Gnýr	0	18	0	20	0	38	38
Íþróttaf. Hamar	315	143	347	102	662	245	907
Íþróttaf. Milan	0	0	0	45	0	45	45
Íþróttaf. Mimir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	0	18	2	26	2	44	46
Íþróttaf. Uppsveita	10	25	12	32	22	57	79
Karatef. Suðurlands	0	0	0	7	0	7	7
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	90	0	90	90
Knattsp.f. Rangæinga	51	1	98	50	149	51	200
Knattsp.f. Ægir	7	52	26	115	33	167	200
Körfuknattleiksf. Selfoss	50	17	156	102	206	119	325
Lyftingaf. Hengill	2	48	1	18	3	66	69
Skotíþróttafélagið Skyttur	0	6	0	128	0	134	134
Skotíþróttafélag Suðurlands	0	7	0	328	0	335	335
Torfæruklúbbur Suðurlands	0	0	1	36	1	36	37
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Biskupstungna	42	21	58	22	100	43	143
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	1	0	1	0	2	2
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	6	9	9	2	15	11	26
Umf. Gnúpverja	9	17	17	52	26	69	95
Umf. Hekla	54	240	44	264	98	504	602
Umf. Hrunamanna	54	95	46	146	100	241	341
Umf. Hvöt	18	8	46	61	64	69	133
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	90	48	118	36	208	84	292
Umf. Merkihvoll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Selfoss	913	202	933	287	1846	489	2335
Umf. Skeiðamanna	0	2	0	0	0	2	2
Umf. Stokkseyrar	25	25	16	171	41	196	237
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Þjótandi	47	3	58	14	105	17	122
Umf. Þór	169	79	179	177	348	256	604
Umf. Þórsmörk	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2383	3177	2680	5482	5063	8659	13722

Íþróttakarlar og Íþróttakona HSK

HSK hefur frá árinu 2018 valið íþróttakarlar og íþróttakona HSK.

Íþróttakarlar

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
2018	Elvar Örn Jónsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2019	Haukur Prastarson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2020	Breki Bernhardsson	Umf. Selfoss	judó
2021	Styrmir Snær Prastarson	Umf. Þór	körfuknattleikur

Íþróttakona HSK

Ár	Íþróttakona	Félag	Íþróttagrein
2018	Dagný María Pétursdóttir	Umf. Selfoss	taekwondo
2019	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2020	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf
2021	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf

Íþróttamaður HSK frá 1964 - 2017

Hér má sjá yfirlit um þá sem voru kjörnir íþróttamenn HSK frá 1964 – 2017.

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Þuríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmisdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Prastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2013	Guðmunda Brynja Óladóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2014	Dagný Brynjarsdóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2015	Ragnar Á Nathanaelsson	Umf. Þór	körfuknattleikur
2016	Margrét Lúðvígsdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2017	Egill Blöndal	Umf. Selfoss	judó

Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfólki fyrir veitingar á þinginu. Enginn matmaður var útnenfdur árið 2021 þar sem þingið var haldið sem fjarfundur á netinu.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshúsið	1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella
1967	Féll niður	Flúðir	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Pingborg
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi
1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1999	Páll Eggertsson	Laugaland
1972	Hörður Óskarsson	Árnes	2000	Helga Fjöla Guðnadóttir	Borg
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	2001	Jón Andrésson	Hvoll
1974	Guðmundur Guðmundsson	Aratunga	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
1975	Klemenz Erlingsson	Gunnarshólmi	2003	Sigurður Jónsson	Þjórsárver
1976	Pétur Pétursson	Borg	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
1977	Björn Gíslason	Hella	2005	Markús Ívarsson	Selfoss
1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli	2006	Þröstur Guðnason	Hveragerði
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland
1980	Féll niður	Laugarvatn	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
1981	Helgi Stefánsson	Njálshúsið	2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur
1982	Kjartan Lárusson	Þjórsárver	2010	Þór Ólafur Hammer	Pingborg
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	2011	Helgi S. Haraldsson	Hella
1984	Jón M. Ívarsson	Árnes	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	2013	Guðriður Aadnegard	Aratunga
1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	2015	Sæmundur Steingrímsson	Flúðir
1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur	2016	Gestur Einarsson	Selfoss
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	2017	Guðmundur Pálsson	Hveragerði
1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði	2018	Guðmundur Jónasson	Þorlákshöfn
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	2019	Baldur Gauti Tryggvason	Laugaland
1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn	2020	Bryndís Eva Óskarsdóttir	Hvolsvöllur
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálshúsið	2021	Féll niður vegna fjarþings	
1994	Jón Jónsson	Aratunga			

Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturferð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3–4 óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Þar sem héraðþingið var haldið sem fjarþing var engin sleifarkeppni haldin árið 2021.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Pingborg
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn
1969-70	Engin keppni		1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	2002	Kári Jónsson	Flúðir
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórsárver
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær
1976	Rúnar Guðjónsson	Borg	2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði
1978-81	Engin keppni		2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórsárver	2008	Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir	Þorlákshöfn
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi	2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	2010	Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir	Pingborg
1985	Guðmundur Adolfsson	Heimaland	2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	2013	Þröstur Guðnason	Aratunga
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	2015	Sigrúður Harðardóttir	Flúðir
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	2016	Gylfi Þorkelsson	Selfoss
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	2017	Rut Stefánsdóttir	Hveragerði
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	2018	Svanur Bjarnason	Þorlákshöfn
1993	Gunnar Sverrisson	Njálshúsið	2019	Kristín Svandís Jónsdóttir	Laugaland
1994	Þorgeir Vígfússon	Aratunga	2020	Engin keppni	
1995	Kristinn Guðnason	Hella	2021	Engin keppni	

Fréttapunktur frá ÍSÍ 2021



Árið 2021 var liðið af áhrifum kórónuveirufaraldursins, líkt og árið þar á undan. Mikil orka fór í að hafa milligöngu á milli stjórnvalda, almannavarna og embættis landlæknis og íþróttahreyfingarinnar um gildandi reglur í sóttvörnum og ýmsar úrlausnir í tengslum við viðspyrnuaðgerðir stjórnvalda vegna áhrifa og afleiðinga af COVID-19. Tilslakanir og herðingar á takmörkunum á samkomum vegna COVID-19 gengu á víxl og uppfærsla á upplýsingum og fræðslu var krefjandi. Við hverjar breytingar þurfti að uppfæra reglur sérsambanda og sjá til þess að hreyfingin starfaði í takt við gildandi reglur hverju sinni.

Íþróttahreyfingin stóð sig einstaklega vel á þessum krefjandi tímum og á hrós skilið fyrir mikla þrautseigju og samstöðu á tímabilinu.

Vinumálastofnun og ÍSÍ tóku höndum saman og unnu í sameiningu mótun verklags varðandi umsóknarferli endurgreiðslna til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna, úrræði sem félags- og barnamálaráðherra kom á laggjarnar og Vinnumálastofnun var falin umsjón með. Það úrræði var gríðarlega mikilvæg stöð við rekstur íþróttahreyfingarinnar í landinu á tímum COVID-19.

Á vormánuðum 2020 gerði mennta- og menningarmálaráðherra samning við ÍSÍ um að allt að 450 m. króna yrði varið til íþróttahreyfingarinnar í fyrsta liði í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bæta það tjón sem einingar innan hennar urðu fyrir vegna afleiðinga kórónuveirufaraldursins. Var þeim fjármunum ráðstafað með tveimur mismunandi aðferðum og greitt til íþróttafélaga vorið 2020, svokallaðar almennar aðgerðir, og til íþróttafélaga, deilda, sérsambanda og íþróttahéraða haustið 2020, svokallaðar sértækar aðgerðir. Í lok árs 2020 samþykkti Alþingi viðbótarframlag að upphæð kr. 300 m. króna til íþróttahreyfingarinnar til úthlutunar til íþróttafélaga sem starfrækja skipulagt íþróttastarf fyrir börn og unglunga 6-18 ára. Framlaginu var úthlutað í mars 2021 með almennum aðgerðum líkt og vorið 2020.

Vegna Covid-19 faraldursins setti félags- og barnamálaráðherra af stað sérstakt verkefni þar sem börn tekjulægri heimila eiga rétt á sérstökum íþróttatómstundastyrk á skólaárinu 2020-2021.

Íþróttabing ÍSÍ

Aðstæður vegna COVID-19 buðu ekki upp á að íþróttabing ÍSÍ færi fram með hefðbundnum hætti í maí 2021 heldur var fyrri hluti þingsins haldinn sem fjarþing þar kosningar í stjórn fóru fram og greidd atkvæði um þau mál sem mögulegt var að ljúka í gegnum fjarþing. Þinginu var svo frestað til 9. október 2021 og fór seinni hluti þess fram þann dag í Gullhörmum í Grafarholti.

Á þinginu voru samþykktar breytingar á lögum ÍSÍ og ýmsar tillögur. Nánari upplýsingar um samþykktir þingsins og lög ÍSÍ með áorðnum breytingum er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Lárus L. Blöndal var endurkjörinn forseti ÍSÍ og kosið var um sjö stjórnarsæti. Í þau voru kjörin Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Úlfur Helgi Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson og Þórey Edda Elísdóttir. Fyrir í stjórn voru Ása Ólafsdóttir, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Olga Bjarnadóttir. Að auki var fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, staðfest sem meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ til næstu tveggja ára.



Stjórn ÍSÍ á íþróttabing 2021.

Framkvæmdastjórnarskipti

Líney Rut Halldórsdóttir hætti sem framkvæmdastjóri ÍSÍ 1. október 2021 eftir 20 ára starfsferil hjá sambandinu. Hún mun sinna áfram ráðgjafastarfi fyrir ÍSÍ. Andri Stefánsson var ráðinn nýr framkvæmdastjóri sambandsins þann 1. janúar 2022 en hann hefur starfað á skrifstofu ÍSÍ í 19 ár, fyrst sem sviðsstjóri Fræðslu- og útbreiðsluviðs ÍSÍ og síðar sem sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og staðgengill framkvæmdastjóra.

Nýtt námsumhverfi fyrir fjarnám ÍSÍ

ÍSÍ og mörg sérsambönd ÍSÍ hafa nú fært sig yfir í Canvas kennslukerfið með þjálfaramenntun sína. Með nýju kerfi komu ýmsar nýjungar og umbætur og möguleikar á frekari námsleiðum, til dæmis dómaramenntun. Góð aðsókn er að þjálfaramenntun ÍSÍ sem fer orðið mikið til fram sem fjarnám.

Nýtt skilakerfi fyrir starfsskýrslur ÍSÍ og UMFÍ

Sportabler hefur hannað nýtt skilakerfi fyrir starfsskýrsluskil ÍSÍ og UMFÍ og verður starfsskýrslum fyrir starfsárið 2021 skilað í nýja kerfinu á vormánuðum 2022. Kerfið er einfalt í notkun og vinnur vel með félagakerfi Sportabler en meirihluti félaga er nú þegar með það kerfi sem sitt féлага- og skráningakerfi.

Ólympískir viðburðir

Sumarólympíuleikarnir fóru fram í Tókýó í júlí 2021. Leikarnir voru um margt sérstakir en engir áhorfendur voru leyfðir á viðburðum leikanna. Strangar reglur giltu um sóttvarni og ferðafrelsi þátttakenda var mjög skert vegna sóttvarnaaðgerða í Tókýó. Fjórir íslenskir keppendur tóku þátt í leikunum.

Smáþjóðaleikarnir fóru ekki fram á árinu 2021 og verða næstu leikar haldnir á Möltu 2023.

Vetrar- og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem áttu að fara fram á árinu 2021 var frestað til ársins 2022.

Afreksbúðir fyrir ungt og efnilegt íþróttafólk

ÍSÍ stendur reglubundið fyrir afreksbúðum fyrir ungt og efnilegt íþróttafólk sérsambanda ÍSÍ. Á árinu voru bæði haldnar rafrænar afreksbúðir og

í Laugardalnum. Í búðunum eru tekin fyrir ýmis málefni sem varða íþróttaiðkun, svo sem svefn, næring og andleg líðan.

Verkefnið 5C

ÍSÍ, UMFÍ, KSÍ, FSÍ, HR og háskólinn í Loughborough í Englandi hlutu 30 m. króna styrk úr styrkjaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+ til verkefnisins 5C. Verkefnið snýst um að þjálfa fimm þætti í sálrænni og félagslegri færni barna og unglunga í íþróttum, rétt eins og þá líkamlegu. Þessir þættir eru skuldbinding, samskipti, sjálfstraust, sjálfsagi og einbeiting. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum í september 2021.

Ferðasjóður íþróttafélaga

ÍSÍ úthlutaði 95 milljónum króna til íþrótt- og ungmennafélaga vegna keppnisferða ársins 2020. Vegna tilfærslu á keppnistímabili nokkurra stórra íþróttageina frá árinu 2020 til ársins 2021 þá voru 32 milljónir af árlegu framlagi ríkisins til sjóðsins færðar á milli ára til að mæta auknum ferðalögum á árinu 2021.

Lyfjaeftirlit

Nýjar alþjóðalyfjareglur tóku gildi 2. janúar 2021 og gilda þær næstu sex árin. Samhliða því tóku nýjar Lyfjareglur Lyfjaeftirlits Íslands gildi, en þær byggja á Alþjóðalyfjareglunum. Einnig tók gildi nýr bannlisti WADA – Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunarinnar.

Fyrirmyndarhéruð, -félög og -deildir

ÍSÍ hélt áfram að votta íþróttahéruð, íþrótt- og ungmennafélög og deildir þeirra um allt land sem Fyrirmyndarhéruð, -félög og -deildir. Lista yfir þær einingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Málþing og ráðstefnur

Málþing og ráðstefnur voru nokkrar á árinu 2021, svo sem málþing um trans og intersex fólk og íþróttir, ráðstefnan Íþróttir eru fyrir alla í samstarfi við ÍBR, UMFÍ, HR og RIG, sem og Málþing um rafleiki/raffíþróttir og íþróttahreyfinguna, svo eitthvað sé nefnt. Einnig var haldið námskeið í stjórnendabjálfun í september sl. sem styrkt var af Ólympíusamhjálpinni.

Fjölbreytt fræðsluefni er að finna á heimasíðu ÍSÍ, m.a. fræðslubæklinga á ýmsum tungumálum fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna.

Þrír útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ

Á árinu 2021 voru þrír einstaklingar útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ. Á Íþróttapingi ÍSÍ í október voru tvíburabræðurnir og frjálisíþróttakapparnir Örn og Haukur Clausen útnefndir og Einar Vilhjálmsson spjótkastari var útnefndur í höllina 29. desember sl.

Samskiptaráðgjafi

ÍSÍ hefur átt gott samstarf við samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs á árinu, en ráðgjafinn fór með kynningarfundum víða um land þar sem hlutverk embættisins var kynnt. Embættið vinnur afar mikilvægt starf í þágu íþróttahreyfingarinnar og ÍSÍ hvetur alla í íþróttahreyfingunni til að nýta sér þjónustu samskiptaráðgjafa, ef þurfa þykir.

Almenningsíþróttir

ÍSÍ stóð fyrir ýmsum viðburðum á sviði almenningsíþrótta á árinu, líkt og fyrri ár. Lífshlaupið, Göngum í skólann, Hjólað í vinnuna, Kvannahlaup ÍSÍ, Ólympíuhlaupið og Íþróttavika Evrópu fóru fram þrátt fyrir COVID-19 en faraldurinn hafði áhrif á þátttökufjöldann í sumum þessara verkefna. Metþáttaka var þó í Lífshlaupinu og í Göngum í skólann, sem var sérstaklega ánægjulegt í þessu árferði. Íþróttavika Evrópu var að þessu sinni haldin í samstarfi við Íþróttahéruðin í landinu og sveitarfélög



Helga Guðrún Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður UMFÍ, og Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, voru meðal þeirra sem sæmd voru Heiðurskrossi Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands á Íþróttapingi ÍSÍ.

og mæltist sú breyting vel fyrir. Blaksamband Íslands, Evrópska blaksambandið, ÍSÍ, UMFÍ og blakfélögin í landinu stóðu fyrir viðburðinum Skólablak, fyrir grunnskólakrakka í 4.-6. bekk um land allt. ÍSÍ kom að verkefninu með styrk frá Evrópusambandinu, í tengslum við Íþróttaviku Evrópu.

ÍSÍ og Sundsamband Íslands stóðu fyrir landsátaki í sundi í nóvembermánuði. Um var að ræða heilsu- og hvatningarátak allra landsmanna, sem tókst sérdeilis vel. Vegalengdirnar sem landsmenn syntu í nóvember samsvöruðu ríflega 11 hringjum í kringum landið.

Myndir úr starfinu



Keppendur Þjótanda á héraðsleikum HSK.



Umf. Framtíðin fékk nýjan hátíðarfána að gjöf.



Verðlaunahafar Skeiðamanna í landsátakinu í sundi.



Lið HSK/Selfoss fagnar sigri á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum 11-14 ára sem fram fór á Egilsstöðum.

Fréttapunktur frá UMFÍ 2021



COVID-faraldurinn var í aðalhlutverki árið 2021 og var þetta annað árið í röð sem hann setti mark sitt á íþróttastarf á árinu. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður lét íþróttafólk ástandið ekki á sig fá. Þvert á móti var gripið til ýmissa hugvitsamlegra ráða til að leysa úr flóknum viðfangsefnum. Tíminn í faraldrinum var nýttur til að leggja grunn að fjölmörgu frábæru og því má vel kalla árið 2021 ár sveigjanleikans.

Móttahald UMFÍ

Þrjú mót voru á dagskrá UMFÍ sumarið 2021 rétt eins og árið áður. Það var áfall fyrir marga þegar mótunum varð að fresta. Allir eru nú komnir í girinn til að halda mótin 2022 og spennan fyrir sumrinu orðin svakaleg.

Íþróttaveisla UMFÍ

Íþróttaveislan er haldin á sambandssvæði Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) í tilefni af 100 ára afmæli þess. Íþróttaveislan samanstendur af fjórum frábærum viðburðum sem dreifast frá júní og fram í september. Íþróttaveislan hefst með Boðhlaupi Byko í Kópavogi og Hundahlaupi á Seltjarnarnesi í júní, Drulluhlaup Krónunnar verður í Mosfellsbæ í ágúst og Forsetahlaup á Álftanesi 3. september.

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Borgarnesi Jónsmessuhelgina 24. – 26. júní 2022. Eins og allir þekkjast er mótið blanda af íþróttakeppni og ýmsum viðburðum sem tengjast hreyfingu og samveru.

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina 2022. Mótið er fyrir þátttakendur á aldrinum 11-18 ára og geta allir tekið þátt sem áhuga hafa. Ekki þarf að vera í íþrótt-eða ungmennafélagi til að taka þátt. Búist er við þúsundum mótsgesta á mótið á Selfossi.

Ungmennabúðir UMFÍ

Ungmennabúðir UMFÍ eru á Laugarvatni. Þetta er stærsta einstaka verkefni UMFÍ. Þangað koma um 2.000 nemendur 9. bekkjar af öllu landinu á hverju ári, eignast nýjar og skemmtilegar minningar og styrkja vinaböndin. Vel hefur gengið að skrá hópa í búðirnar þótt smit, samkomutakmarkanir og sóttvarnaraðgerðir hafi valdið því að fjölmargir skólahópar gátu ekki dvalið þar.

UMFÍ hefur leigt út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs og hefur aðsóknin verið afar góð. Ráðgjafa- og námskeiðafyrirtækið KVAN hefur haft sumarbuðir þar og íþróttasamband fatlaðra sömuleiðis. Sambandsaðilar og aðildarfélög UMFÍ hafa jafnframt fengið húsnæðið fyrir æfingabúðir og ýmsa íþróttatengda viðburði. Þar á meðal er handboltadeild Víkings í Reykjavík. Búast má við að Ungmennabúðir UMFÍ verði mjög eftirsóttar hjá ungmennafélögum á næstu árum.

Mannabreytingar voru í Ungmennabúðunum árið 2021. Sigurður Guðmundsson tók við sem forstöðumaður af Önnu Margræti Tómasdóttur auk þess sem starfsfólki var fjölgað.

Félagsmálaráðuneytið styrkir íþróttastarf

Í desember 2020 gerði félagsmálaráðuneytið samkomulag við ÍSÍ og UMFÍ um 17 milljóna króna styrkveitingu. Samkomulagið fól annars vegar í sér þátttöku fulltrúa frá ÍSÍ og UMFÍ í stýrihópi á vegum félagsmálaráðuneytisins og mennta-



Frá stefnumótunarfundi UMFÍ á Geysi í Haukadál.



Jóhann Steinar Ingimundarson var kjörinn formaður UMFÍ á þingi samtakana á Húsavík.

og menningarmálaráðuneytisins um aðgerðir sem stuðlað geta að þátttöku barna á efnaminni heimilum í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi. Áhersluhópur er börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu, þar með talið börn af erlendum uppruna.

Tvö verkefni eru afurðir stuðningsins nú þegar. Fyrri afurðin er auglýsing þar sem vakin er athygli á mikilvægi þess að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Hin er vefsíðan betrafelag.is sem er sameiginleg verkferakista fyrir stjórnendur hjá íþrótt- og ungmennafélögum.

Vertu með

Eitt af samstarfsverkefnum UMFÍ og ÍSÍ er Vertu með, sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenni af erlendum uppruna.

Undir merkjum verkefnisins má finna bæklinga með hagnýtum upplýsum um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga landsins. Bæklingar með þessum upplýsingum eru aðgengilegir á ensku, pólsku, tailensku, litháisku, filippseytsku, víetnömsku, arabísku og spænsku.

Styrkir til náms í lýðhaskóla

UMFÍ styrkir ungt fólk sem hyggur á nám við lýðhaskóla í Danmörku. Markmið er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að vikka sjóneldarhring sinn. Færri umsóknir bárust til UMFÍ árið 2021 en undanfarin ár. Alls veitti UMFÍ rúmar 1,5 milljónir króna í styrki. Búast má við því að fleiri umsóknir um styrki í lýðhaskóla berist árið 2022.

Fræðslu- og verkefnasjóður

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkir fræðslu, menntun og aukna þekkingu innan hreyfingarinnar á íþróttgreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Fjölmörg verkefni hljóta styrk á hverju ári. Þar á meðal eru verkefni sem snúa að eflingu stúlkna í körfubolta hjá HSK á Selfossi, íslenskunámskeið fyrir erlenda þjálfara hjá ÚÍA á Austurlandi, ýmis þjálfaranámskeið og fræðandi fyrirlestrar hjá ýmsum félögum.

Árið 2021 veitti Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ tæpra 16 milljóna króna til 191 fjölbreytta verkefna sem aðildarfélög UMFÍ stóðu að.

Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ stofnaði Umhverfissjóð árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, fyrrverandi formann UMFÍ. Frestur til að sækja um í sjóðinn er til 15. apríl ár hvert. Dæmi um verkefni sem hlaut úthlutun árið 2021 var feegur á umhverfi Hreppslaugar í Borgarfirði, aðstaða fyrir æskulýðsstarf Léttis og gróðursetning á Melgerðismelum.

Árið 2021 veitti Umhverfissjóður UMFÍ 730 þúsund króna til 10 verkefna.

Stefnumótunarvinna árið 2021

Stefnumótun setti mark sitt á innra starf UMFÍ árið 2021. Vinnan stóð yfir allt árið og fram að sambandsþingi. Hrönn Pétursdóttir, ráðgjafi í stefnumótun, stýrði verkefninu. Öllum í ungmennafélagshreyfingunni var boðið að taka virkan þátt í vinnunni, allt frá sjálfbóðaliðum í grasróttinni til starfsfólks.

Fyrsti formlegi fundurinn með ungmennafélagshreyfingunni fór fram á Hótel Geysi í Haukadál í mars. Eftir það var efnt til rafræna landshlutafunda fram að hausti. Niðurstaðan var stefna ásamt aðgerðaráætlun sem kynnt var sambandsþingi UMFÍ í október.

Við hvetjum alla til að kynna sér afrakstur stefnumótunarinnu UMFÍ. Vinnan endurspeglast í gildum ungmennafélagshreyfingarinnar sem eru gleði, traust og samvinna.

Samtal ungmennaráða

Ungmennaráð UMFÍ stóð fyrir rafræna viðburðinum Samtal ungmennaráða fimmtudaginn 8. apríl 2021. Viðburðurinn var haldinn í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Markmið viðburðarinnar var að fá fulltrúa ungmennaráða um allt land að borðinu, deila reynslu sinni, hugmyndum og ræða saman með óformlegum hætti um það hvernig er að vera í ungmennaráði, hverjir helstu þröskuldarnir eru og margt fleira sem tengist ungu fólki. Á viðburðinn komu um 30 þátttakendur frá 19 ungmennaráðum um allt land.

„Þetta var svo magnað, að ég gat ekki hætt

að brosa. Það var svo magnað að heyra fulltrúa ungmennaráða opna sig um stöðuna. Staða þeirra um allt land er mjög misjöfn. Við lærðum svo mikið hvert af öðru. Við ætlum að endurtaka leikinn og hittast aftur. Það er svo mikill ávinningur af því að ræða saman," sagði Embla Líf Hallsdóttir í ungmennaráði UMFÍ eftir fundinn.

Grunnskólamót í blaki

Blaksamband Íslands, í samstarfi við Evrópska blaksambandið, UMFÍ, ÍSÍ og Evrópusambandið (ESB) stendur að Grunnskólamóti í blaki. Þetta er nýr viðburður. Hann var haldinn í fyrsta sinn um allt land í október 2021 og verður haldinn árlega í fjögur ár.

Íþróttahéruð koma að verkefninu og hefur m.a. fengist styrkur úr fræðslu- og verkefnasjóði í verkefnið. Kristall er bakhjarl mótsins ásamt félögnum sem að því standa.

Blakmótið var haldið í tólf knattspyrnuhúsum um allt land. Þátttakendur eru grunnskólanemendur á aldrinum 9 -11 ára (í 4.-6. bekk) og 160 skólum var boðin þátttaka. Undirtektirnar voru mjög góðar.

Sýnum karakter

Sýnum karakter er sameiginlegt átaksverkefni ÍSÍ og UMFÍ um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á því að hægt sé að þjálfra og styrkja sálræna og félagslega færni iðkanda eins og líkamlega færni.

Árið 2021 hlaut verkefnið 5C's 30 milljóna króna styrk frá Erasmus+, sem er menntaáætlun Evrópusambandsins. Að verkefninu standa ÍSÍ, UMFÍ, Háskólinn í Reykjavík (HR), Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ), Fimleikasamband Íslands (FSÍ) og Loughborough-háskóli á Englandi. Verkefnið snýst um að þjálfra fimm þætti í sálrænni og félagslegri færni barna og unglunga í íþróttum, rétt eins og þá líkamlegu. Höfundur verkefnisins er Dr. Chris Harwood, prófessor við Loughboroughháskóla. Hann hefur unnið með íþróttafélögum í Bretlandi að því að byggja upp andlega og félagslega færni hjá ungu íþróttafólki og styðja við jákvæða íþróttamenningu.

Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum laugardaginn 4. september 2021 með vinnustofu sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík. Þangað mættu þjálfarar og starfsfólk frá fimleikadeild Ármanns og knattspyrnuendeild Fylkis.

Hugmyndafræði 5C's tengist markmiðum Sýnum karakter, sem UMFÍ og ÍSÍ standa að. Nálgest má allt efni verkefnisins á sýnumkarakter.is.

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur UMFÍ, Bandalags íslenska skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Allt frá stofnun hefur ÆV sinnt því hlutverki að bjóða upp á fræðslu í forvörnum fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða, meðal annars um kynferðisbrot, einelti og aðra óæskilega hegðun sem getur komið upp í félagsstarfi. Dæmi um slíka forvarnarfræðslu er námskeiðið Verndum þau sem fjallar um hvernig bregðast eigi við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum en á hverju ári eru haldin nokkur slík námskeið. ÆV hefur frá 2019 boðið upp á netnámskeið í barnavernd fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Á námskeiðinu er fólk kennt að þekkja mismunandi birtingarmyndir ofbeldis, eineltis og annars áreitnis sem börn og ungmenni geta orðið fyrir auk viðbragða. Einnig er kennt hvernig eigi að bregðast við þegar slík atvik koma upp í starfinu. Námskeiðið er öllum opið og er notendum að kostnaðarlausu. Sema Erla Serdar er framkvæmdastýra ÆV.

UMFÍ hefur tekið upp siðareglureglur



Sólmundur Magnús Sigurðarson og Markús Ívarsson kátir á UMFÍ þingi.

Æskulýðsvettvangsins og hefur verið unnið að þróun námskeið fyrir félagasamtök um siðareglur í samskiptum.

Allar upplýsingar á www.aev.is

Samskiptaráðgjafinn

Sigurbjörg Sigurpáldóttir var um mitt ár 2020 ráðin í starf samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Samskiptaráðgjafinn er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða einelti í sínu íþrótt- og æskulýðsstarfi eða eru ekki vissir og vilja fá ráðgjöf varðandi slík mál, geta haft samband við sigurbjorg@dmg.is eða hringt í síma 839-9100.

Sakavottorð

Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Æ fleiri aðildarfélög hafa nýtt sér þennan möguleika.

Sakavottorð er fyrir þá dóma og brot á viðurlögum sem viðkomandi hefur hlotið hjá dómstólum og öðrum yfirvöldum. Samkvæmt æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsidóma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin, sem aðildarfélög sambandsaðila UMFÍ veita, gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3-5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru vegna kynferðisbrota.

Sakavottorðin eru sambandsaðilum UMFÍ að kostnaðarlausu.

Forvarnadagurinn

Forvarnadagurinn var venju samkvæmt haldinn miðvikudaginn 6. október 2021 í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þetta var fimmtánda árið sem hann er haldinn. Deginum var ýtt úr vör í Dalskóla í Úlfarsárdal. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, gat ekki tekið þátt í því þar sem hann var í smitgát.

Að Forvarnadeginum standa UMFÍ og ÍSÍ, Embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Bandalag íslenskra skáta, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis, sem jafnframt sér um verkefnastjórn. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefnaneyslu og ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur.

Efst á baugi Forvarnardagsins eru samspil orkudrykkja, níkotínnotkun, gæði svefnis og ýmsir þættir sem hafa áhrif á andlega líðan ungmenna.

Skinfaxi og útgáfumál UMFÍ

Á árinu 2021 komu út þrjú tölublöð af Skinfaxa, tímariti UMFÍ. Blöðin innihalda ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af göðum verkum hjá sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra. Leitast hefur verið við að hafa þemu í blöðunum, s.s. um áskoranir félaganna og leiðir til lausna.

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2021. Hún var eins og árið áður unnin í samvinnu við göngugarpinn Einar Skúlaon, stofnanda fyrirtækisins Wappið sem á og starfrækir samnefnt smáforrit. Bókinni var dreift um allt land. Bókin hefur síðustu tvö árin farið í gegnum heimikla yfirlegu, gönguleiðir voru upp færðar, sumum hent út en öðrum bætt við. Þá voru öll kort endurnýjuð. Bókina er hægt að lesa á vefsíðu UMFÍ undir liðnum útgáfa.

UMFÍ sendi sambandsaðilum og aðildarfélögum reglulega rafrænt fréttabréf. Þar eru sagðar fréttir úr íþrótt- og ungmennafélagshreyfingunni, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð. Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á www.umfi.is eða með því að senda tölvupóst á umfi@umfi.is.

Rafíþróttir

Rafíþróttir/rafleikir hafa sprungið út sem afþreying ungs fólks um allan heim. Í janúar 2021 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að mynda stefnu um rafíþróttir/rafleiki og efla umgjörð í kringum greinina. Fulltrúar UMFÍ voru Ragnheiður Sigurðardóttir og Vilhelm Patrick Bernhöft. Starfshópurinn skilaði af sér stefnu um málið í mars 2021.

Vinnuhópur um lýðheilsu

UMFÍ og ÍSÍ skipuðu starfshóp sem tók saman upplýsingar og skýrslu varðandi almenningsíþróttaverkefni. Þetta er verkefni sem hefur það að markmiði að auka framboð af fjölbreyttri hreyfingu fyrir almenning innan íþróttahreyfingarinnar. Vinnuheiti verkefnisins er KOMA SVO! og á sér fyrirmynd í Danmörku í verkefni sem heitir „Bevæg dig for livet“ sem DIF (Danmarks idræts forbund) og DGI (Danske gymnastik- og idrætsforeninger) settu á laggirnar árið 2015.

Þjónustumiðstöð UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík og er starfsstöð á Sauðárkróki. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhaldna sem ýmsar nefndir nýta sér. Sími þjónustumiðstöðvar er 568 2929. Netfang er umfi@umfi.is.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2021 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd/íþróttabandalög, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 190 verkefni árið 2021, samtals að upphæð 19.590.825 kr. Af því fengu 14 verkefni á sambandsvæðri HSK styrk samtals að upphæð 2.245.000 kr.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Körfuknattleiksfélag Selfoss	Eflingu stúlkna í körfubolta	100.000
Hamar-Þór	Menntun þjálfara	50.000
Hamar-Þór	Fyrirlestur um hugarþjálfun	25.000
Íþróttafélagið Hamar	4 skref skyndihjálpar	100.000
Íþróttafélagið Hamar	Endurnýjun á heimasíðu	150.000
Íþróttafélagið Hamar	Samfélagsverkefni mfl.kk í körfu	100.000
Íþróttafélagið Hamar	Þjálfaramenntun badminton. og blakd.	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið FSÍ 1B	8.500
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fyrirlestur Bjarni Fritzson	37.500
Knattspyrnudeild Hamars	Fyrirlestur um næringarfræði mfl.kvk	50.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Markmannsþjálfun	20.000
Héraðssambandið Skarphéðinn	Unglingalandsmót UMFÍ	1.500.000
Ungmennafélagið Hekla	Þjálfaranámskeið	34.000
Blakdeild Hamars	Þjálfaramenntun	20.000

Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrirverandi formann UMFÍ, úthlutaði 730.000 kr. til tíu verkefna á árinu 2021. Engin verkefni innan HSK hlutu styrk að þessu sinni.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands veitir árlega styrki úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna keppnisferða innanlands. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf. Til úthlutunar að þessu sinni voru 156,4 milljónir króna. Framlag ríkisins til sjóðsins vegna keppnisferða ársins 2021 var 127,4 milljónir og við þá upphæð bættist það fjármagn sem sem fært var á milli ára vegna tilfærslna á keppnistímabili nokkurra stórra íþróttagreina haustið 2020 vegna kórónuveirufaraldursins. Mótahald á árinu 2021 var mjög þétt og vonandi kemur það sér vel að aukið fjármagn var í pottinum að þessu sinni. Hafa ber þó í huga að framlagið til úthlutunar vegna keppnisferða ársins 2022 verður ekki jafn hátt þar sem þá verður aftur um hefðbundna upphæð að ræða og munu úthlutanir því verða lægri í næstu úthlutun ÍSÍ úr sjóðnum. Úthlutun til aðildarfélag HSK fyrir keppnisferðir 2012–2021:

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	SAMTALS
Golfkl. Geysir							18.117				18.117
Golfkl. Hveragerðis	18.657	25.143	7.416	14.613							65.829
Golfkl. Selfoss	15.265						22.835			19.140	57.240
Golfkl. Þverá		7.894									7.894
Golfkl. Öndverðarnesi							17.205	6.388			23.593
Hestam.f. Ljúfur					7.259						7.259
Íþr.f. Dímon	35.284	35.685	14.169				97.026	46.237		66.155	294.556
Íþr.f. Garpur	22.125						15.874		24.383	18.110	80.492
Íþr.f. Gnýr			17.434			22.206		20.280			59.920
Íþr.f. Hamar	558.610	205.462	330.491			214.651	433.104	525.795	601.421	559.954	3.429.488
Íþr.f. Milan			22.212		22.819	63.057	38.163				146.251
Íþr.f. Suðri			81.323			44.413		48.165			173.901
Íþr.f. Uppsveita									22.973	58.699	81.672
Knattsp. Árborgar	30.121		25.404		38.851	26.710	18.769				139.855
Knattsp. Rangæinga	125.860	124.000	109.716	135.628			180.705	136.407	366.813	272.355	1.451.484
Knattsp. Ægir	103.218	95.118	228.547	382.843	347.346	271.713	206.462		274.640	320.737	2.230.624
Körfukn.fél. Selfoss	114.987	92.133	151.187	161.040	86.942	93.748	371.273	285.921	91.892	259.894	1.709.017
Umf. Gnúpverja				25.849		34.043	47.079				106.971
Umf. Hekla			9.427				14.441	23.929	13.300	13.687	74.784
Umf. Hrunamanna	147.091	187.874	143.125	86.592	91.052	93.171	104.531	169.563	100.788	403.195	1.526.982
Umf. Laugdæla	95.405	110.553	65.123							26.484	297.565
Umf. Samhygð				2.465							2.465
Umf. Selfoss	1.316.099	1.598.042	1.615.501	1.981.123	1.611.712	2.628.863	2.138.051	2.150.981	1.271.028	2.663.519	18.974.919
Umf. Þjótandi							27.969				27.969
Umf. Þór	154.938	91.218	77.705	150.561	131.116	200.360	101.850	158.968	111.986	421.731	1.600.433
Samtals	2.737.660	2.573.122	2.898.780	2.940.714	2.337.097	3.692.935	3.853.454	3.572.634	2.879.224	5.103.660	32.589.280

Úthlutun vegna COVID-19

Á vormánuðum 2020 gerði mennta- og menningarmálaráðherra samning við ÍSÍ um að allt að 450 milljónir króna yrði varið til íþróttahreyfingarinnar í fyrsta lið í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bæta það tjón sem einingar innan hennar urðu fyrir vegna afleiðinga kórónuveirufaraldursins. Var þeim fjárumunum ráðstafað með tveimur mismunandi aðferðum og greitt til íþróttafélaga vorið 2020, svokallaðar almennar aðgerðir, og til íþróttafélaga, deilda, sérsambanda og íþróttahéraða að hausti, svokallaðar sértækar aðgerðir.

Í lok árs 2020 samþykkti Alþingi viðbótarframlag að upphæð kr. 300 milljónir til íþróttahreyfingarinnar til úthlutunar til íþróttafélaga sem starfrækja skipulagt íþróttastarf fyrir börn og unglinga 6-18 ára. Í samningi ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um viðbótarframlagið, sem undirritaður var 8. febrúar 2021, kemur fram að úthluta skuli framlaginu með sömu aðferð og notuð var þegar greitt var til íþróttafélaga vorið 2020.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ leitaði aftur til vinnuhópsins sem skipaður var vorið 2020 í tengslum við fyrri úthlutanir á framlagi ríkisins, til að móta tillögu að skiptingu fjármuna og skilaði vinnuhópurinn af sér tillögu til stjórnar ÍSÍ þann 4. mars 2021.

25 aðildarfélög HSK engu samtals úthlutað kr. 20.074.234 vegna þessa framlags frá ríkinu.

Það í höndum aðalstjórna íþróttafélaga að ráðstafa framlaginu innan síns félags til þeirra deilda/verkefna sem hafa orðið fyrir tjóni vegna Covid-19. Framlagið er ætlað til þess að koma til móts við það tjón sem hefur orðið innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.

Styrkir til aðildarfélaga HSK, almenn aðgerð

Golfklúbbur Selfoss	234.255
Golfklúbburinn Kiðjaberg	76.969
Golfklúbburinn Þorlákshöfn	76.969
Golfklúbbur Öndverðarness	93.702
Hestamannafélagið Geysir	626.517
Hestamannafélagið Ljúfur	97.048
Hestamannafélagið Logi	100.395
Hestamannafélagið Sleipnir	401.580
Hestamannafélagið Smári	228.675
Íþróttafélagið Dímon	364.447
Íþróttafélagið Garpur	70.635
Íþróttafélagið Hamar	2.160.861
Knattspyrnufélag Rangæinga	498.499
Knattspyrnufélagið Ægir	180.711
Körfuknattleiksfélag Selfoss	704.622
Umf. Biskupstungna	149.908
Umf. Gnúpverja	50.000
Umf. Hekla	163.752
Umf. Hvöt	50.000
Ungmennafélag Hrunamanna	888.955
Umf. Laugdæla	190.819
Umf. Selfoss	10.658.391
Umf. Stokkseyrar	388.400
Umf. Þór	1.504.232
Ungmennafélagið Þjótandi	113.892
Samtals:	20.074.234

Aukagreiðsla til félaga vegna góðrar fjárhagsafkomu HSK

Stjórn HSK ákvað í lok árs 2021 að greiða aðildarfélögum sínum og sérráðum sérstaka aukagreiðslu í ljósi góðrar fjárhagsafkomu HSK árið 2021 og vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í samfélaginu vegna COVID-19. Þetta var ákveðið á fundi stjórnar í nóvember. Upphæðin var 5,2 milljónir króna, sem að óbreyttu hefði orðið hagnaður sambandsins árið 2021. Forsendur skiptingar eru þær sömu og við útdælingu á lottó árið 2021. Ástæða mun betri fjárhagsafkomu en áætlun gerði ráð fyrir er að stærstum hluta vegna mun meiri tekna af lottóinu. Þetta er í annað sinn sem HSK greiðir sérstaka aukagreiðslu til félaga og ráða, en í upphafi árs 2021 var ákveðið að greiða 2,2 milljónir, sem var bókfært árið 2020, en greitt út í upphafi árs 2021. Meðfylgjandi eru upplýsingar um skiptingu á aukagreiðslunni í desember 2021

Frjálsíþróttaráð HSK	116.741	Hestamannaf. Sleipnir	100.961	UBH	20.006
Glimuráð HSK	31.517	Hestamannaf. Smári	70.726	Umf. Biskupstungna	94.507
Akstursíþr.f. Hreppak	13.412	Hestamannaf. Trausti	10.660	Umf. Dagsbrún	19.064
Golfkl. Ásatúns	54.289	Íþróttaf. Dímon	200.330	Umf. Eyfellingur	15.708
Golfkl. Dalbúi	6.535	Íþróttaf. Garpur	45.650	Umf. Eyrarbakka	6.970
Golfkl. Flúðir	51.048	Íþróttaf. Gnýr	1.943	Umf. Framtíðin	13.705
Golfkl. Geysir	25.782	Íþróttaf. Hamar	578.404	Umf. Gnúpverja	69.685
Golfkl. Hellu	23.699	Íþróttaf. Milan	14.884	Umf. Hekla	202.701
Golfkl. Hveragerðis	53.618	Íþróttaf. Mimir	5.063	Umf. Hrunamanna	103.794
Golfkl. Kiðjabergs	31.072	Íþróttaf. Suðri	20.204	Umf. Hvöt	56.119
Golfkl. Selfoss	110.010	Íþróttaf. Uppsveita	30.220	Umf. Ingólfur	17.239
Golfkl. Tuddi	6.126	Karatef. Suðurl.	294	Umf. Laugdæla	90.207
Golfkl. Úthlið	8.773	Knattsp.f. Árborgar	39.486	Umf. Merkihvoll	15.061
Golfkl. Þorlákshafnar	58.368	Knattsp.f. Rangæinga	148.387	Umf. Selfoss	1.577.721
Golfkl. Þverá	3.768	Knattsp.f. Ægir	105.892	Umf. Skeiðamanna	37.815
Golfkl. Öndverðarness	35.194	Körfuknatti.f. Selfoss	143.150	Umf. Stokkseyrar	67.313
Hestamannaf. Geysir	140.688	Lyftingaf. Hengill	1.472	Umf. Trausti	16.650
Hestamannaf. Háfeti	7.146	Skotf. Skyttur	18.240	Umf. Þjótandi	81.451
Hestamannaf. Ljúfur	24.151	Skotíþr.félag Suðurl.	18.134	Umf. Þór	252.991
Hestamannaf. Logi	51.562	Tortærklúbbur Suðurl.	18.280	Umf. Þórsmörk	15.414
				Samtals	5.200.000

Úthlutun úr Íþróttasjóði 2021

Alls bárust alls 145 umsóknir að upphæð rúmlega 124 milljónir króna um styrki úr Íþróttasjóði vegna ársins 2021. Heildarúthlutun fyrir árið 2021 var 26 milljónir kr., sem skiptist sem hér segir; aðstaða 10.230.000, fræðsla og útbreiðsla 10.000.000 og rannsóknir 5.770.000.

Styrkir til aðildarfélaga HSK:

Golfkl. Dalbúi	Uppbygginga æfingasvæðis GD	200.000
Golfkl. Selfoss	Sveifflugreiningartæki	200.000
Umf. Selfoss	Efling aðbúnaðar fyrir borðtennisæfingar	200.000
Umf. Selfoss, frjálsíþróttad.	Kaup á hástökkisdýnum	200.000
Umf. Selfoss, knattspyrnud.	Selfoss TV	250.000
Umf. Selfoss	Þjálfararáðstefna	250.000
Umf. Selfoss	Heilsuefling 60 ára og eldri á Selfossi	300.000
Íþr.f. Hamar	Knattspyrna fyrir börn af erlendum uppruna	300.000
Samtals:		1.900.000

Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögur að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Baldur Gauti Tryggvason formaður, stjórn HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna og Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss.

Á héraðsþingi 2021 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og hér aftur í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2021.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Frá árinu 2007 hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK. Á héraðsþingi HSK árið 2018 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og nú fékk nefndin það hlutverk að velja íþróttakonu HSK og íþróttakaril HSK í fjórða sinn.

Fundur í valnefndinni var haldinn 7. mars 2022 í Selinu á Selfossi og eftirtaldir mættu:

Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Ragnar Sigurðsson, íþróttta- og æskulýðsfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss og fyrrverandi varaformaður HSK, Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK, Gestur Einarsson, varastjórn HSK og Baldur Gauti Tryggvason, varastjórn HSK.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

Val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK 2021

Þrettán konur voru tilnefndar til kjörs á íþróttakonu HSK 2021 og fjórtán karlar voru tilnefndir í kjöri á íþróttakarli HSK. Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið íþróttakona HSK árið 2021 hlýti golfkonan Heiðrún Anna Hlynisdóttir úr Golfklúbbi Selfoss sæmdarheitið íþróttakaril HSK árið 2021 hlýti körfuknattleiksmaðurinn Styrmir Snær Prastarson úr Umf. Þór.

Unglingalandsmótsnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Guðrún Tryggvadóttir Umf. Selfoss, formaður, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, Hafdís Hafsteinsdóttir, Umf. Gnúpverja, Kristín Sigfúsdóttir Íþr.fél. Garpi og María Óladóttir Umf. Selfoss.

Eins og allir vita var mótinu frestað um ár vegna alheimsfaraldurs og því verður skýrsla nefndarinnar í stytttra lagi þetta árið.

Sjáumst á Selfossi 2022.

Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi

Nefndina skipa: Þórir Haraldsson, sem er formaður nefndarinnar, Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss sem er ritari nefndarinnar, Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK sem er gjaldkeri nefndarinnar, Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Helgi S. Haraldsson, varaformaður HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Skarphéðinn Steinn Sveinsson, ungmennaráði Sv. Árborgar, Elín Þórdís



Frá fundi framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ.

Pálsdóttir, ungmennaráði Sv. Árborgar, Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ og Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Sv. Árborgar.

Eftirtalin starfa með nefndinni og eru boðuð á fundi: Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unglingalandsmóts, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Sv. Árborgar og Guðrún Tryggvadóttir, verkefnisstjóri mótsins.

Nefndin hefur m.a. unnið að skipulagningu, undirbúningi keppnisgreina, afþreyingar, kynningar og fjármögnun mótsins.

Keppnisgreinar á mótinu verða: Biathlon (hlaupaskotfimi), bogfimi, borðtennis, fimleikar/fimleikalíf, frísbíggj, frjalsar íþróttir, glíma, golf, götuþjólreiðar, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, kókuskreytingar, körfubolti, motocross, pílukast, rafíþróttir, skák, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund, taekwondo og upplestur.

Undirbúningur mótsins sem frestað var vegna Covid árið 2020, hélt áfram af fullum krafti í upphafi árs 2021. Allir með það markmið að halda glæsilegt mót. Heimsfaraldur Corona-19 veirunnar hafði áhrif á fundarhöld og samskipti en notast var við fjarfundarform ef á þurfti að halda. Haldnir voru 10 nefndarfundir. Skipulag, kynning og fjármögnun mótsins hélt áfram en þess gætt að binda ekki skuldbindingar umfram það sem nauðsynlegt var vegna óvissu um mótshaldið. Undirbúningur gekk mjög vel, búið var að ráða skemmtikrafta og fá sjálfbóðaliða til að starfa á mótinu. Föstudaginn 22. júlí þurfti að boða til fundar þar sem komin var upp sú staða í þjóðfélaginu að öllu yrði skellt í lás vegna

útbreiðslu Covid og var óhjákvæmilegt að aflýsa mótinu öðru sinni. Í framhaldinu var ákveðið að mótið yrði haldið á Selfossi 2022 og gáfu sömu einstaklingar kost á sér að starfa að mótshaldinu og var nefndin endurskipuð. Þá var haft samband við sérgreinastjóra og stuðningsaðila og voru allir tilbúnir að koma að mótinu ári síðar. Með styrkjum sem fengist höfðu tókst að gera upp áfallnar skuldbindingar og framlag vegna vinnu sjálfbóðaliða við undirbúning.

Undirbúningur fyrri ára mun nýtast vel við mótshaldið 2022. Þannig liggja reglur keppnisgreina fyrir að mestu leyti, undirbúningur að fjármögnun, söfnun styrktaraðila, kostenda verðlauna og kynningarstarf mun nýtast beint við mótshaldið 2022.

Aðstaða á Selfossi er öll til fyrirmýndar og eingöngu þarf að koma upp góðri aðstöðu fyrir strandblak og strandhandbolta til að íþróttamannvirkin séu tilbúin til að taka við keppendum. Hið sama gildir um tjaldsvæðin sem eru tilbúin sem og önnur aðstaða, s.s. fyrir stjórnstöð ofl. Nýtt fjölnota íþróttahús sem tekið var í notkun á Selfossi síðasta sumar mun enn bæta aðstöðuna og verður nýtt til margvíslegrar starfsemi og keppni á mótinu.

Mikinn fjölda sjálfbóðaliða þarf til að framkvæma mótið með söma, sérstaklega til að vinna við íþróttakeppnina en einnig í gæslu, sölu, þríf og aðra þjónustu við mótsgesti og verður leitað til aðildarféлага HSK um sjálfbóðaliða til starfa þegar nær dregur mótinu en áhugasamir eru hvattir til að gefa sig fram við nefndarfolk og starfsfolk.



Styrmir Snær Prastarson, íþróttakaril HSK 2021, fagnar Íslandsmeistaratitlinum.

Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2021

Yfirlit um skipan nefnda sem kosnar voru á héraðsþingi HSK 2021 og stjórnir sérráða HSK sem kosnar voru á aðalfundum ráðanna.

Almenningsíþróttanefnd

Formaður: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna
Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss
Kjartan P. Guðmundsson, Umf. Hvöt
Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss

Badmintonnefnd

Formaður: Sæmundur Steingrímsson, Umf. Þór
Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Karen Sæmundsdóttir, Umf. Þór
Varamaður: Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór

Blaknefnd

Formaður: Haraldur Örn Björnsson, Íþróttafélaginu Hamri
María Rósa Einarsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon
Freyja Þorkeldsdóttir, Umf. Hrunamanna
Varamaður: Áslaug Harðardóttir, Umf. Laugdæla

Borðtennisnefnd

Formaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímon
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Bæring J. Guðmundsson, Íþróttafélaginu Garpi
Varamaður: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla

Briddsnefnd

Formaður: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss
Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi
Kristján Hálfðanarson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

Fimleikanefnd

Formaður: Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, Umf. Selfoss
Heiðrún Ósk Sævarsdóttir, Umf. Selfoss
Kolbrún Marín Wolfram, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Ásdís Birta Auðunsdóttir, Umf. Þór

Stjórn Frjálsíþróttaráðs

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda,
Eyrún María Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon
Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss
Sigurður Kristinn Guðbjörnsson, Umf. Heklu
Tinna Björnsdóttir, Umf. Selfoss.

Stjórn Glimuráðs

Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda
Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi
Ritari/varaf.: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda
Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi
Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda

Golfnefnd

Formaður: Vignir Demusson, Golfklúbbi Hveragerðis
Einar Lyng Hjaltason, Golfklúbbi Hveragerðis
Bjarni Jóhannsson, Golfklúbbi Hellu
Varamaður: Helgi Guðmundsson, Golfklúbbum Flúðum

Handknattleiksnefnd

Formaður: Einar Sindri Ólafsson, ÍF Mílan
Hjörtur Leó Ólafsson, ÍF Mílan
Anton Ingi Arnarson, Umf. Selfoss
Varamaður: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss

Hestaíþróttanefnd

Formaður: Lovísa H. Ragnarsdóttir, Hestamannafélaginu Geysi
Halldóra S. Jónsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni
Magnús Ólason, Hestamannafélaginu Sleipni
Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi

Íþróttanefnd eldri félagsmanna

Formaður: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss
Markús Ívarsson, Umf. Samhyggð
Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Ásberg Lárentínusson, Umf. Þór

Íþróttanefnd fatlaðra

Formaður: Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra
María K. Jacobsen, Íþróttafélaginu Gný
Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný

Knattspyrnunefnd

Formaður: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja
Hafþór Theodórsson, Knattspyrnufélagi Árborgar
Gústaf Sæland Skúlason, Umf. Biskupstungna
Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþróttafélaginu Hamri

Körfuknattleiksnefnd

Formaður: Lárus Ingi Friðfinnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna
Þorsteinn Darri Sigurgeirsson, Umf. Heklu
Varamaður: Víðir Óskarsson, Körfuknattleiksfélagi Selfoss

Skáknefnd

Formaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss
Björgvin Helgason, Umf. Heklu
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja

Starfsíþróttanefnd

Formaður: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Kolbrún Júlíusdóttir, Umf. Þjótanda
Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi

Sundnefnd

Formaður: Charlotte Clausen, Íþróttafélaginu Hamri
Guðmundur Pálsson Umf. Selfoss
Sigurbjörg Hafsteinsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Anna Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Selfoss

Sögu- og minjanefnd

Formaður: Kjartan Lárusson, Umf. Laugdæla
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Aðalsteinn Sveinsson, Umf. Þjótanda
Varamaður: Gunnar Marmundsson, Íþróttafélaginu Dímon

Yfirlit um störf nefnda og ráða HSK:

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framfar í ársskýrslunni á bls. 12-13.

Almenningsíþróttanefnd

Bláskógaskokkið

Bláskógaskokk HSK var haldið sunnudaginn 13. júní 2021. Samtals tóku 44 keppendur þátt í hlaupinu, 31 hljóp 10 mílur og 13 manns hlupu fimm mílur. Framkvæmd hlaupsins gekk vel, þrátt fyrir leiðindaveður.

Steinunn Lilja Pétursdóttir kom fyrst í mark í kvennaflokki í 10 mílum á 1;20,37 klst. og í karlaflokki var það Sölvi Sturluson sem sigraði á 1;14,10 klst. Sigmar Egill Baldursson kom fyrstur í mark í styttri vegalengdinni á 39,52 mín og í kvennaflokki var það Þórdís Valsdóttir á tímanum 50,50 mín. Sigurvegaramir fengu sérverðlaun sem var gisting á Hótel Ör. Þá er Fontana á Laugarvatni þakkaður stuðningurinn við hlaupið.

Heildarútslit eru á www.timataka.net og fleiri myndir má sjá á www.hsk.is.

Á næsta ári verður afmælishlaup, en þá verða 50 ár liðin frá því fyrsta Bláskógaskokkið var haldið árið 1972.

Badmintonnefnd

Innan vébanda HSK var badminton iðkað sem keppnisíþrótt hjá þremur félögum árið 2021 en þau voru Dímon, Hamar og Umf Þór. Iðkendafjöldinn var misjafn milli félaga sem og fjöldi æfinga á viku.

Einn leikmaður var valinn í úrtakshóp unglingslandsliðs Íslands í badminton, Úlfur Þórhallsson, U15 ára, úr Hamri. Hann mætti á landsliðsæfingar í nokkur skipti þetta árið. Úlfur á framtíðina fyrir sér í badminton og gaman verður að fylgjast með honum sem og öðrum iðkendum í framtíðinni.

Badmintonnefnd HSK sér til þess að haldin séu tvö mót á ári undir nafni HSK en þau eru Unglingamót HSK og Meistaramót HSK. Badmintonnefnd HSK sér um fjármögnun og skipulag mótanna. Þetta árið voru aðstæður þannig að ekki var hægt að halda Meistaramót HSK og féll það því niður.

Á hverju ári eru haldin tvö stór barna- og unglingsmót innan vébanda HSK, Kjörismót Hamars og Unglingamót Þórs. Í febrúar hélt Umf. Þór sitt árlega Þórs mót sem er mót fyrir börn og unglinga. Þetta mót er svokallað byrjendamót þar sem þeir bestu á landinu eru ekki gjaldgengir á mótið, en það teljast allir þeir sem unnið hafa til verðlauna á mótum yfir veturinn. Þátttakendur voru um 100 talsins. Þátttakendur komu alls staðar að af landinu, alls frá 6 félögum. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir



Frá Bláskógaskokki 2021.

mikinn fjölda keppenda og náðist að ljúka mótinu á settum tíma.

Í nóvember hélt Hamar Kjörismót Hamars sem er mót fyrir börn og unglinga. Það var byrjendamót líkt og Þórsmótið og voru þeir bestu á landinu því ekki gjaldgengir á Kjörismótið heldur. Þátttakendur voru 100 talsins frá 7 félögum, alls staðar að af landinu. Mótið gekk vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda. Við fögnum því að haldin séu tvö stór unglingsmót á ári innan vébanda HSK og verður það eflaust til þess að efla badmintoniðkun á svæðinu enn frekar.

Í desember var Unglingamót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 34 talsins frá þremur félögum; Dímon, Hamar og Umf Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. HSK-meistara titillinn hlaut Hamar sem fór með sigur úr bytum með 35 stig, Dímon var í öðru sæti með 24 stig og Umf Þór í því þriðja með 6 stig.

Blaknefnd

Þó að árið 2021 hafi aftur litast af Covid-19 faraldrinum þá var reynt að halda HSK mót í blaki í apríl. Keppa átti heima og að heiman en þurfti að hætta við þegar enn ein bylgjan skall á og öllu var skellt í lás. Ljós punkturinn á síðasta keppnistímabili var að Hamar urðu þrefaldir meistara, bikar-, deildar- og Íslandsmeistarar karla og fóru í gegnum mótið ósigraðir.



Sigurlið Hamars á unglingsmóti HSK í badminton 2021.

Haustið byrjaði vel en við náðum að halda hraðmót HSK í september í bæði karla og kvennaflokki. Dímon-Hekla urðu í þremur efstu sætum í kvennaflokki en hjá körlunum urðu Hamar í fyrsta sæti, Hrunamenn í öðru og Hamar í þriðja sæti.

Fyrri umferð HSK mótsins hjá bæði konum og körlum fór fram í lok október og lítur út fyrir að við náum loksins heilum vetri með mótum.

Það er augljóst að faraldurinn hefur dregið úr fjölda iðkenda svo mikið starf er fyrir hendi að ná fyrri hæðum en við lítum björtum augum til framtíðar þar sem útlit er fyrir að loksins sé þessu ástandi að linna.

**Fyrir hönd Blaknefndar HSK,
Haraldur Örn Björnsson, formaður**

Borðtennisnefnd

Héraðsmót HSK í borðtennis var haldið í íþróttahúsinu á Hvossvelli 20. nóvember 2021. Mótið var nú haldið í 46. sinn, en fyrsta héraðsmótið var haldið árið 1975. Mótið hefur farið fram árlega síðan, þar til í fyrra, en þá þurfti að aflýsa mótinu vegna heimsfaraldurs.

Í ár mættu keppendur frá þremur félögum til leiks og vegna Covid fjöldatakmarkana var mótið tvískipt. Keppendur í flokkum 13 ára og yngri hófu keppni fyrir hádegi og 14 ára og eldri mættu kl. 14:00.

Á mótinu var keppt í einliðaleik í 11 flokkum og veitt voru verðlaun í öllum flokkum. Keppendur frá Dímon unnu sjö HSK meistaratitla, Garpur vann þrjá titla og Selfoss einn titil.

Dímon vann stigakeppni félaga með 120 stig, Garpur varð í öðru sæti og Selfoss í þriðja.

Briddsnefnd

Aflýsa þurfti HSK tvímenningi og HSK móti í sveitakeppni í ár vegna samkomutakmarkana.

Frjálsíþróttaráð

Stjórn Frjálsíþróttaráðs HSK skipa Guðmunda Ólafsdóttir Umf. Þjótanda, formaður. Meðstjórnendur eru Eyrún María Guðmundsdóttir Íþrf. Dímon, Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss, Sigurður Kristinn Guðbjörnsson, Umf. Heklu og Tinna Ósk Björnsdóttir Umf. Selfoss.

Aðalfundur ráðsins var haldinn 23. mars 2021. Engar breytingar voru gerðar á stjórn ráðsins á fundinum.

Frjálsíþróttaráðið 2021 var annað árið í röð sem var óvenjulegt sökum heimsfaraldurs covid19 og setti faraldurinn mark sitt á meirihluta ársins. Miklar áskoranir fylgja því að halda frjálsíþróttamót undir sibeýtilegum sóttvarnareglum auk þess sem

faraldurinn hefur haft mikil áhrif á brottfall í frjálsum sem og öðrum íþróttgreinum.

Það tókst að halda frjálssíþróttaskóla FRÍ á Selfossi með hefðbundnu sniði dagana 27. júní-1. júlí. Sem fyrr voru umsjónarmenn skólans Ágústa Tryggvadóttir og Fjóla Signý Hannesdóttir. Metþátttaka var í skólanum en 60 börn á aldrinum 11-15 ára mættu á svæðið og komu víða að. Markmið sumarbuðanna er að kynna og breiða út frjálssíþróttir á Íslandi. Dagskráin var mjög fjölbreytt þar sem til að mynda voru kvöldvökur, leikir, sundferðir og fleira í bland við æfingar. Eurovisionfarinn og Gagnamagnsmeðlimurinn Stefán Hannesson spjallaði og svaraði spurningum barnanna. Einnig fræddu frjálssíþróttahjónin Kristín Birna Ólafsdóttir og Mark Johnson okkur um tækifærin og þær upplifanir sem íþróttin hefur fært þeim í lífinu. Frjálssíþróttaskólanum lauk svo með vel heppnuðu frjálssíþróttamóti.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/ Selfoss á meistaramótum og áttum við góðu gengi að fagna á öllum mótunum í flokkum barna og unglinga. Við sigruðum MÍ 11-14 ára utanhúss með fjölmennt lið auk þess sem A-lið HSK sigraði bikarkeppni 15 ára og yngri. Bikarkeppnirnar innanhúss féllu niður og HSK/Selfoss átti svo fáa keppendur á MÍ aðalhluta innan- og utanhúss. Við vorum í öðru sæti á MÍ 11-14 ára innanhúss.

Úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

MÍ 11-14 ára innanhúss

2. sæti 6 Íslandsmeistararitlar

MÍ Unglinga innanhúss

3. sæti 9 Íslandsmeistararitlar

MÍ Aðalhluti innanhúss

9. sæti 0 Íslandsmeistararitill

Bikarkeppni innanhúss

Féll niður á árinu

Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss

Féll niður á árinu

MÍ 11-14 ára utanhúss

1. sæti 13 Íslandsmeistararitlar

MÍ unglinga utanhúss

1. sæti 24 Íslandsmeistararitlar

MÍ aðalhluti utanhúss

9. sæti 1 Íslandsmeistararitill

Bikarkeppni fullorðinna utanhúss

HSK sendi ekki lið til keppni

Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss

1. sæti 11 bikarmeistararitlar

HSK á sex einstaklinga í úrvalshópi unglinga hjá FRÍ. Þeir sem eru í úrvalshópnum nú um áramót eru: Daníel Breki Elvarsson Umf. Selfoss, Sebastian Þór Bjarnason Umf. Selfoss, Veigar Þór Viðisson Íþrf. Garpi, Álfrún Diljá Kristínardóttir Umf. Selfoss, Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss og Ísold Assa Guðmundsdóttir Umf. Selfoss. Þar að auki er Eva María Baldursdóttir í afrekshópi unglinga.

Frjálssíþróttamaður HSK 2021 var valinn af Frjálssíþróttaráði Örn Davíðsson. Örn er kominn aftur í raðir Umf. Selfoss eftir að hafa verið árum saman í FH. Örn keppti á nokkrum mótum á árinu 2021 og kastaði spjótinu 62,67m á Héraðsmóti HSK í sumar sem skilaði honum í 3. sæti á afrekalista ársins á Íslandi auk þess sem hann er einnig ofarlega á afrekaskránni í kringlukasti. Örn er að æfa af kappi og stefnir ótrauður á keppnisvöllinn 2022.

Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss er frjálssíþróttakona HSK 2021. Eva María er hástökkvari Eva María tók þátt í tveimur landsliðsverkefnum á árinu en hún keppti á Evrópubikarkeppni landsliða þar sem hún stökk 1,69m og endaði í 8. sæti. Hún keppti einnig á Evrópumeistaramóti U-20 í Tallin í



Þátttakendur í héraðsleikum HSK í frjálssíþróttum.

Eistlandi þar sem hún náði sér ekki á strík og komst ekki í úrslit. Hún gerði gott mót á mótum innanlands og sigraði t.d. RIG international með stökki uppá 1,78 cm sem er hennar besta stökk innanhúss og hæsta stökk ársins á Íslandi bæði innan og utanhúss. Hún varð Íslandsmeistari í flokki 18-19 ára bæði innan og utanhúss auk þess sem hún sigraði Meistaramót Íslands þrátt fyrir mjög slæmar keppnisáðstæður. Eva María er jákvæð að upplagi og lætur ekki mótlæti stöðva sig. Hún er mjög dugleg við að starfa fyrir frjálssíþróttadeild Umf. Selfoss og hefur m.a. starfað sem þjálfari síðustu ár.

Alls voru 64 HSK met sett á árinu, sem eru talsvert færri met en undanfarin ár, enda var fjölda móta aflyst vegna samkomutakmarkana.

Keppendur 11 – 22 ára settu 45 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu tvö met og keppendur í öldungaflokkum settu 17 met. Tvö þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki.

Þorvaldur Gauti Hafsteinsson Umf. Selfoss, keppandi í 14 ára flokki, setti flest HSK met á árinu. Hann setti samtals 13 HSK met í sex aldursflokkum. Álfrún Diljá Kristínardóttir Umf. Selfoss, keppandi í 15 ára flokki kom næst með 11 HSK met og Þórhildur Lilja Hafsteinsdóttir Selfossi og tvíbúrasystir Þorvaldar kom næst með sex HSK met.

Næstur kom svo Hjámar Vilhelm Rúnarsson Selfossi, en hann setti fimm HSK met í 13 ára flokki. Tvö þeirra meta voru einnig Íslandsmet í hans aldursflokki í spjótkaсти.

Guðbjörg Viðarsdóttir setti flest HSK met í öldungaflokkum, en hún setti fimm met á árinu í flokki 50 - 54 ára. Næst komu þau Þuríður Ingvarsdóttir Selfossi í flokki 45-49 ára og Sigmundur Stefánsson Þjótanda í flokki 70-74 ára, en þau settu bæði tvö met í sínum aldursflokki.

Stærsta hlutverk Frjálssíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir sex mótum á árinu sem er talsvert minna en í venjulegu árferði. Innanhúsmót HSK 11 ára og eldri átti að halda í Kaplakrika en það varð ekki vegna samkomutakmarkana. Sömu sögu er að segja um Héraðsleika HSK innanhúss. Stærsti viðburður Frjálssíþróttaráðs var Meistaramót 15-22 ára sem haldið var á Selfossvelli í júlí og tókst vel. Auk mótanna sem HSK hélt mönnum við eina grein RIG leikunum sem haldnir voru í febrúar.

Hér verður farið yfir öll mót sem haldin voru á vegum Frjálssíþróttaráðs HSK árið 2021.

Mót á vegum HSK 2021

Vormót HSK

Vormót HSK var haldið 25. maí á Selfossvelli.

Rúmlega 90 keppendur voru skráðir til leiks og er það svipaður fjöldi og síðustu ár. Mótvinur var í öllum hlaupum en að öðru leiti voru aðstæður ágæt. FH-ingurinn Arnís Diljá Óskarsdóttir setti Íslandsmet í spjótkaсти 16-17 ára stúlkna þegar hún kastaði 45,93 metra. Álfrún Diljá Kristínardóttir Umf. Selfoss setti HSK met þegar hún kastaði 3 kg sleggjunni 43,93m í flokki 16-17 ára.

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára utanhúss

Aldursflokkamót 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram 8. júní á Selfossvelli. Rúmlega 60 keppendur voru skráðir til leiks og er það svipað og árið 2020 en verður samt að teljast mjög fámenn. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 520 stig, í öðru sæti var Garpur/Hekla með 191 stig og í þriðja sæti Umf. Þjótanda með 115 stig. Á mótinu var sett eitt Íslandsmet en Hjálmar Vilhelm Rúnarsson Umf. Selfoss kastaði spjóti 51,11m í flokki 13 ára pílta. Metið var að sjálfsgöngu líka Héraðsmet en auk þess voru sett 12 héraðsmet á mótinu.

Héraðsleikar HSK utanhúss

Héraðsleikar 10 ára og yngri í frjálsum íþróttum fóru fram 8. júní á frjálssíþróttavellinum á Selfossvelli, samhliða aldursflokkamótinu. Keppendur á Héraðsleikum voru 66 talsins og er það fjölgun frá síðustu árum. Veðrið lék við keppendur á mótinu og allir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Héraðsmót HSK utanhúss

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram dagana 11.-12. ágúst. Á mótið voru skráðir rúmlega 60 keppendur og þar af voru aðeins tveir gestaþátttakendur frá liðunum á höfuðborgarsvæðinu og skýrir það minni þátttöku en síðustu ár. Héraðsmótið er stigakeppni milli félaga og Umf. Selfoss sigraði mótið með 266,5 stigum. Í öðru sæti var Garpur/Hekla með 249 stig svo stigakeppnin var óvenju spennandi í ár. Í þriðja sæti var Umf. Hrunamanna með 25 stig. Stigahæsti karl mótsins var Veigar Þór Viðisson Umf. Garpi og stigahæsta kona var Fjóla Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss. Aðstæður á mótinu voru ágæt, vindur löglegur í öllum hlaupum og stökkum en frekar kalt.



Bikarlið HSK 15 ára og yngri í frjálsíþróttum utanhúss 2021.



Keppni í 100 metra hlaupi kvenna á héraðsmóttinu í frjálsum.

Héraðsmót fatlaðra

Enginn keppandi var skráður til leiks á héraðsmóti fatlaðra svo það féll niður.

Unglingamót HSK utanhúss

Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossvelli 19. ágúst. Aðeins 25 þátttakendur af HSK svæðinu tóku þátt á móttinu auk þriggja gestabátttakenda en það er óvenju léleg þátttaka. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 146 stig, Garpur/Hekla varð í öðru sæti með 129 stig og Umf. Hrunamanna í þriðja með 55 stig.

Mí 15-22 ára

Samkvæmt mótaúthlutun ársins 2021 átti HSK að halda Mí aðalhluta en vegna ymissa ástæðna þurftum við að skipta við UFA sem átti að halda Mí unglunga. Það hentaði okkur í HSK ágætlega og var því Mí 15-22 ára haldið á Selfossvelli 3.-4. júlí. Undirbúningur mótsins gekk vel enda komin ágætis reynsla á að halda stór mót á Selfossvelli. Vel gekk að fá sjálfboðaliða til starfa á móttinu og viljum við færa þeim öllum bestu þakkir fyrir. Mótið var fjárfloflun og fengu félagin greitt fyrir hvern klukkutíma sem starfsmaður þeirra starfaði.

Lið HSK/Selfoss vann sögulegan sigur á móttinu en liðið sigraði með 421,5 stigum og þar með lauk 17 ára órófinni sigurgöngu ÍR á þessu móti. Aðstæður til keppni voru með besta móti á móttinu en tvö Íslandsmet féllu og tíu mótsmet. Keppendur HSK unnu 24 Íslandsmeistarátitla.

Að endingu vil ég færa öllum sjálfboðaliðum þakkir fyrir gott starf á árinu. Allir voru jákvæðir þrátt fyrir aukna vinnu við að fylgja sóttvarnareglum og virkilega gaman að starfa með ykkur á vellinum. Við vonum að árið 2022 verði sem hefðbundnast, iðkendum fjölgi á HSK svæðinu og árangur verði góður.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

Glimuráð HSK

Enginn aðalfundur var haldinn árið 2021 en stjórn kosna á aðalfundi 2020 skipa: Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda. Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi. Ritari/varaform.: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda. Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi og Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda.

Heimsfaraldur Covid 19 og þær sóttvarnar-ráðstafanir sem stjórnvöld gripu til settu verulegt mark á starf Glimuráðs HSK árið 2021 líkt og 2020. Glimuráðið hélt engin mót á árinu en Glimusambandið hélt nokkur mót þar sem glímufólk af sambands svæði HSK tók þátt.

Alls iðkuðu 195 glímu á HSK svæðinu samkvæmt starfskýrslum ÍSÍ árið 2021. Af þeim hóp tóku 18 þátt í keppni á vegum GLÍ.

Jana Lind Ellertsdóttir sat Glimuþing fyrir hönd ráðsins 6. mars í Reykjavík en hún sæti í stjórn GLÍ. Á Glimuþinginu var Kjartan Lárusson kosinn heiðursfélagi Glimusambandsins vegna sinna margháttaðu starfa fyrir glímuhreyfinguna. Kjartan átti farsælan feril sem glímumaður á yngri árum

ásamt því að vinna ótúllega að útbreiðslu glímunnar á landsvísi fyrir hönd GLÍ. Hann sinnti þjálfun glímufólks hjá Umf. Laugdæla í áraraðir og hefur síðan 1992 verið einn helsti glímudómari landsins og formaður Glimudómarafélags Íslands síðan 1999.

Árangur HSK fólks á mótum GLÍ Bikarglíma Íslands

Haldin í Akurskóla Reykjanesbæ 13. febrúar 2021.

Konur -70 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur opinn flokkur

3. Jana Lind Ellertsdóttir

12 ára stelpur

2. Margrét Lóa Stefánsdóttir

12 ára strákar

1. Sæþór Leó Helgason

3. Magnús Ögri Steindórsson

6. Björgvin Guðni Sigurðsson

14 ára stelpur

3. Svandís Aitken Sævardóttir

14 ára strákar

1. Óskar Freyr Sigurðsson

4. Arnór Leví Sigmarsson

15 ára stelpur

2. Melkorka Álfdis Hjartardóttir

Grunnskólamót Íslands

Haldið á Reyðarfirði 15. maí 2021.

5. bekkur stráka

1. Hrafnkell Hilmar Sigmarsson, Flóaskóla

6. bekkur stúlkna

1.-2. Hugrún Svala Guðjónsdóttir, Flóaskóla

1.-2. Margrét Lóa Stefánsdóttir, Flóaskóla

6. bekkur stráka minni

1. Sæþór Leó Helgason, Flóaskóla

2.-4. Björgvin Guðni Sigurðsson, Flóaskóla

7. bekkur stúlkna

2. Ásrún Júlía Hansdóttir Flóaskóla

7. bekkur stráka

2. David Örn Aitken Sævarsson, Flóaskóla

8. bekkur stelpna

3. Svandís Aitken Sævarsdóttir, Flóaskóla

8. bekkur stráka

1. Óskar Freyr Sigurðsson, Flóaskóla

2. Arnór Leví Sigmarsson, Flóaskóla

9. bekkur stelpna

2.-3. Melkorka Álfdis Hjartardóttir, Flóaskóla

Íslandsglíman

Haldin í Reykjavík 22. maí 2021. Jana Lind Ellertsdóttir Íþf. Garpi varð Glimudrottning í annað skiptið eftir spennandi keppni auk þess að hljóta fegurðarglimuverðlaun keppninnar.

Íslandsmeistaramót 15 ára yngri

Haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd 30. október 2021.

Stúlkur 10 og 11 ára

3. Bergþóra Dögg Þorbergsdóttir

4. Kristjana Ársól Stefánsdóttir

Strákar 10 og 11 ára

1. Hrafnkell Hilmar Sigmarsson

2. Axel Örn Aitken Sævarsson

3. Gísli Svavar Sigurðsson

4. Alexander Máni Axelsson

Stúlkur 12 og 13 ára

2. Hugrún Svala Guðjónsdóttir

3. Margrét Lóa Stefánsdóttir

Strákar 12 og 13 ára

4. David Örn Aitken Sævarsson

5. Björgvin Guðni Sigurðsson

Stúlkur 14 og 15 ára

2. Melkorka Álfdis Hjartardóttir

5. Svandís Aitken Sævarsdóttir

Strákar 14 og 15 ára

1. Óskar Freyr Sigurðsson

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glimuráðs HSK árið 2021. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ og HSK sem og í árbók Glimusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Glimusambandsins.

Fyrir hönd Glimuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Stefán Geirsson, formaður.

Íþróttanefnd fatlaðra

Árið 2021 var Covid við völd og lítið um mótahald. Golf var æft í sumar og þann 1. september var haldið héraðsmót í golfi á Selvelli við Flúðir. Eftir mótið fengu keppendur og starfsfólk mótsins sér gómsætar pizzur í Selkaffi.

Úrslit urðu eftirfarandi:

Karlar:

1. Árni Bárðarson
2. Eðvarð Huginn Hólmarrsson
3. Bjarni Friðrik Ófeigsson

Konur:

1. Telma Þöll Þorbjörnsdóttir
2. María Sigurjónsdóttir
3. Sigríður Erna Kristinsdóttir

Íþróttanefnd fatlaðra hvetur fólk með fötlun að taka þátt í íþróttum. Rannsóknir hafa sýnt að þær efla líkamlega getu, félagsþroska og jákvæða sjálfsmynd. Fólk með fötlun stundar fjölbreyttar íþróttir hér á landi, bæði með almennum íþróttafélögum og íþróttafélögum fatlaðra. Íþróttasamband fatlaðra if@ifsport.is veitir allar upplýsingar um það sem í boði er um land allt og aðstoðar einnig við að koma að nýjungum sem fólk hefur áhuga á.

Skáknefnd

Sveitakeppni HSK í skák fór fram fimmtudaginn 18. mars 2021 í Tíbrá á Selfossi. Fimm sveitir frá fimm félögum mættu til leiks og urðu úrslitin eftirfarandi:

- | | | |
|----|----------------|---------------|
| 1. | Umf. Þór | 11 vinningar |
| 2. | Umf. Selfoss | 9 vinningar |
| 3. | Umf. Gnúpverja | 8 ½ vinningar |
| 4. | Umf. Hekla | 6 vinningar |
| 5. | Íþr.f. Dímon | 5 ½ vinningar |

Sigursveit Umf. Þórs skipuðu þeir Gísli Hólmarr Jóhannesson á fyrsta borði, Erlingur Jensson á öðru borði, Magnús Garðarsson á þriðja borði og Oddur Tómas Oddsson á fjórða borði.

Sundnefnd

Eins og sundnefnd HSK var bjartsýn fyrir ári síðan að nú lægi allt upp á við í sundinu á Suðurlandi þá var síðastliðið ár enn og aftur litað mjög af aðstæðum í samfélaginu.

Mjög erfitt var að koma á héraðsmótum í sundi en þó gafst eitt tækifæri til þess. Það náðist að halda Aldursflokkmót í sundi á Hvolsvelli 2. júní. Það var mikil gleði hjá öllum að ná að koma saman og synda og móttökurnar á Hvolsvelli voru mjög góðar. Einnig verður að taka fram að aðstoð foreldra á sundmótum HSK hefur ávallt verið til fyrirmyndar og engin undantekning var þarna því foreldrar voru boðnir og búnir til þess að aðstoða við mótið. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir.

Á þessu aldursflokkmóti stóð Selfoss uppi sem sigurvegari í stigakeppninni með 169 stig, Dímon var í öðru sæti með 36 stig og Hamar í því þriðja með 26 stig.

Keppendur mótsins stóðu sig virkilega vel og



Jana Lind (t.h.) bikarmeistari í glímu.



Kjartan Lárusson var kjörinn Heiðursfélagi GLÍ á glímuþingi.

margir öðluðust þarna dýrmæta reynslu í keppni og margir bættu árangur sinn.

Bergþóra Sól Hálfðánsdóttir var verðlaunuð fyrir stigahæsta sundið samkvæmt stigatöflu FINA en það var í 200 m. fjórsundi og synti hún það á 3:03,99 mín. og hlaut þar af leiðandi 291 stig.

Tveir keppendur frá Selfossi tóku þátt í Aldursflokkeistaramóti Íslands á Akureyri þær Bergþóra Sól Hálfðánsdóttir og Hallgerður Höskuldsdóttir og stóðu sig báðar vel. Þær stóllur kepptu einnig á Extramóti SH í október. Sjö keppendur frá Selfossi kepptu á Haustmóti Ármanns í september. Á Vormóti Breiðabliks í maí kepptu 4 sundmenn, einnig syntu 4 sundmenn á Ásvallamóti SH.

Þar sem enn eitt árið leið í skugga heimsfaraldurs er einlæg von okkar að bjartari tímar séu nú framundan og starfsemi sundnefndar fái eðlilegri farveg en verið hefur á nýju ári.

Charlotte Clausen

Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa: Kjartan Lárusson Umf. Laugdæla formaður, Ólafur Elí Magnússon Íþr.f. Dímon, Aðalsteinn Sveinsson Umf. Þjótanda. Varamaður Gunnar Marmundsson Íþr.f. Dímon, en hann tók

þátt í störfum nefndarinnar. Með nefndinni starfar Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og er framlag hans mjög mikilvægt.

Nefndin kom ekki nema einu sinni saman á árinu vegna COVID19 á starfsárinu.

Eins og undanfarin ár gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Lagði nefndin til að Sigmundur Stefánsson Umf. Selfoss yrði valinn. Svo skemmtilega vill til að hann er alnafni Öðlings ársins 2020.

Greining á myndum HSK féll niður á árinu en stefnt er á að halda því verkefni áfram núna í haust Guðmunda á Héraðsskjalasafninu óskaði eftir því síðasta vetur að gert yrði hlé á verkefninu þar sem búið væri að greina flestar af þeim myndum sem teljast gamlar. Mest af þeim myndum sem á eftir að greina eru 30 ára og yngri. Myndir HSK og fleiri aðila má skoða á síðunni www.myndasetur.is. Við hvetjum fólk til þess að skoða myndir HSK á síðunni og senda inn ábendingar ef einhverjar myndir eru rangt skráðar eða ef hægt er að bæta skráninguna á einhvern hátt. Það er gert með því að senda inn ábendingu með því að ýta á ábendingarhnappinn sem birtist þegar einstakar myndir eru skoðaðar.

Kjartan Lárusson



Aldursflokkmót í sundi var haldið á Hvolsvelli.

Velkomin á Selfoss



Sveitarfélagið Árborg býður alla velkomna á 23. Unglingalandsmót
UMFÍ sem haldið verður á Selfossi 29.-31. júlí 2022



Á Selfossi er frábær
aðstaða þar sem stutt er
á milli allra keppnisstaða.
Boðið er upp á stórt
tjaldstæði og fjölbreytta
afþreyingardagskrá fyrir
alla fjölskylduna.

Sjáumst á Selfossi

HSK
1910



Sveitarfélagið
ÁRBORG

UMFÍ

Skýrslur aðildarfélaga HSK:

Golfklúbbur Ásatúns

Aðalfundur Golfklúbbs Ásatúns var haldinn að Sandhólum 10 Hrunamannahreppi 20. febrúar 2021. Lagðir voru fram reikningar og stjórn kosin, ásamt venjulegum aðalfundarstörfum.



Eftirtalin voru kosin í stjórn. Formaður: Sigurjón Harðarson. Aðrir í stjórn: Eiríkur Stefánsson, Edda Eðvaldsdóttir, Árni Sófússon, Edda Ólafsdóttir. Varamenn: Grímur Guðmundsson og Valgerður Jana Jensdóttir.

Fjöldi félagsmanna er 284 nú um áramót 2021/22 og hefur vinna við utunumhald verið heilmikil. Félagsgjald var 10.800 kr. og var GSÍ gjald innifalið, ásamt einum hring á Selsvelli, sem er heimavöllur Golfklúbbs Ásatúns.

Stjórn klúbbsins hefur haft það að markmiði að styðja vel við Selsvöll og unnið við ýmis verkefni svo sem grisjun trjáa, lagningu stiga og nú síðast þökulagningu á nýrri flöt fyrir 9. braut.

Um síðustu áramót varð sú breyting að Golfklúbbur Flúða keypti golfvöllinn ásamt tækjum og öðrum búnaði. Það eru því ærin verkefni framundan í uppbyggingu vallarins og því sem tilheyrir svæðinu. Stjórn Golfklúbbs Ásatúns skorar á félagi að nota frísplið sitt á Selsvelli og styðja þannig við uppbyggingu.

Golfklúbburinn Dalbúi

Golfsumarið 2021 hjá Dalbúa var afar gott í alla staði. Í Miðdalnum var veðrið heilt yfir nokkuð gott og aðsókn á völlinn var með mesta móti. Margir lögðu leið sína til okkar frá höfuðborgarsvæðinu eingöngu til þess að spila golf. Þeir kylfingar sem komu frá höfuðborginni höfðu á orði að erfitt væri að fá rástíma á þeirra golfvöllum vegna ásóknar og einnig að veðrið var greinilega betra hér en á höfuðborgarsvæðinu.



Rástímaskráning var tekin upp hjá okkur sl. sumar. Rástímaskráningin gekk heilt yfir ágætlega en þó með nokkrum hnökrum sem vonandi verður hægt að leysa úr fyrir golfsumarið 2022. Gestaföldi á völlinn á þessu starfsári var rétt um 5000 manns og er það aukning frá árinu 2020.

Síðsumars komu matsmenn frá GSÍ til okkar í þeim tilgangi að mæla völlinn. Þó nokkra vinnu þurfti að inna að hendi fyrir komu þeirra og má þar m.a. nefna ný fastamerki á teigum. Nýtt vallarmat mun því væntanlega líta dagsins ljós á vordögum 2022.

Vinna við nýtt æfingarsvæði er hafin og verður hún mjög góð viðbót við það æfingarsvæði sem nú þegar er til staðar. Hafin er vinna við stækkun teiga og miðar henni vel. Stefnt er að því að þeir verði nothæfir í vor. Ný/gömul Toro brautarvél var keypt á árinu og er markmið GD að endurnýja vélakostinn smátt og smátt.


Golfmót sumarsins voru sex að þessu sinni. Þau heppnuðust öll afar vel og var þátttaka með mesta móti. Í nokkrum af mótum sumarsins þurfti að hafa tvö holl á nokkrum teigum, en allt gekk afar vel og almenn ánægja með hvernig til tókst.

Aðalfundur GD 2021 var haldinn 2. desember. Líkt og árið á undan var hann haldinn á Zoom. Stjórn Dalbúa var þannig skipuð á starfsárinu 2021:

Bryndís Scheving formaður, Ásbjörn Sveinbjörnsson varaformaður, Eiríkur Þorláksson gjaldkeri, Gísli B. Ívarsson ritari, Hafþór B. Guðmundsson meðstjórnandi, Ragnar Þórisson varamaður og Helgi Einarsson varamaður.



Frá þökulagningu á 9. flöt á Selsvelli.



Klúbbmeistarar GF 2021, þau Tómas Sigurðsson og Jónína Birna Sigmarsdóttir.

Engin bauð sig fram til formanns og var Bryndís Scheving því sjálfkjörin. Engar breytingar eru á stjórn GD frá því árið 2021.

Golfklúbburinn Flúðir

Golfklúbburinn Flúðir hélt uppi öflugu íþrótt- og lýðheilsustarfi á árinu 2021. Sveit GF tók þátt í Íslandsmóti golfklúbba í karlaflokki, 3. deild í Grindavík og sveit eldri kylfinga tók þátt í Íslandsmóti eldri kylfinga 65+ sem fram fór í Öndverðarnesi.



Aðsókn að mótum GF var góð, en Covid 19 setti stundum strik í reikninginn. Alls tóku 660 kylfingar þátt í 9 mótum samanborað við 704 árið 2020, auk þess sem minni mót voru haldin á Vordaginn og hið svokallaða Topp 10 mót og svo Áramótíð í árslok.

Síðasta sumar var í fyrsta sinn sett á fót fimmtudagsmótarið sem tókst afar vel. Félagsmenn mættu eftir hádegi á fimmtudögum, skiptu sér í fjögurra manna hópa og kepptu með Texas scramble fyrirkomulagi þar sem allir í liðinu lögðu sitt af mörkum. Komu milli 30 og 40 félagar saman í hverri viku, áttu skemmtilega stund og settust að leik loknum inn í skála og nutu veitinga á sérstöku tilbodsverði.

Ef skoðuð er umferð um Selsvöll voru alls spilaðir 11.347 hringir (golfmót ekki talin) á árinu og hafa ekki verið fleiri í sögu vallarins. Þakka má aukinni umferð

m.a. því að kylfingar fóru síður erlendis til að leika golf og einnig hefur Selsvöllur tekið stöðugum framförum á undanförunum árum.

Heildarfjöldi félaga í GF jókst um 14% á milli ára og hafa aldrei verið fleiri í sögu klúbbsins, eða rúmlega 300 (aukaaðild meðtalin).

Eins og undanfarin ár var unnið að margvíslegum framkvæmdum á vellinum og byggðist starfið að verulegu leyti á sjálfböðaliðum. Verkefni á vellinum eru í raun óþrjúgandi og alltaf er leitast við að bæta og gera vallarsvæðið meira aðlaðandi fyrir þá kylfinga sem sækja okkur heim.

Rekstur GF gekk vel á árinu, hagnaður varð af reglulegri starfsemi og fjárhagsstaða klúbbsins er sterk. Þá gekk rekstur framkvæmdasjóðs vel, en hann fjármagnar endurbætur á Selsvelli og vélakost klúbbsins í samvinnu við landeigendur á Efra-Seli.

GF bauð ungu kynslóðinni upp á ókeypis golfkennslu 5 helgar í sumar, undir handleiðslu PGA kennara og reyndra kylfinga. Vel tókst til, aðsókn var góð og sýnir verkefnið hve mikilvægt er að halda uppi góðu og faglegu starfi þegar kemur að því að kynna íþróttina fyrir þeim sem yngri eru.

Aðalfundur GF var haldinn þann 19. febrúar 2021. Stjórn GF var þannig skipuð; Árni Tómasson formaður, Edda Ástvaldsdóttir gjaldkeri, Unnsteinn Eggertsson ritari og meðstjórnandi var Hafdís Ævarsdóttir. Vallarstjóri var Unnsteinn Eggertsson og rekstur golfskála og veitinga annaðist Halldóra Halldórsdóttir.

Golfklúbburinn Geysir

Þetta ár verður okkur eftirminnilegt eins og flest önnur ár reyndar. Heimsfaraldurinn Covid19 sem skall á okkur snemma í fyrra, er enn að valda okkur vandræðum tæpum tveimur árum síðar og þannig verður sennilega eitthvað áfram.



Haukadalsvöllur var opnaður á miðju sumri þann 6. júlí. Vellinum var snúið til fyrra horfs, þ.e. spilað frá Hótel Litla-Geysir/Hverasvæðinu. Völlurinn endurmældur og tekið á móti vallarmatsnefnd til að endurvekja vallarmatið. Það lá þó ekki fyrir þegar vellinum var lokað í haust, en liggur vonandi fyrir í vor.

Undanfarin ár hafa verið undarleg, völlurinn okkar lokaður, vegna kalskemmda sem unnið var í höfðum höndum að ná til baka, með sífelldum sáningum, söndunum og áburðargjöf og grasslætti auðvitað. Sum svæði slegin nær daglega, en önnur sjaldnar. Þarna liggja einhverjir þúsund klukkutímar á undanförunum árum. Fékk þetta nokkra athygli og traffík í framhaldinu, jafnt nýir spilarar sem og eldri spilarar að endurnýja kynnin.

Við fengum meiri umfjöllun þegar á leið, m.a. vorum við nefnd í umfjöllun fréttaveitunnar/sjónvarpstöðvarinnar CNN um íslenskt golf, ásamt myndbirtingu af vellinum.

Eins og árin fyrir kalskemmdirnar, þá hélt þróunin áfram, að útlendingar eru stærri og stærri hluti kunnahópsins, sérstaklega á virkum dögum. Þetta átti sérstaklega við ef veður var ekki upp á það besta. Þá voru útlendingarnir í meirihluta kyflinga á vellinum, nánast án undantekninga.

Ekkert móthald var á vegum klúbbsins á Haukadalsvelli þetta árið. En eins og áður fyrr var eitthvað um að hópar og einstaklingar héldu mót, með ýmsu leikjafyrirkomulagi. Vinavallasamningar við aðra klúbba voru engir þetta árið.

HSK þing var haldið rafrænt síðla vetrar og „sat“ Einar Tryggvason, þingið fyrir hönd klúbbsins.

Golfklúbburinn GEY sendi að venju hóp manna til að keppa fyrir hönd klúbbsins í Íslandsmóti klúbba. Mótið var haldið hjá Golfklúbbnum í Grindavík og var það til fyrirmyndar.

Starfsárinu fyrir árið 2020 lauk og starfsárið 2021 hófst með aðalfundi sem var haldinn á Hótel Geysi, Geysi í Haukadal, 4. febrúar 2021.

Pálmi Hlökkversson var einn í framboði til formanns og var hann því sjálfkjörinn.

Frimann og Einar gáfu kost á sér til endurkjörs í stjórn. Engin önnur framboð bárust og voru þeir því sjálfkjörin. Stjórnin var því skipuð eftirtöldum þetta starfsár, sem er að ljúka; Pálmi Hlökkversson formaður, aðrir í stjórn eru Gunnar Skúlason, gjaldkeri, Frimann B Baldursson, ritari, Hermann Marinó Maggýjarson og Einar Tryggvason.

Golfklúbbur Hellsu

Aðalfundur Golfklúbbs Hellsu var haldinn 28. október 2021. 31 mættu á fundinn. Fundarstjóri var Bjarni Jónsson Breytingar urðu í stjórn, Óskar Pálsson formaður til 21 árs og Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir gjaldkeri til 21 árs gáfu ekki kost á sér. Tveir buðu sig fram til formanns þeir Guðmundur Ágúst Ingvarsson og Heimir Hafsteinsson atkvæði skiptust þannig að Guðmundur fékk 22 og Heimir 9, Guðrún Arnbjörg Óttarsdóttir bauð sig fram sem gjaldkeri aðrir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram.



Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem gerst hafði á árinu, þakkaði starfsfólki, stjórn og nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á árinu og bauð nýja menn velkomna.



Stjórn GHR að loknum aðalfundi 2021. Á myndina vantar Guðrúnu gjaldkera.

Stjórnina skipa: Formaður: Guðmundur Ágúst Ingvarsson. Varaformaður: Einar Long. Gjaldkeri: Guðrún Arnbjörg Óttarsdóttir. Ritari: Bjarni Jónhannsson. Meðstjórnandi: Guðný Rósa Tómasdóttir. 1. varamaður: Guðlaugur Karl Skúlason. 2. varamaður: Friðrik Sölvi Þórarinnsson.

Breytingar urðu í nokkrum nefndum. Í kappleikja- og félaganefnd gáfu ekki kost á sér áfram Steinar Tómasson og Guðmundur Ingvarsson inn komu Guðmundur Pétur Davíðsson og Þórir Bragason, Guðjón Guðmundsson situr áfram.

Í Vallarnefnd gáfu ekki kost á sér áfram Arngrímur Benjamínsson, Gunnar Bragason og Óskar Pálsson inn komu Ólafur Stolzenwald, Jóhann Sigurðsson og Bjarni Jónsson.

Í Barna- og unglinganefnd gáfu ekki kost á sér Ólafur Stolzenwald og Andri Már Óskarsson engin gaf kost á sér í þeirra stað, Yngvi Karl Jónsson situr áfram.

Aðrar nefndir eru óbreyttar, í þær nefndir sem vantar enn þá mun stjórn GHR leita eftir starfskröftum.

Félagar í klúbbnum eru nú 157 sem er aukning um 21 frá 2020 það hefur aldrei áður verið svo margir skráðir í klúbbinn, 33 gengu í klúbbinn en 12 sögðu sig úr klúbbnum. Skipting félagsmanna er að úr Rangárbíngi ytra eru 46, eystra 22, og 89 utan Rangárbíngs.

Af þessum félögum eru 15 20 ára og yngri, 27 í aldurshópnum 20-50 ára en stærsti aldurshópurinn er 51-70 ára eða 81 félagar.

Í byrjun vors vorum við enn á Covid-tímum og voru okkar stærstu mót ekki haldin þ.e. 1. maí-mótið og Lancome en völlurinn var opin og nýttu kyflingar sér það.

Innanfélagsmótin voru haldin að venju, heldur færri þátttakendur voru í M-mótunum mv. 2020 eða 41 hring færri þátttakendur voru að meðaltali 10 í hverju innanfélagsmóti sumarsins

Meistaramótið var dagana 7.-10. júlí, 14 félagar tóku þátt í því og 6 í flokkum öldunga, klúbbmeistarar 2021 er Andri Már Óskarsson og Guðný Rósa Tómasdóttir óskum við þeim innilega til hamingju

Andri Már stóð sig vel í sumar hann vann Hvaleyrarbikarinn á 6 höggum undir pari komst í undanúrslitin á Íslandsmótinu í holukeppni, hann er í 2. sæti á stigalista GSÍ aðeins 43 stigum eftir fyrsta manni.

Gylfi Birgir Sigurjónsson sá um golfkennslu 2x í viku eins og undanfarin ár með allt að 13 börn og unglinga

Stigamót unglinga var haldið 28.-30. maí þar var SS-styrktaraðili; 134 keppendur voru mættir til leiks. Íslandsmót golfklúbba 15 ára og yngri var svo

haldið 23.-25. júní sem tókst vel völlurinn var í algeng frábæru standi og fengum við mikið hrós fyrir. 24 sveitir mættu til leiks frá 11 golfklúbbum, Perla Sól Sigurbrandsdóttir setti vallarmet á rauðum teigum á 72 höggum.

Nú í byrjun október komu menn frá Landbúnaðarháskólanum ásamt Edwini Rögnvaldssyni til þess að taka út völlinn og mæla kolefnisspor. Þar kemur það okkur til góða hvað við höfum plantað mikið af trjáum og ræktað upp sandana, það verður fróðleg að sjá þær niðurstöður.

Golfklúbbur Hveragerðis

Rekstur golfklúbbsins í Hveragerði gekk mjög vel á árinu en við vorum ekkert sérstaklega heppin með veður síðastliðið sumar, og það komu þó nokkrir rigningarkafilar í byrjun júní og svo síðsumars (ágúst – september). Við höldum úti



KFC/Skalla mótaröðinni og voru opnu mótin okkar vel sótt. Talsvert var um bókanir á völlinn sem hafði það í för með sér að oft var erfitt um vik með að fá rástíma. Þeir hópar sem hafa verið að heimsækja okkur undanfarin ár létu flestir sjá sig að nýju og síðan má nefna að það var aukning hjá okkur hvað varðar hópa sem koma og spila golf og fá sér mat að loknu golfspili – og það þrátt fyrir upp og niður Covid ástand.

Það var töluverð fjölgun félagsmanna á árinu og aukning hvað varðar nýliða miðað við árið á undan.

Við sáum það bersýnilega að áhugi Íslendinga á golfiþróttinni er að aukast og við nutum góðs af því sem endurspegladist í aukningu á sölu flatargjalda sem og fjölgun félagsmanna. Á árinu 2021 voru skráðir golfhringir á Gufudalsvelli 18.000 á móti 22.000 hringjum árið áður.

Eins og áður sagði þá fjölgaði í golfklúbbnum á árinu og voru fullgildir félagsmenn þann 1. júlí 2021, 16 ára og eldri alls 384, (en á sama tíma árið 2020 voru 303 skráðir fullgildir félagsmenn). Þar að auki voru skráðir 13 félagsmenn, 15 ára og yngri en árið 2020 voru þeir 5 þannig að það er örlitil fjölgun þar.

Eitt af megin markmiðum og verkefnum GHG er að fjölga verulega í hópi yngri golfspilara, þ.e. í aldurshópnum 15 ára og yngri, því þar liggur jú framtíðin. Það voru 6-8 börn og unglingar sem mættu reglulega á æfingar síðastliðið sumar.

Eins og undanfarin ár þá sinnu starfsmenn GHG umhirðu við íþróttavelli bæjarins ásamt því að sinna slætti og umhirðu á grænum svæðum í Hveragerði.



Eitt af megin markmiðum GHG er að fjölga yngri golfspilurum í félaginu.

Í ársreikningi fyrir árið 2021 kemur fram að tekjur golfklúbbsins voru 61 millj. og rekstrargjöld 45,9 millj. sem þýðir að hagnaður ársins var 15,1 millj. Langtímaskuldir voru engar í lok reikningsársins og lausafjárstaða klúbbsins er mjög góð. Eignfærðar framkvæmdir vegna fjárfestinga í vélum og tækjum, endurbætur á fasteignum og fjárfestingu í golfhermi námu um 12,4 millj. króna.

Meistaramótið fór fram 7. til 10. júlí 2021 og voru keppendur 40 í 11 flokkum. Klúbbmeistari karla er Fannar Ingi Steingrímsson sem gerði sér lítið fyrir og setti meistaramótsmet og spilaði á 13 höggum undir pari. Klúbbmeistari kvenna er Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir. Klúbbmeistari karla 50 ára og eldri er Erlingur Arthursson og klúbbmeistari karla 70 ára og eldri er Helgi Hannesson.

Heildarfjöldi þátttakenda í öllum mótum í sumar var 981 kylfingur.

Golfklúbbur Kiðjabelgs



Guðmundur Ásgeirsson var kjörinn nýr formaður Golfklúbbs Kiðjabelgs, á aðalfundi klúbbsins í desember. Fráfarandi formaður, Börkur Arnviðarson, gaf ekki Bökur Arnviðarson, nafnið endurkjör. Hagnaður klúbbsins á nýliðnu starfsári nam tæpum 4 milljónum króna. Fjárhagsleg afkoma klúbbsins var viðunandi, enda mikil framkvæmdargleði á árinu. Tekjur voru um 64 milljónir, en útgjöld 60 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir klúbbsins nú 71 milljón króna.

Stjórn GKB skipa nú Guðmundur Ásgeirsson, sem er formaður, Gunnar Þorláksson, Brynhildur Sigursteinsdóttir, Magnús Haraldsson og Jónas Kristinsson. Varamenn í stjórn eru þeir Jens Magnús Magnússon og Þórhallur Einarsson, sem kemur nýr inn fyrir Ágúst Friðgeirsson.

Félagsgjöld munu hækka um 4.9% og verður almennt félagsgjald því 86.500 krónur. Mikil framkvæmdargleði einkenndi starf klúbbsins á árinu. Keyptir voru 10 rafmagns golfbílur, grafa, vinnubíl af flottustu gerð, traktor, ný boltavél með posa fyrir æfingasvæðið og 12 gervigrasmottur og bakki undir æfingaboltana. Sett var hljóðeinangrandi loft í golfskálann ásamt því að leggja í hann heitt vatn og þá var skipt um ofna og lagnir. Golfskálinn var málaður að utan. Tvö klósett tekin í notkun úti á velli. Bílastæði undir golfbílana og rafmagn tengt í það og á enda bílaplans er þvottastöð með háþrýstidælu til að halda bílunum hreinum og fínum. Í haust voru keypt ný ruslatunnuskýli sem taka meira og eru snyrtilegri. Þetta þýðir að næsta vor verður ekkert á stéttinni fyrir



Kiðjabelgsvöllur.

framan skálann, nema boltavélin fyrir æfingasvæðið. Áætlað er að kaupa bekk og hugsanlega borð til að hafa fyrir framan skálann.

Settur var upp sex holu fótboltagolfvöllur, sem naut mikilla vinsælda. Áætlað er að breyta honum aðeins fyrir næsta vor þar sem brautir voru frekar einsleitar og má stytta nokkrar holur aðeins fyrir yngstu kynslóðina. Einnig verða fleiri boltar í boði vegna mikilla vinsælda vallarins. Eins er áætlað leiksvæði fyrir yngstu kynslóðina og þarf að búa til örlítið pláss fyrir það og verður það unnið í samvinnu við lóðafélagið.

Flestir stígar vallarins voru lagfærðir og sú framkvæmd tókst mjög vel. Í þessa framkvæmd fóru yfir 1000 rúmmetrar af efni, ásamt því að tyrfa rúmlega 1500 fermetra meðfram stígnum.

Plan fyrir framan golfskálann var lagað og stækkað. Mun meira pláss er núna til að leggja golfbílum klúbbmeðlima. Aðal bílaplanið var mulið, hefllað og slétt. Steinar til að afmarka planið voru málaðir hvítir og settur í þá nýr kaðall. Eins voru steyptir blómappottar sem félagið átti og notaðir á bílaplanið til að brjóta þetta aðeins upp. Bílaplanið er orðið miklu snyrtilegra og fallegra en það var áður.

Þá má geta þess að haldið var eitt glæsilegasta golfmót ársins á Íslandi, 24 Open, með rétt rúmlega 400 keppendum. Þetta mót er það fjölmennasta sem haldið hefur verið á einum sólarhring og er komið til að vera og verður væntanlega stór tekjuþáttur um ókomna framtíð. Mótahald gekk yfirleitt mjög vel á starfsárinu.

Golfklúbbur Selfoss



Stjórn Golfklúbbs Selfoss var kjörin á aðalfundi sem haldinn var 25. febrúar 2021. Fundurinn átti upphaflega að fara fram í desember 2020 en honum var frestað vegna samkomutakmarkanna sem voru í gildi vegna heimsfaraldurs. Stjórnina skipuðu: Páll Sveinsson formaður, Bjarki Már Magnússon varaformaður, Hreinn Þorkelsson ritari, Helena Guðmundsdóttir gjaldkeri, Halldór Morthens meðstjórnandi, Ástfríður Sigurðardóttir meðstjórnandi og Arnór Ingi Gíslason meðstjórnandi. Stjórn fundaði átta sinnum á árinu.

Árið 2021 hófst með hátíðarhöldum í tilefni 50 ára afmæli klúbbsins. Til stóð að halda mikla og fjölmenna veislu en allar slíkar áætlanir voru settar á ís vegna samkomutakmarkanna. Takmarkanirnar urðu til þess að ekki var unnt að halda aðalfund GOS í desember 2020 eins og áætlanir gerðu ráð fyrir en fundurinn fór losk fram 25. febrúar 2021. Á lítili og fámennri afmælisathöfn sem fram fór á afmælisdegi klúbbsins 26. janúar var viljayfirlýsing undirrituð af bæjarstjórn og stjórn GOS þess efnis að sveitarfélagið skuldbatt sig til samvinnu við GOS um fjármögnun stækkunar Svarfhólsvallar.

Félagstarf var á fullt í upphafi árs, þúttmótaröð fór af stað og vetrarmótaröð GOS í golfhermum var haldin. Í lok mars þurftum við að loka inniástöðu tímabundið vegna hertra samkomutakmarkanna og í enn eitt skiptið að aðlaga okkur að þeim veruleika og takmörkunum á starfinu sem fylgdu aðgerðum vegna Covid-19.

Stærsta verkefni stjórnar GOS í ár var að koma á samstarfssamningi við sveitarfélagið Árborg um framtíðaruppbyggingu 18 holu golfvallar. Samningaviðræður stóðu yfir við sveitarfélagið frá upphafi árs en þeirri vinnu lauk með því að samstarfssamningur var undirritaður af bæjarstjóra og formanni GOS þann 16. apríl, tíu ára samningur sem tryggir GOS fjármagn til stækkunarframkvæmda. Þann 4. maí tók stjórn fyrstu skóflustungu að stækkun vallarins, upphaf stækkunar var þar með formlega hafin.

Miklar framkvæmdir fóru fram á nýju svæði GOS í sumar sem liggur meðfram Ölfusá til norðurs og inn í landið til austurs. Einnig var áfram haldið með framkvæmdir við holurnar þrjár sem leysa munu þær holur af velli sem fara undir veg- og brúarstæði Suðurlandsveggar. Þessar framkvæmdir tókust það vel í sumar að félagsmönnum var boðið inn á þrjár nýjar golfholur í afmælis móti klúbbsins í september og aftur á lokamóti á lokahófsdegi í byrjun október. Einnig var sáð í og tyrft í stuttaspils æfingasvæði sem tekið verður í gagnið á næsta ári, það svæði kemur til með að verða gríðarlega gott æfingasvæði.

Svarfhólsvöllur opnaði inn á sumarflatir 20. apríl og flyktust golfþyrstir meðlimir klúbbsins á völinn sem kom vel undan vetri. Í upphafi árs þurftum við að taka við jarðvegssuppgreftir inn á bráðabirgða æfingasvæði klúbbsins sem orsakaði enn frekari aðþrengingar á æfingasvæði. Net var reist fyrir framan bása og biðlaði stjórn til meðlima GOS að sýna þolinmæði í þessum framkvæmdum. Stjórn GOS vill þakka klúbbmeðlimum þá biðlund sem framkvæmdunum voru sýndar.

Afrefsstarf klúbbsins var í miklum blóma í ár og má þar helst nefna kjör Heiðrúnar Önnu Hlynsdóttur sem íþróttamanns HSK í apríl, glæsilegan árangur liðs GOS sem hafnaði í 3. sæti á Íslandsmóti golfklúbba í júlí og árangur Arons Emils Gunnarssonar sem sigraði á einu golfmóti í september og sigraði alþjóðlegt golfmót í Hollandi í október. Keppendur frá GOS létu að sér kveða á stigamótaröð GSÍ og voru yfirleitt í



Stjórn Golfklúbbs Selfoss að loknum aðalfundi í desember.

efsta hluta mótanna í flestum mótum sumarsins. Golfklúbbur Selfoss átti svo átta þátttakendur á Íslandsmóttinu í höggleik sem fram fór í byrjun ágúst, sannarlega glæsilegt og eftirtektarvert að sjá svo marga kylfinga frá GOS þar. Meistaramótið fór fram í byrjun júlí en þar stóðu Aron Emil Gunnarsson og Alexandra Eir Grétarsdóttir uppi sem sigurveggar - klúbbmeistarar GOS 2021. Heiðrún Anna Hlynsdóttir tók þátt í landsliðsverkefnum á árinu, keppti m.a. á Evrópumóti landsliða kvenna á hin heimþekktu Royal County Down golfvelli á Norður Írlandi í júlí.

Mótahald tókst vel á árinu og var góð þátttaka í opnum mótum sem og innanfélagsmótum. Opna Lindex kvennamótið fór fram í byrjun ágúst og tókst það mjög vel til, vonandi þar komið kvennamót sem vex einungis fiskur um hrygg hér eftir. Nýliðun í Golfklúbbi Selfoss hefur aldrei verið eins mikil og í ár og fjöldi skráðra meðlima í klúbbnum aukist í takt við það. Met fjöldi var skráður í klúbbnum á árinu en 505 skráðir einstaklingar eru í klúbbnum.

Framtíðin er björt hjá Golfklúbbi Selfoss og næg verkefni framundan. Þriðji golfhermirinn verður settur upp nú í lok árs í inni aðstöðunni okkar við Svarhólsvæg og standa vonir til þess að góð nýting verði á aðstöðunni sem og öflugt æfinga- og félagsstarf í allan vetur. Ákveðið hefur verið að taka í gagnið nýtt æfingavæði í byrjun næsta sumars en hönnun stendur yfir á því svæði. Vinir og velvildaraðilar GOS eru að teikna upp æfingabása sem koma til með að hýsa 14 mottur þar sem slegið verður til suðurs, niður gömlu fyrstu brautina og þá aðra. Ljóst er að stjórn mun kalla eftir aðstoð félagsmanna þegar vora tekur og færst verður að setja skýlið upp.

Aðalfundur GOS fór fram 10. desember 2021.

Golfklúbburinn Úthlíð

Sumarið 2021 var ágætt golfsumar, sunnenskt meðalsumar þar sem skiptust á rigningardagur og ágætir sólar dagar inn á milli. Völlurinn kom ágætlega undan vetri og var laus við kal en frost í jörðu þangað til um 20. maí þegar sláttur hófst og völlurinn var opnaður inn á flátir. Völlurinn var opinn fram í byrjun október og talsvert golf spilað fram undir það, sérstaklega um helgar. Í sumarlok var völlurinn í mjög góðu standi, góður gróandi í flötunum og litlar sem engar skemmdir.

Hirðing vallarins gekk ágætlega og vallarstarfsmennirnir Nói Mar Jónsson og Jón Þórðarson stóðu sig mjög vel. Útgerð sláttuvélna gekk nokkuð áfallalaust en þó voru nokkuð þrálátar

bilanir í brauturvélunni sem lýstu sér þannig að hún drap á sér í rigningarartíð og þurfti þá að starta henni framhjá með ákveðnum tilfæringum. Bæði brautarslátturvélun og röfslátturvélun eru núna í yfirferð hjá umboðsaðila vélna. Líklega kemur að því fljótlega að endurnýja þurfi þessar vélar en það er mjög kostnaðarsamt. Arnar Guðjónsson hefur aðstoðað okkur við umhirðu vélna og viðgerðir og hefur það verið ómetanlegt. Í sumarlok var kvennateigurinn á 9. braut stækkaður að frumkvæði Rúnars og verður vonandi hægt að taka hann í notkun næsta sumar.

Skráðir félagar GÚ hjá Gólf sambandi Íslands voru síðasta sumar um 300. Þessi mikli fjöldi skýrist af því að Golfklúbbur Íslandsbanka, GOSÍ, er með aukaaðild að GÚ. Þá er einnig talsverður fjöldi annarra félaga með aukaaðild. Ef aðeins eru taldir virkir félagar sem greiða full félagsgjöld og eru með spilarétt á vellinum þá þeir um 140. Nokkur fjöldi spillara eru með spilarétt í gegn um auglýsingasamninga eða samninga við fyrirtæki eða félög sem eiga sumarhús í Úthlíð og nágrenni.

Mótahaldið í sumar gekk vel. Móttin voru yfirleitt vel sótt þó veðrið hafi verið misjafnt. Vormótið var að venju fyrsta laugardag í júní og sigurveggar voru Orri Freyr Guðmundsson í karlaflokki og Kristín Eiríksdóttir í kvennaflokki.

Kvennamót Flash var haldið laugardaginn 10. júní. Í það mót komust færri en vildu og sigurvegari

var Guðbjörg Alfreðsdóttir. Þetta mót var haldið í fyrsta skipti í sumar og var mjög glæsilegt. Hver veit nema þetta mót verði endurtekið næsta sumar.

Árlegt miðsumarmót var haldið 24. júní. Þátttaka í því var frekar dræm að þessu sinni en mótið tókst ágætlega. Meistaramótið var á sínum stað um miðjan júlí og klúbbmeistarar urðu Hafnfirðingarnir Jóhann Ríkarðsson og Þorgerður Hafsteinsdóttir. Geirs goða mótið í ágúst sigruðu Björn Guðjónsson sem fékk Geirs goða bikarinn til varðveislu og Kristrún Runólfsdóttir sem fékk Höllubikarinn.

Mótaröð hjóna- og parakeppninnar sigruðu Jóhann Sigbórsson og Bylgja Valtýsdóttir, alls voru 4 mót í röðinni í sumar en voru misvel sótt. Sumrinu lauk með skemmtilegri og mjög vel sóttri bændaglímu þar sem áttust við lið Jónínu Birnu og Huldu Hauksdóttur. Vegna veðurs var bara spilaður fyrri hálfleikurinn en seinni hálfleik breytt í pub quiz keppni. Minnir mig að lið Jónínu hafi sigrað að lokum.

Að lokum þökkum við öllum sem lagt hafa klúbbnum lið á árinu sem er að liða, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, sjálfboðaliðum og öðrum sem styrkt hafa klúbbinn t.d. í sambandi við mótahald.

Golfklúbbur Þorlákshafnar

Árið 2021 var okkur gjöfult þó ýmsar takmarkanir og hömlur hafi sett talsverðan svip á starfið. Mikil aðsókn var á völlinn, sérstaklega á vormánuðum, en þær samkomutakmarkanir sem í gangi voru gerðu okkur stundum erfitt fyrir. Með breyttum og betri velli hefur ásókn í að koma og leika okkar völl aukist verulega. Völlurinn er orðinn betri og skemmtilegri, sandur á brautum ekki eins mikill og oft áður. Þá má ekki gleyma því að Þorláksvöllur er sá völlur sem lengst er opinn árlega, og ákveðin forréttindi að geta spilað á vellinum að jafnaði sjö til átta mánuði á ári eða lengur. Þetta er nánast eini völlur landsins sem er með opið inn á sumargræn allt árið.



Skráðir félagar í Golfklúbbi Þorlákshafnar voru um áramóttin 396 félagar og 231 aukaaðili, samtals 627. Í heild er þetta fjölgun frá fyrra ári um 151 sem er um 32% fjölgun á árinu. Mikil ásókn var í að fá aukaaðild að klúbbnum og svo mikil að sett var þak á þann fjölda aukaaðila sem fengi aðild.

Unglingastarfið í sumar var í umsjá Ingvars Jónssonar PGA golfkennara og Arnórs Snæs Guðmundssonar leiðbeinanda. Þjálfað var í þremur hópum, 1. - 3. bekk, 4. - 7. bekk og 8. - 10. bekk.



Þúttá á 18. flöt á Þorláksvelli.

Þátttakan og áhuginn í sumar var mikill og horfum við til þess að komast í innanhúss aðstöðu eins fljótt og hægt er til að geta haldið úti æfingum yfir vetrartímann. Þetta er eina íþróttagreinin í sveitarfélaginu sem ekki hefur aðstöðu til æfinga og iðkunar þann tíma. Mikil ánægja var með æfingarnar bæði hjá foreldrum og iðkendum.

Kvennastarfi GP undir stjórn Ástu Júlíu Jónsdóttur gekk vel. Sumarstarfið hófst 12. maí og var spilað vikulega kl. 18:30 á miðvikudögum. Hópurinn spilaði meira og minna til 10. september en árlegt lokahóf var slegið af vegna samkomutakmarkana.

Brotið var blað í sögu mótahalds hjá GP í sumar, þegar Íslandsmótið í holukeppni fór fram á vellinum. Þetta er í fyrsta sinn sem landskeppni fullorðinna fer fram á Þorláksvelli. Vel tókst til með þetta mót. Með breyttum og betri velli má reikna með að í framtíðinni komi mótahald til með að aukast og að halda megi hér fleiri og stærri mót.

Innanfélagsmót voru 10 talsins og voru þau með svipuðu sniði og árið áður. Nokkuð góð þátttaka var í þessum mótum. Meistarasmótið var haldið í byrjun júlí, keppt var í fjórum flokkum karla og einum flokki kvenna. Þórður Jónsson varð klúbbmeistari karla og Svava Skúladóttir klúbbmeistari kvenna. Í lok meistarasmóts var snæddur kvöldverður þar sem verðlaunaafhending fór fram.

Golfsveit GP keppti á Íslandsmóti golfklúbba 4. deild, sem haldið var hjá GSG í Sandgerði. Strákarnir stóðu sig eins og alltaf áður með miklum sóma þó ekki kæmst þeir upp um deild.

Aðalfundur GP vegna ársins 2021 var haldinn 26. janúar sl. og var notast við fjárfundakerfi vegna samkomutakmarkana. Fjárhagsleg afkoma á árinu var nokkuð góð, í takt við áætlanir. Við getum verið sátt með árangurinn miðað við allar þær framkvæmdir sem unnið er að.

Stjórn GP þakkar starfsfólki, félögum og öllum öðrum fyrir ánægjulegt starfsár.

Golfklúbburinn Þverá

Árið 2021 byrjaði vel með golfnámskeiði sem var vel sótt af fólki sem var að byrja í golfi. Komu um 35 manna á námskeiðið sem var mjög gott. Sumarið var í það heila mjög gott til golfiðkunar og fengum við mikið af gestum hingað að Hellishólum yfir sumarið. Farið var í átak um að bjóða upp á golf, gistingu og mat á mjög lágu verði og seld voru 180 slík golfíllboð.



Heildarfjöldi félagsmanna um áramót voru 58 talsins.

Aðalfundur var haldinn 15. september 2021. Haldnir voru þrjú fundir í árinu. Stjórnina skipa: Víðir Jóhannsson, formaður, Joanna Grudzinska, gjaldkeri, Baldur Baldursson, ritari og meðstjórnendur eru Kristinn Valgeirsson og Hlynur Víðisson. Formaður kvennanefndar er Þórunn Rúnarsdóttir.

Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ fyrir árið 2020-2021 var haldinn 11. desember 2021 í Golfskála félagsins í Öndverðarnesi. Góð þátttaka var á fundinum en honum var einnig streymt til félagsmanna.



Vegna þurrka og kulda opnaði völluminn óvenju seint eða 21. maí og lokaði vegna næturfrosta 19. október. Leiknir hringir á Öndverðarnesvelli 2021 voru á bilinu 16-17.000.

Tekjur klúbbsins voru um 69 milljónir á rekstrarárinu borið saman við 58 árið áður. Rekstrargjöld voru alls um 56 milljónir og hagnaður



Golfvöllurinn að Hellishólum.

eftir rekstrargjöld og fjármagnsliði því rúmlega 13 milljónir. Meðlimir í GÖ voru á aðalfundi um 640 og er aukning í klúbbinn stöðug.

Starfsmaður í fullu starfi er Ólafur D. Steindórsson, vallarstjóri, en auk þess eru þrjú heilsársstarfsmenn í hlutastarfi og þrjú sumarstarfsmenn.

Stjórn GÖ 2021 var skipuð eftirfarandi: Knútur G. Hauksson formaður, Guðmundur Pálmason varaformaður, Brynjar Stefánsson ritari, Guðlaug Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Hannes Björnsson meðstjórnandi, Aðalsteinn Steinþórsson og Sigríður Björnsdóttir varamenn.

Hestamannafélagið Geysir

Þetta starfsár hefur verið óvenjulegt líkt og árið 2020 þar sem við erum ekki alveg laus úr viðjum Covid-19 og mun sennilega hafa áhrif um ókomin ár en vonandi munum við geta gert nánast allt sem okkur langar án viðvarandi sóttkvíar eða annara hamlanna eins og á árunum 2020 og 2021.



Aðalfundur Geysis var haldinn í febrúar og var þar nokkuð venjulegur aðalfundur og aðalfundarstörf. Kosinn var formaður Ólafur Þórisson og nýir í stjórn var kosnar Árný Hrund Svavarsdóttir, Eygló Arna Guðnadóttir í aðalstjórn, Alma Gulla Matthíasdóttir var kosin inn til eins árs sem varaformaður í stað Davíðs Jónssonar. Magnús Lárusson er einnig í aðalstjórn. Varamenn voru kosnir Hlynur Guðmundsson og Þorbjörn Hreinn Matthíasson. Á fyrsta stjórnarfundinum skipaði stjórn með sér verkum og var Árný Hrund Svavarsdóttir skipuð gjaldkeri og Eygló Arna Guðnadóttir ritari og Magnús Lárusson meðstjórnandi.

Námskeiðahald var með fjölbreyttu móti, boðið var uppá almennt reiðnámskeið fyrir fullorðna bæði í Rangárhöllinni á Helli og Skeiðvangi á Hvolsvelli. Einnig var boðið uppá hestakonunámskeið ásamt fortanningsnámskeið. Flest þessara námskeiða var mjög vel sótt.

Æskulýðsreiðnámskeiðin voru á sínum stað í Skeiðvangi á Hvolsvelli og á Skeiðvöllum í Rangárfingi ytra og voru kennarar Alma Gulla Matthíasdóttir og Klara Sveinbjörnsdóttir. Voru þau mjög vel sótt. Jónína Lilja Pálmadóttir sá um



Frá árlegu Hattamóti BYGG hjá Golfklúbbi Öndverðarness.



24 börn og ungmenni tóku þátt í fyrstu Ævintýraferð Geysis.

pollastundina á vetrarmótum fyrir okkur og tókst mjög vel. Annað sumarið í röð vorum við með úrval af vikureiðnámskeiðum fyrir börn og unglinga og voru þau vel sótt. Alma Gulla Matthíasdóttir var staðsett í Traðarás í Landeyjum og Klara Sveinbjörnsdóttir var í Sandhólaferju.

Aðrir viðburðir eins og bingó, fönður, óvissuferð, fjölskylduferð og fleira ásamt Æskulýðssýningu Geysis 1. maí voru ekki í boði þetta árið vegna óvissu í samfélaginu vegna áhættu á smitum en vonandi munum við geta boðið uppá alla þessa viðburði ásamt fleirum á árinu 2022.

Ein nýjung var þó á árinu en ákveðið var að fara í Ævintýraferð Geysis um miðjan júní. Þar fóru Alma Gulla Matthíasdóttir, Ólafur Þórisson, Sarah M. Nielsen, Katrín Sigurðardóttir og Krístrún Ósk Baldursdóttir í hestaferð með 24 börn og unglinga frá Velli í Hvolhrepp upp að Fossi á Rangárvöllum og þar gíst eina nótt og svo riðið niður í Fljótshlíðarréttir daginn eftir. Heppnaðist þessi ferð frábærlega og allir í skýjunum yfir þessu framtaki.

Mötahald var nokkuð með venjulegu sniði. Suðurlandsdeildin og vetrarmótin á sínum stað yfir vetrinn. WR Íþróttamót Geysis var haldið í maí og svo Suðurlandsmótin bæði haldin í ágúst. Lítil þátttaka var í Gæðingamóti Geysis og var því frestað og svo aflýst. Áhugamannamót Íslands sem haldið hefur verið á Rangárbökkum undanfarin ár var nú haldið á Akranesi og var umsjón í höndum hestamannafélagsins Dreyra.

Engar stórframkvæmdir voru gerðar þetta árið annað en venjulegt viðhald og tiltekt.

Hestamannafélagið Ljúfur

Aðalfundur Ljúfs var haldinn 22. september 2021. Stjórn skipa: Ragnhildur Gísladóttir, formaður, Erla Björk Tryggvadóttir, varaformaður, Cora Jovanna Claas, gjaldkeri, Þórunn Bjarnadóttir, ritari og Snævar Freyr Sigtryggsson, meðstjórnandi.



Það hefur verið mikil gróska í starfinu hjá Hestamannafélaginu Ljúf að undanförmu. Líf er að færast í hesthúshverfið og iðkendum, sérstaklega börnum, fer fjölgandi í félaginu með aukinni áherslu á æskulýðsstarf og framboði á námskeiðum.

Haldið var pollanámskeið fyrir yngstu börn félagsins í febrúar 2021. Námskeiðið var haldið á

Grænhóli af reiðkennaranum Þórdísi Erlu. Tólf börn voru skráð á námskeiðið.

Arnar Bjarki Sigurðarson var fenginn til að halda námskeið fyrir fullorðna Ljúfsfélagi að Sunnuhvoli. Átta manns voru skráðir námskeiðið og var mikið ánægja meðal þátttakenda.

Firmakeppni Ljúfs var haldin í júlí og var fjöldi barna sem tók þátt. Reiðskólinn Bjarnastöðum lánaði þeim börnum sem ekki höfðu sjálf hest til umræða, hest til þess að geta tekið þátt í mótnu. Öll börn sem tóku þátt fengu með sér verðlaunabikar og ýmiss verðlaun sem fyrirtæki höfðu gefið.

Sumarnámskeið Ljúfs var á þessu ári haldið í Reiðskólanum Bjarnastöðum. Námskeiðin eru haldin fyrir börn fædd frá 2015-2009 og opin öllum börnum úr Hveragerði og Ölfusi. Á sumarnámskeiði Ljúfs kynnast börnin hestunum og læra undirstöðuatriði hestamennskunnar í reið.

Áfram var haldið með haustreiðskólann sem byrjaði 2020 í Reiðskólanum á Bjarnastöðum undir stjórn Coru J. Class. Hestamannafélagið Ljúfur greiðir fyrir fristundabil sem keyrir börnin innan fristundartímans eftir skóla á námskeiðið. Börnin æfa einu sinni í viku í eina og hálf klukkustund í senn og er frábært að þeim sé gert kleift að æfa reiðmennsku og umsjá hesta eins og aðrar íþróttir.



Firmakeppni Ljúfs 18. júlí 2021. Glæsilegir knapar í pollaflokki.

Umbótum á reiðvegum félagsins var haldið áfram árið 2021. Keyrt var yfirlag á reiðveg frá Öxnalæk að Kjarrri og frá Reykjum að Gufudal. Öxnalækur – Kjarr er má segja stofnleiðin í gegnum Ölfusið. Einnig er mikil ánægja hjá félagsmönnum með nýjan reiðveg sem var kláraður 2020 og liggur frá göngum undir þjóðveginn í Kömbunum og niður að Þorlákshafnarvegi.

Hestamannafélagið Logi

Uppsveitadeild Loga, Trausta og Smára var haldin á vormánuðum. Í upphafi voru skráð sjö lið, en sökum gildandi takmarkana tókst í þriðju tilraun að halda mótið, eftir að fyrstu tveim kvöldunum hafði verið frestað. Þá hafði eitt lið ákveðið að draga sig úr keppni. Ákveðið var að halda mótin áhorfendalaus, en í staðinn var þeim streymt á Alendis.



Reiðnámskeið voru haldin í samstarfi við Smára og Trausta einu sinni í viku í vor, fimm skipti með hverjum kennara. Mjög góð skráning var á námskeiðið.

Haldið var eitt vetrarmót á Flúðum og stefnt var að því að halda annað en það féll niður vegna takmarkana.

Ásumarmánuðum var haldið árlegt Reiðnámskeið í Hrísholti. Mjög góð skráning var á námskeiðið og haldið var skemmtimót eftir fyrsta námskeiðið.

Aðalfundur var haldinn 20. júní. Á honum var Svavar Jón Bjarnason kjörinn formaður, en aðrir í stjórn eru María Þórunn Jónsdóttir varaformaður, Jón Óskar Jóhannesson ritari, Kristján Einir Traustason gjaldkeri og Guðrún S. Magnúsdóttir meðstjórnandi.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar að slíta því og sameinast Hestamannafélagunum Smára og Trausta. Boða þurfti til aukaaðalfundar í kjölfarið vegna laga félagsins þar sem að tillagan var samþykkt. Aðalfundurinn tilnefndi tvo aðila í starfsstjórn í nýju hestamannafélagi þau Svavar Jón Bjarnason og Guðrúnu S. Magnúsdóttur. Stofnfundur nýs Hestamannafélags var svo haldinn 1. júlí 2021 og ráðgert er að halda fyrsta aðalfund í mars 2022.

Í kjölfar ákvörðunar um sameiningu bauð nýtt hestamannafélag til félagsreiðtúrs á Þingvöllum.

Síðustu viðburðir Hestamannafélagsins Loga voru því sameiginlegt gæðingamót í lok júlí með Smára og Trausta, og félagsreiðtúr sem Logafélagar buðu sínum nýju félögum um Skálholtstungur.

Hestamannafélagið Sleipnir

Árið hófst með venjubundnu starfi að teknu tilliti til Covid19 ástandsins og takmarkana sem í gildi voru. Ákveðið var að æskulýðsstarf og námskeið myndu vera með eins eðlilegum hætti og reglur gáfu kost á. Fundað var með nefndaformönnum og dagskrá ársins undirbúin með fyrirvörum um breytingar. Fjöldi félagsmanna í ársbyrjun var um 600.



Æskulýðsstarfið hófst um miðjan janúar og einnig hófst tilraunaverkefni fyrir börn og unglunga sem ekki hafa aðgang að hesti og búnaði, í samstarfi við Elísabetu Sveinsdóttur, sem stóð fram á vor. Þrjú vetrarmót Sleipnis voru haldin og tókust þau með ágætum en áhorfendur voru í bílum sínum og engin veitingasala.

Viðburðum sem aflyst var voru vegna Covid takmarkana: Þorrareið og Þorrablót, Páskatölt, Skírdagsreið, Hestafjör, Kvinnakvöld og Fjölskyldudagur.

Aðalfundur félagsins sem vera á í janúar ár hvert var haldinn 24. mars vegna sóttvarnartakmarkana og rétt slapp til því sama kvöld gengu í gildi hertar aðgerðir og fjöldatakmörkanir kl. 23.

Aðalstjórn Hestamannafélagsins Sleipnis skipa Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, formaður, Steindór Guðmundsson, varaformaður, Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson, ritari, Unnur Edda Jónsdóttir, gjaldkeri og Anna Björg Nielsdóttir. Í varastjórn eru Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir og Magnús Stephensen Magnússon.

Í maí hafði aðeins slakað á sóttvarnareglum og leiddu ungmenni 1. maí skrudgönguna að venju og 8. maí var haldin Firmakeppni Sleipnis á Brávöllum. Skeiðfélagið hélt fjóra skeiðleika á Brávöllum, þá fyrstu 27. maí og kláruðu 14. ágúst. WR íþróttamót Sleipnis var haldið 26.-30. maí.

Gæðingamót Sleipnis var haldið 5.-6. júní og einnig var sumarferð félagsins farin 18.-20. júní og tókst mjög vel.

Sumarskóli Sleipnis fyrir börn í Árborg og Flóahreppi var starfræktur frá júní og fram í ágúst og voru keyrðar um 300 námskeiðseiningar. Í september ákvað stjórn Sleipnis að fara á stað með Félagshús Sleipnis. Sótt var um til sveitarfélaganna Árborgar og Flóahrepps um stuðning við verkefnið. Enginn starfsmaður er hjá félaginu og því byggir starfið á sjálfboðavinnu og samstarfi nefnda.



Sigríður M. Björgvinsdóttir, formaður Sleipnis, og Linda G. Björgvinsdóttir formaður Æskulýðsnefndar Sleipnis taka á móti viðurkenningum sem Fyrirmyndafélag ÍSÍ og Æskulýðsbikar LH 2021 á formannafundi LH.

Félagið endurnýjaði handbók Sleipnis og titil sinn til fjögurra ára sem fyrirmyndafélag ÍSÍ.

Uppskeruhátið Sleipnis var haldin 2. október og ekki seinna vænna því blikur voru á lofti í Covid-málum. Tókst hún með ágætum og voru knöpum og félögum sem skarað höfðu fram úr á árinu veittar viðurkenningar. Félagi ársins var valinn Guðrún Linda Birgisdóttir formaður æskulýðsnefndar.

Á formannafundi LH 30. október tók Sigríður M. Björgvinsdóttir formaður félagsins við viðurkenningu sem Fyrirmyndafélag ÍSÍ og einnig tók Guðrún L. Björgvinsdóttir formaður æskulýðsnefndar félagsins við Æskulýðsbikar LH 2021 fyrir frábært og öflugt æskulýðsstarf á árinu.

Í byrjun desember var gengið í að klára að endurnýja utanhússklæðningu á Hliðskjálfi, félagsheimili Sleipnis, einnig er stefnt að endurnýjun á þaki fyrrihluta næsta árs.

Hestamannafélagið Smári

Starfið hjá Hestamannafélaginu Smára var algjörlega samofið starfinu hjá Loga og Trausta.

Uppsveitadeild Loga, Trausta og Smára var haldin á vormánuðum. Til leiks voru skræð sjö lið og voru keppniskvöldin þrjú. Þrjár einstaklingar frá hverju



liði áttu að keppa á hverju kvöldi, eða 21 keppandi. Eitt lið afskráði þó á síðustu stundu. Alendis kom inn í mótin og sýndi beint á netinu frá keppniskvöldunum. Það kom sér vel þar sem engir áhorfendur voru leyfðir sökum samkomutakmarkanna.

Haldin voru þrjú reiðnámskeið fyrir fullorðna. Námskeiðin voru með þeim hætti að kennt var einu sinni í viku, fimm vikur í röð. Var nemendum kennt í þorum og kom þetta vel út. Hægt var að hafa námskeiðið ódýrara fyrir vikið og varð áhuginn svo mikill að strax að fyrsta námskeiði loknu hófst námskeið númer tvö og svo að lokum þriðja námskeiðið.

Haldið var eitt vetrarmót á Flúðum og stefnt var að því að halda annað en það féll niður vegna takmarkana.

Á sumarmánuðum var haldið árlegt Reiðnámskeið í Hrísholti fyrir krakka. Mjög góð skráning var á námskeiðið og haldið var skemmtimót eftir fyrsta námskeiðið.

Aðalfundur var haldinn 20. júní. Halda á fundinn í upphafi árs en ekki tókst að halda hann útaf samkomutakmörkunum fyrr en þarna.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar að slíta því og sameinast, Hestamannafélagunum Loga og Trausta. Boða þurfti til auka aðalfundar í kjölfarið vegna laga félagsins þar sem að tillagan var samþykkt. Aðalfundurinn tilnefndi þrjá aðila í starfsstjórn í nýju hestamannafélagi. Það voru Bragi Viðar Gunnarsson, Ólafur Gunnarsson og Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir. Stofnfundur nýs Hestamannafélags var svo haldinn 1. júlí 2021, og ráðgert er að halda fyrsta aðalfund í mars 2022.

Í kjölfar ákvörðunar um sameiningu bauð nýtt hestamannafélag til félagsreiðtúrs á Þingvöllum. Sá reiðtúr heppnaðist mjög vel og mættu um 70 manns í þann reiðtúr. Formaður og gjaldkeri Landsambands Hestamanna mættu í reiðtúrinn sem var skemmtilegt.

Síðasti viðburðurinn var svo hið árlega mót, Gæðingamótið á Flúðum. Mótið var haldið við erfiðar aðstæður, mikil rigning gekk á mótisdagana. Mótið byrjaði á fimmtudegi 22. júlí og kláraðist á sunnudegi 25. júlí. Allt gekk þó vel og gengu mótshaldarar í takt við að láta framkvæmd mótsins takast eins og best var á kosið.



Stjórnir Hestamannafélaganna Smára, Trausta og Loga unnu á árinu að stofnun nýs sameinaðs hestamannafélags í uppveitunum.

Hestamannafélagið Trausti

Starfið hjá Hestamannafélaginu Trausta var algjörlega samofað starfinu hjá Loga og Smára.

Uppsveitadeild Loga, Trausta og Smára var haldin á vormánuðum. Til leiks voru skráð sjö lið og voru keppniskvöldin þrjú. Þrjár einstaklingar frá hverju liði áttu að keppa á hverju kvöldi, eða 21 keppandi. Eitt lið afskráði þó á síðustu stundu. Alendis kom inn í mótin og sýndi beint á netinu frá keppniskvöldunum. Það kom sér vel þar sem engir áhorfendur voru leyfðir sökum samkomutakmarkanna.

Haldin voru þrjú reiðnámskeið fyrir fullorðna. Námskeiðin voru með þeim hætti að kennt var einu sinni í viku, fimm vikur í röð. Var nemendum kennt í þörum og kom þetta vel út. Hægt var að hafa námskeiðið ódýrara fyrir vikið og varð áhuginn svo mikill að strax að fyrsta námskeiði loknu hófst námskeið númer tvö og svo að lokum þriðja námskeiðið.

Þann 25. júní var farið í Kvinnareiðtúr og Trausti sá um hann þetta árið það var riðið um í Þjóðgarðinum undir stjórn Einars Sæmundssonar Þjóðgarðsvörð hann sagði frá staðnum og svo var sungið líka á leiðinni. Reiðtúrin endaði í Skógarhólum þar sem grillað var fyrir konurnar, það sáu tveir herra menn um þeir Birgir Leó og Ingólfur.

Í ágúst var reiðnámskeið hjá okkur og 14. ágúst var farið á Laugarvatnsvelli og haldið hestamannamót á laugardeginum þar er keppt í barnaflokk, unglingsflokk, ungmennaflokk, pollaflokk, firmakeppni, smali 1 og smali.

Ásumarmánuðum var haldið árlegt Reiðnámskeið í Hrísholti fyrir krakka. Mjög góð skráning var á námskeiðið og haldið var skemmtimót eftir fyrsta námskeiðið.

Aðalfundur var haldinn 20. júní. Halda á fundinn í upphafi árs en ekki tókst að halda hann útaf samkomutakmarkunum fyrr en þarna.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar að slíta því og sameinast, Hestamannafélagunum Loga og Trausta. Boða þurfti til auka aðalfundar í kjölfarið vegna laga félagsins þar sem að tillagan var samþykkt. Aðalfundurinn tilnefndi tvo aðila í starfsstjórn í nýju hestamannafélagi. Það voru Birgir Leó Ólafsson og Ragnheiður Eggertsdóttir. Stofnfundur nýs Hestamannafélags var svo haldinn 1. júlí 2021 og ráðgeir er að halda fyrsta aðalfund í mars 2022.

Í kjölfar ákvörðunar um sameiningu bauð nýtt hestamannafélag til félagsreiðtúrs á Þingvöllum. Sá reiðtúr heppnaðist mjög vel og mættu um 70 manns í þann reiðtúr. Formaður og gjaldkeri Landssambands Hestamanna mættu í reiðtúrin sem var skemmtilegt.

Síðasti viðburðurinn var svo hið árlega mót, Gæðingamótið á Flúðum. Mótið var haldið við erfiðar aðstæður, mikil rigning gekk á mótisdagana. Mótið byrjaði á fimmtudegi 22. júlí og kláraðist á sunnudegi 25. júlí.

Íþróttafélagið Dímon

Starf Dímonar eins og annara íþróttafélaga hefur ekki farið varhluta af Covid-faraldrinum sem hefur margsinnis orðið til þess að æfingar hafa verið felldar niður og mótahald í lágmarki. Æfingum er þó haldið úti í öllum greinum eins og hægt er og þjálfarahópurinn okkar er fjölmennur og góður.

Stórir áfangar ársins 2021 voru t.d. árangur 5.



Ingólfur og Birgir Leó formaður Trausta stóðu við grillið í einum af viðburðum ársins hjá Trausta.

flokks á Íslandsmóti í fimleikum í maí og stofnun Rafíþróttadeildar Dímonar. Deildin fékk húsnæði í Ormsvellinum og hefur unnið hörðum höndum að því að koma sér fyrir. Æfingar hófust svo í ágúst og eru mjög vinsælar og ganga vel. Einnig hefur körfuboltaæfingum verið fjölgað og nú í boði fyrir allan aldur, 6-16 ára. Sameiginlegt lið Dímonar, Garps og Heklu í 10. flokki er skráð á Íslandsmót og hefur farið í keppnisferðir meðal annars á Ísafjörð.

Á haustdögum hefur verið unnið að uppfærslu handbókar til að fá áfram vottun sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og nú um áramót 2021/2022 verður Sportabler skráningarkerfi tekið í notkun í stað Nóra. Það er því þrátt fyrir allt mikill hugur í íþróttafólki í Rangárfingi eystra og mikið starf í gangi. Einnig er samfella í skóla-, íþrótt- og tómsundastarfi í stöðugri þróun og mótun og tekur Dímon þar virkan þátt. Samfellan er frábær þjónusta fyrir börn og fjölskyldur þeirra, að geta stundað íþróttir og tómsundir strax að loknum skóla og þau sem eiga heima í dreifbýlinu eiga þrisvar sinnum í viku kost á aukaverð með skólabil heim. Sem stendur bíður félagið upp á æfingar í badminton, borðtennis, blaki, frjálsum, fimleikum, glímu, körfubolta, rafíþróttum og sundi, auk leikjanámskeiða á sumrin.

Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps var haldinn að Laugalandi 18. október sem er mun seinna en lög félagsins gera ráð fyrir, en samkomutakmarkanir vegna covid-19 höfðu komið

í veg fyrir fundarhöld á vorönn. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að Guðný Salvör Hannesdóttir lét af störfum og gekk Veigar Þór Víðisson í stjórn. Í stjórn Garps til næsta aðalfundar eru Nanna Jónsdóttir formaður, Friðgerður Guðnadóttir gjaldkeri, Árni Pálsson ritari, Árbjörg Sunna Markúsdóttir fyrsti varamaður og Veigar Þór Víðisson annar varamaður og fulltrúi yngri íðkenda.

Boðið var upp á æfingar í skólahreysti, dansi, frjálsum íþróttum, körfubolta, knattspyrnu, borðtennis og sundi. Komið var á laggirnar samstarfi milli Garps, Dímons og Heklu um keppnislíð í körfubolta hjá elstu krökkunum, sem gekk mjög vel og fékk góðar viðtökur. Ásamt sameiginlega liðinu í körfubolta voru sótt á árinu mót í borðtennis og frjálsum íþróttum, þátttakendur og þjálfarar voru félaginu til fyrirmyndar og árangur góður. Árið í heild litaðist af COVID-19, æfingar og keppni urðu með hléum. Íþróttafélagið hafði óskað eftir endurskoðun á samningum við sveitarfélögin á starfssvæði sínu



Rafíþróttadeild Dímonar var stofnuð á árinu.

þ.e.a.s. Ásahrepp og Rangárþing ytra, nýir samningar tóku gildi við upphaf ársins. Aukinn fjárhagslegur stuðningur gerði félaginu kleift að auka við starfið og kunnum við sveitarfélögunum góðar þakkir fyrir. Áhugi á borðtennis hefur verið mjög vaxandi meðal Garpa, bæði hjá yngri og eldri iðkenda. Gaman er að segja frá því að sá áhugi leidd af sér að Garpur fékk gefins fimm ný borðtennisborð frá fyrirtækjum á svæðinu. Fyrirtækin sem gáfu borðin voru Mark Os pípuþjálfingunusta, Nautás, Nefsholt ehf., Snilldarverk og Vilhjálmur Þórarinnsson Litlu-Tungu, færum við þeim bestu þakkir fyrir stuðninginn. Guðni Guðmundsson á Þverlæk hélt uppteknum hætti við dósasöfnun til styrktar félaginu og eru honum færðar hjartans þakkir fyrir ómetanlegan stuðning við starfsemi Garps.

Starfsárið litaðist talsvert af COVID-19-faraldrinum en var þrátt fyrir það skemmtilegt og líflegt.

Íþróttafélagið Gnýr

Aðalfundur íþróttafélagsins Gnýs á Sólheimum fyrir 2021 var föstudaginn 7. janúar 2022. Stjórn íþróttafélagsins Gnýs skipa: Formaður María K. Jacobsen, varaformaður Leifur Þór Ragnarsson og gjaldkeri og ritari Valgeir F. Backman.



6. janúar. Prettándagleði varð að flugeldasýningu og skotið upp frá Stóra Ási.

20. janúar. Heilsuátak 2021 Við byrjuðum á því að vigta alla sem vildu í byrjun árs og tókum svo stöðuna um 90 dögum síðar. Það er best að við ræðum það ekki frekar!

27. janúar. Boccia var æft tvisvar í viku í janúar, febrúar og mars og aftur í september og október á meðan hægt var.

11. mars. Bocciamót milli liðsfélaga í Gný og starfsmanna. Starfsmenn unnu aftur!!

27. september. Sólheimahlaupið og framfarabikar frískra flóamanna hlaut Guðjón Gísli Kristinsson sigraði með yfirburðum bikarinn góða fyrir miklar framfarir, seiglu og kraft á gönguæfingum.

23. október. Keppt um Suðurlandsbikarinn í Boccia! Íslandsmótið var flautað af en okkur á Suðurlandi tókst að halda skemmtilegt mót og spennandi á Selfossi, þökk sé Íþróttafélaginu Suðra.

Hjóláttak 2021 undirbúið, öll hjól sem fundust aftur á Sólheimum gerð upp. 22 hjól enduðu í 15 nothæfum sem sett voru út fyrir alla sem vildu og gátu notað að vild. Hjólin eru kominn inn aftur til að lagfæringar fyrir sumarið 2022 hjá Hjólreiðaverkstæði Leós hér á Sólheimum.

Bingó var þriðja hvern föstudag í beinni útsendingu frá Úps Útvarpi Sólheima.

Covidálfurinn svokallaði fór aftur á kreik og skildi eftir óvæntar gjafir hjá íbúum.

Leikfélag Sólheima varð 90 ára og að því tilefni var leikritið okkar um sögu Sesselju á sérstakan hátt frumsýnt sumardaginn fyrsta að venju og var fullt hús á allar sýningar miðað við takmarkanir. Sýning um leikfélagið var svo sett upp um sumarið með texta, myndum og allskonar leikmunum. Menningarveisla og afmælishátið hófst og stóð í tvo mánuði. Íslendingar ferðuðust innanlands og við getum fullyrst að gestafjöldi fór fram úr öllum væntingum. Tónleikar voru alla laugardaga en flestu frestað eftir 24. júlí. Minningartónleikar Ragga Bjarna urðu að lokuðum tónleikum bara fyrir íbúa. Íbúum í Grímsnes- og Grafningshreppi var boðið í heimsókn. Lionsklúbnum Ægi var boðið í heimsókn og skoðunarferð um staðinn, Ómar Ragnarsson afhjúpaði ljóðaskilti og fl.



Yngri iðkendur Garps og Heklu á sameiginlegu móti félaganna.

Jólmarkaður Sólheima í Krínglunni, markaðurinn gekk vonum framur þrátt fyrir allt.

Sólheimakirkja. Kirkjubjöllur hringdu eins og áður fallega og í takt án breytinga en messuhald var með minna móti árið 2021.

Íþróttafélagið Hamar

Þann 7. mars 2021 var aðalfundur íþróttafélagsins Hamars. Á aðalfundinum voru sitjandi formaður endurkjörinn til tveggja ára og Þorsteinn T. Ragnarsson kom nýr inn í framkvæmdastjórn fyrir Ágúst Örlaug Magnússon. Vegna lagabreytinga var kosid í öll sæti þar sem framkvæmdastjórn og formaður eru skipuð.



Framkvæmdastjórn skipa: Þórhallur Einisson, formaður til 2ja ára, Íris Brá Svavarsdóttir, gjaldkeri til 2ja ára, Dagrún Ösp Össurardóttir, ritari til 1 árs, Laufey Sif Lárusdóttir, meðstjórnandi til eins árs og Þorsteinn T. Ragnarsson, meðstjórnandi til 2ja ára.

Formenn deilda sem jafnframt eiga sæti í aðalstjórn félagsins eru: Badminton: Hrund



Leo og Bjarkar klárir í Suðurlandsmótið í Boccia á Selfossi.

Guðmundsdóttir. Blakdeild: Barbara Mayer. Fimleikar: Birgitta Ýr Svavarsdóttir. Knattspyrna: Ágúst Örlaugur Magnússon. Korfubolti: Lárus Ingi Friðfinnsson. Sunddeild: Sigurbjörg Hafsteinsdóttir.

Á aðalfundinum var Pálmi Geir Jónsson korfuknattleiksmaður kjörinn íþróttamaður Íþróttafélagsins Hamars fyrir árið 2020. Pálmi Geir er afburða leikmaður sem leggur sig alltaf 100% fram, er góð fyrirmynd og gefur mikið af sér til liðsfélaga sinna sem yngri iðkenda.

Fjórir aðrir íþróttamenn fengu viðurkenningu fyrir góðan árangur á árinu og voru í kjöri til íþróttamanns Hamars: Margrét Guang Hu, badmintonkona, Jakub Madej, blakmaður, Karen Inga Bergsdóttir, knattspyrnukona og María Clausen Pétursdóttir, sundkona.

Árið 2021 var heilt yfir gott fyrir Íþróttafélagið Hamar þótt iðkendafjöldi drægist saman lítillega á árinu en nokkuð hefur verið um brottfall eldri iðkenda. Hvort það er af völdum Covid eða annarra þátta vitum við ekki enn en það er þróun sem okkur og er umhugað að snúa við sem fyrst. Töluvert er unnið að því að auka samvinnu deilda félagsins og einfalda reksturinn svo öflugir sjálfboðaliðar félagsins geti eytt dýrmætum tíma sínum í því að sinna því sem mestu máli skiptir, fjáröflun, þjálfun, iðkendum o.s.frv. Þegar þetta er skrifað er Hamarshöllin okkar nýfallin í óveðri og er verið að vinna að því að koma starfinu í eðlilegt horf á ný. Við vinnum ötullega með bæjaryfirvöldum og vonumst til að við séum einungis að taka eitt skref aftur á bak til að geta tekið fljótt tvö skref fram á við. Hamar á 30 ára afmæli árið 2022 og ætlum við að fagna því vel á árinu, vinna vel saman og sjá til þess að íþróttastarf í Hveragerði blómstri sem aldrei fyrr.

Badmintondeild Hamars býður iðkendum frá sex ára aldri æfingar fjóra daga vikunnar. Hamar átti keppendur og verðlaunahafa á næstum öllum mótum sem haldin voru, t.d. 5 silfur á Íslandsmóti unglinga sem var haldið í maí.

Hamar kemur að þróunarverkefni í samvinnu við Golfklúbb Hveragerðis o.fl., þar sem tvær íþróttgreinar vinna vel saman, þ.e. badminton og golf. Voru badmintonkrakkarnir hvattir til að mæta á ókeypis golfæfingar á Gufudalsvelli í sumar og var greinilegt hvað þau sem hafa æft badminton náðu fljótt tókum á golfkylfunni. Verður spennandi að sjá hvernig þetta samstarf mun þróast áfram en Covid setti auðvitað strik í reikninginn í þessu verkefni eins og flestu öðru.

Við gátum haldið Kjörismótið okkar í nóvember rétt áður en öllu var aftur skellt í lás. Fyrir utan Kjörismótið þá eru dósasafnanir deildarinnar okkar mikilvægasta fjáröflun. Stjórnin ákvað að allur peningur sem safnast úr þeim fari beint í barnastarfið. Höfum við t.d. getað borgað mótsgjöldin fyrir krakkana og gefið þeim sem byrja að æfa spaða og boli. Hveragerðisbæjar fær hrós skilið fyrir að þola brótið sem fylgir þessu öllu saman en þau hafa lánað okkur húsnæði svo við þurfum ekki að vera úti í öllum veðrum við talningu og frágang.

Stjórn blakdeildar Hamars árið 2021 skipuðu Andri Þorfinnur Ásgeirsson (gjaldkeri), Anna Mazurek, Barbara Meyer (formaður), Greta Sverrisdóttir og Ingi Björn Ingason.

Heimsfaraldurinn Covid-19 gerði okkur lífið leitt annað árið í röð. Ekkert Kjörismót, ekkert Daddamót og ekkert Öldungamót var haldið, en Öldungamótið er áætlað mánaðarmótið apríl/maí.

Ákveðið var að skrá tvö kvennalið á Íslandsmót (3. og 6. deild) og eitt karlalíð í 1. deild auk okkar úrvalsdeildaliðs í úrvalsdeild.

Úrvaldeildarlið Hamars vann alla titla sem hægt er að vinna; deildar-, bikar- og Íslandsmeistarar. Nýr leikmaður bættist í hópinn seinasta haust, Tomek Leik



Deildar-, bikar- og Íslandsmeistaralið Hamars í blaki.

bættist við en Wiktor yfirgaf okkur í desember með stuttum fyrirvara.

Blí tilkynnti þann 5. júní 2021 hvaða leikmenn hefðu staðið sig best þetta tímabil að mati fyrirliða og þjálfara Mizunodeildanna. Fimm Hamarsmenn hlutu verðlaun og skipuðu lið ársins: Radek (díó), Damian (uppspil), Hafsteinn (Miðja) Ragnar Ingi (liberó) og Wiktor (kantur). Wiktor var einnig kosinn besti leikmaður og stigahæstur í uppgjöf og einnig var hann tilnefndur sem íþróttaaður Hveragerðisbæjar af blakkeildinni.

Mikil aukning er hjá unglingum og eins var boðið upp á stubbblak snemma á laugardagsmorgnum á árinu. Færri börn hafa mætt á æfingar núna en í fyrra sökum þess að þau eru að sækja í félagsmiðstöðina sem er alltaf opin á sama tíma og blakæfingar eru og hefur það bitnað mikið á okkur.

Knattspyrnudeild Hamars hefur verið í blóma á undanfögnu ári þrátt fyrir ýmsar hindranir á veginum.

Fjölgun var í yngri flokkum félagsins á árinu og var lögð áhersla á að búa til góða umgjörð til að hlúa vel að iðkendum deildarinnar. Mikið líf var í kringum meistaraflokka félagsins sem stóðu sig vel í keppnum á tímabilinu. Rekstur deildarinnar hefur verið erfiður að undanfögnu þar sem Covid setti mörg strik í reikninginn. Fjáraflanir sem hafa verið undanfarin ár þurftu því miður að aflýsa vegna faraldursins. Knattspyrnumót vetrarins sem deildin hefur haldið undanfarin ár og hafa verið langstærsta fjáröflun deildarinnar féllu niður og féll Herrakvöld deildarinnar niður svo dæmi séu tekin.

Yngri flokkar deildarinnar voru í miklum blóma á tímabilinu. Margir nýir iðkendur komu inn í deildina ásamt því að fyrri iðkendur héldu áfram í knattspyrnu og var brottfall lítið. Mikið var lagt upp úr því að efla starf yngri flokka félagsins. Fjölgað var þjálfurum, bætt við markmannsþjálfurum og þjálfarar fóru á þjálfaranámskeið til að sækja aukna þekkingu. Allir flokkar félagsins fóru á stóru mót sumarsins þar sem gleðin var í fyrirrúmi.

Meistaraflokkur kvenna var á sínu öðru starfsári, en liðið var stofnað 2020 með því markmiði að veita stúlkum úr Hveragerði og Suðurlandi að halda áfram knattspyrnuíðkun. Tímabilið gekk ótrúlega vel og er rosalega góð samheldni og stemning hjá hópnum sem er lykillinginn að góðum árangri stelpnanna.

Meistaraflokkur karla tók einnig þátt í öllum þeim mótum sem í boði voru á tímabilinu. Á undanförunum árum hefur liðið verið hársbreidd frá því að komast upp um deild og var markmið félagsins

að halda áfram sömu braut og reyna koma liðinu upp um deild.

Erfitt hefur verið að reka meistaraflokka félagsins á árinu vegna faraldursins skæða. Minni tekjur og aukin útgjöld hafa verið vegna þess en félagið horfir björtum augum fram á veginn og sér til bjartari tíða með vel samstilltu fólki og góðri liðsheild.

Lárus Ingi Friðfinnsson formaður Korfuknattleiksdeildar lét af störfum á árinu eftir næstum 30 ár í formannssæti en Lárus var einn af stofnendum Hamars og jafnframt fyrsti formaður korfuknattleiksdeildarinnar. Lárus þekktja allir enda goðsögn í þessum heimi og við þökkum honum innilega fyrir samstarfið.

Árið 2021 er fyrsta heila árið sem Hamar-Þór er í samstarfi í meistaraflokk kvenna, en samstarfið hófst haustið 2020. Tímabilið 2020-2021 var Covid tímabilið mikla, en takmarkanir vegna veirunnar höfðu eins og allir vita mikil áhrif á íþróttastarf þegar hlé var gert á íþróttaiðkun og keppni. Samstarf Hamars og Þórs gengur mjög vel og það verður gaman að fylgjast með þessu unga og efnilega liði taka næstu skref.

Meistaraflokkslið karla tók miklum breytingum árið 2021. Liðið hefur í gegnum tíðina verið í baráttunni um að komast upp í Úrvalsdeild og var þar enginn breyting á vorið 2021. Liðið lék til úrslita við Vestra um laust sæti í úrvalsdeildinni, en þurfti að lokum að lúta í lægra haldi 3-1.

Yngri flokka starfið okkar er í mjög góðum skorðum. Við höfum náð að halda úti góðu starfi frá 1-7. bekk og skráð lið í þessum flokkum á Íslandsmótum. Gott samstarf er með Þór og er haldið út sameiginlegu liði í 8. flokk karla. Því miður er ekki nægur iðkenda fjöldi í elstu hópnum en einnig er haldið úti góðu samstarfi með nágrannafélögum svo þeir sem búa í Hveragerði geta spilað og æft með víðeigandi aldursflokk.

Aðalfundur Sunddeildar Hamars var haldinn þann 9. febrúar 2021 og urðu engar breytingar á stjórn.

Stjórn sunddeildar er skipuð Sigurbjörgu Hafsteins, formanni, Brynju Hrafnkelsdóttur, gjaldkera og Péttri Guðmundssyni meðstjórnanda. Á síðasta aðalfundi var María Clausen Pétursdóttir valinn sundmaður Hamars fyrir árið 2020 og Elísabet Árný Hlynisdóttir fékk viðurkenningu fyrir góðar framfarir og ástundun.

Það verður að segjast eins og er að starf sunddeildar Hamars hefur verið litað af ýmsum aðstæðum árið 2021. Enn og aftur litaði heimsfarandurinn allt íþróttastarf landsins og litla

sunddeildin okkar hefur ekki farið varhluta af því. Til að bæta gráu ofan á svart þá var sundlaugin í Laugaskarði lokuð meirihluta síðasta árs og æfingar sunddeildarinnar þurftu að fara fram annars staðar á meðan.

Þrátt fyrir allt þetta hefur flottur hópur sundkrakka mætt reglulega á æfingar síðastliðið ár en hópur iðkenda hefur verið í kringum 12-15 sem skiptast í yngri og eldri deild. Magnús Tryggvason þjálfari heldur eins og venjulega vel utan um alla þjálfun í deildinni.

Vegna Covid og annarra aðstæðna þá náðist aðeins að halda eitt sundmót hjá HSK. Aldursflokkmót var haldið á Hvossvelli og áttum við þar þónokkra þátttakendur. Þar stóðu krakkarnir okkar sig gríðarlega vel og náðu mörg að bæta sig persónulega í sundinu.

Fyrri part ársins urðum við að vera með æfingar á tveimur stöðum vegna framkvæmda við búningssklefana í Laugaskarði. Yngri krakkarnir fengu að æfa í sundlauginni á Hótel Örk en eldri krakkarnir fóru á æfingar í Sundhöll Selfoss.

Íþróttafélagið Milan

Aðalfundur félagsins fór fram 2. september. Gerðar voru lagabreytingar á fundinum sem fækkuðu stjórnarmönnum í þrjá. Einar Sindri Ólafsson var kjörinn formaður, Eyþór Jónsson hélt áfram sem gjaldkeri og Guðmundur Ólafsdóttir var kosin ritari. Starfsemi félagsins litaðist mikið á áhrifum Covid-19 en vegna faraldursins hélt HSK ekki Íslandsmót í utandeild keppnistímabilin 2020-2021 og 2021-2022. Liðið skráði sig þó til leiks í bikarkeppni HSK og mætti Fjölni í 16 liða úrslitum bikarsins 10. september en tapaði leiknum eftir góðan fyrri hálfleik. Reynt er að halda úti vikulegum æfingum yfir vetrarmánuðina en æfingar hafa þó oft fallið niður vegna covid og eins vegna mættinga, enda lítið til að keppa að þegar utandeildin liggur niðri.



Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur félagsins var haldinn seint á þessu ári vegna Covid. En fundurinn var haldinn í Tíbrá þann 10. nóvember 2021. Vilhelmina gekk úr stjórn sem formaður og var Ófeigur Ágúst kosinn í hennar stað. Þórdís Bjarnadóttir var kosin ritari og Guðrún Lilja Hermannsdóttir var kosin meðstjórnandi.

Stjandi stjórn skipa: Ófeigur Ágúst Leifsson formaður, Aðalbjörg Skúladóttir gjaldkeri, Þórdís Bjarnadóttir ritari, María Sigurjónsdóttir meðstjórnandi og Guðrún Lilja Hermannsdóttir meðstjórnandi.

Þjálfari í sundi 2021 var Magnús Tryggvason og voru æfingar samhliða sunddeild UMFS. Æfingar voru tvisvar sinnum í viku á mánudögum og miðvikudögum þegar sóttvornarlög leyfðu það.

Boccia er langvinsælasta íþróttagrein félagsins. Sorglega lítið að fréttu af þessari grein á árinu. Æfingar voru haldnar þegar það var hægt. Allt stefndi í að við gætum ekki haldið stærsta mót ársins Íslandsmót í boccia annað árið í röð. Það endaði samt þannig að við héldum Suðurlandsmót í boccia í einstaklingskeppni 23. október þar sem mættu um 106 keppendur. Keppt var í báðum íþróttahúsunum (lðu og Vallaskóla) Fengum með okkur góða sjálfbæðaliða til að sinna dómgæslu og öðru. Viljum við færa öllum þeim sem aðstoðuðu okkur bestu þakkir fyrir.

Æfingar voru haldnar í sumar í samstarfi við Gylfa Sigurjónsson hjá Golfklúbbi Selfoss. Nokkrir félagar



tóku þátt og bættu sig í íþróttinni. Haldið var HSK mót á golfvöllinum á Flúðum. Undirbúningur hófst fyrir golfmót í Danmörku dagana 20.-23. maí 2022, Special Olympic Festival 2022 en Gylfi mun fylgja fjórum félögum úr Suðra á það mót.

Aðsókn í lyftingar voru mjög góð 2021 eins og síðustu ár. María og Sigríður Sigurjónsdætur kepptu í World Strongest Disable Man 13.-14. nóvember í Reykjavík. Sigríður náði sér í silfur og María í brons í sínum flokki.

Fella þurfti niður æfingar í lyftingum eins og á öðrum stöðum. En Örvar Þjálfari hvatti til hreyfingar og fór í skipulagða göngutúra með hópinn sinn.

Haustið 2017 byrjuðum við samstarf við taekwondodeild UMFS. Sigurjón Bergur Eiríksson (3-Dan) tók að sér að skipuleggja og þjálfa fólk frá okkur. Aðeins tveir þátttakendur voru á árinu í taekwondo. Æfingar féllu oft niður eins og hjá öðrum.

Lítið var um samstarf og samskipti við aðra á árinu. Við skiptum um galla og erum núna í UMFS göllum merktum Suðra.

Gott samstarf við önnur félög og deildir innan UMFS eru okkur mikilvægt. Stuðningur frá Sveitarfélaginu Árborg er okkur mikils virði og gerir okkur auðveldara fyrir að reka félagið sem er í góðri fjárhagsstöðu.

Það hefur fækkað töluvert í öllum íþróttagreinum og er það von okkar að við getum eftir félagið og fengið fleiri iðkendur þegar jafnvægi hefur komist á og við getum stundað íþróttir af fullum krafti.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess að efla hreyfifærni sína hafa margir okkar félagar aukið sjálfstraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja.

Við höfum fulla trú á því að í ársskýrslu fyrir árið 2022 verður fullt af jákvæðum upplifunum og fjölgun iðkenda í öllum greinum.

Íþróttafélag Uppsveita

Árið var heldur betur viðburðaríkt hjá okkar ört vaxandi félagi. Hægt er að segja að félagið sé enn að upplifa vaxtarverki líkt og síðasta ár að hluta til vegna þess hve geyst við förum í hlutina í okkar starfi og oftast en ekki látum við verkin tala fremur en lagabókstafi, hefðir, venjur og almenna skynsemi. Við rekumst oft á ný vandamál sem þarf að leysa og læra af en við erum ná í afturendann á okkur hvað varðar formsatriði og er félagið smátt og smátt að taka á sig endanlega mynd. Í því samhengi má nefna að næsti aðalfundur mun verða viðburðaríkur en það verður mikið um lagabreytingar og endurskipulagningu. Fundurinn verður í febrúar og verður auglýstur vel þegar nær dregur. Núverandi stjórn mynda Sólmundur Magnús Sigurðarson formaður, Gísli Þór Brynjarsson varaformaður, Matthías Bjarnason gjaldkeri, og meðstjórnendur eru Jón Óskar Jóhannesson og Anthony Karl Flores.

Íþróttafélagið er hugsað sem tækifæri fyrir iðkendur í Uppsveitum að stunda og keppa sína íþrótt með samsveitunum fyrir hönd Uppsveita Árnessýslu. Aðeins er starfrækt knattspyrnu deild eins og er og boðið er upp á æfingar og keppni fyrir 7. - 3. flokk og meistaraflokk karla í samstarfi við Ungmennafélög Biskupstungna, Hrunamanna, Gnúpverja, Skeiðamanna, Laugdæla og Hvatar.

Ungmennafélögin sjá um æfingar á veturna en þátttaka í kappleikjum og mótum er á vegum Íþróttafélagsins. Íþróttafélagið aðstoðar ungmennafélögin á ýmsan hátt t.a.m. við ráðningu þjálfara.



María og Sigríður Sigurjónsdætur á World strongest disable man í Reykjavík í nóvember 2021.

Á sumrin sér Íþróttafélagið alfarið um æfingar og keppni í knattspyrnu.

Í sumar var boðið upp á æfingar á Flúðum og Borg og í Reykholti, Árnosi og Brautarholti. Tvær æfingar í viku á hverjum stað fyrir iðkendur frá aldrinum 6 til 15 ára. Þjálfarar voru Gústaf Szeland, Sólmundur M. Sigurðarson, Máni S. Benediktsson og Matthías Bjarnason. Iðkendur voru um 80 talsins. Farið var á þó nokkur hraðmót með 6.-8. flokk og tefldum við oft fram þremur liðum í 6. og 7. flokk. Svo náðum við stórum áfanga síðastliðinn nóvember er við tefldum fram okkar fyrsta kvennaliði. Kepptu þær í 7. flokki og verður spennandi að fylgjast með því liði næsta sumar.

5. flokkur fór á N1 mótið á Akureyri og stóðu leikmenn sig vel en liðið endaði í 6. sæti í sínum styrkleika og má til gamans geta að árinu áður endaði liðið í 24. sæti í sama styrkleika.

Félagið tók svo þátt á Íslandsmóti KSÍ í fyrsta sinn í yngri flokkum. Félagið tefldi þar fram B og C liðum í 5. flokki karla. Þó keppt væri í karlaflokki innihéldu okkar lið oftast en ekki nokkrar stelpur sem gáfu drengjunum ekkert eftir á vellinum. B-liðið spilaði 10 leiki og vann fjóra og tapaði sex. Liðið skoraði 32 mörk og fékk á sig 37. Liðið spilaði heimaleiki sína í

Reykholti og stefnt er á að endurtaka leikinn næsta sumar og skrá jafnvel fleiri lið á Íslandsmót.

Í upphafi árs var Sigurður Dónys Sigurðsson ráðinn sem þjálfari meistaraflokks og átti hann strax eftir að hafa áhrif á spilamennsku liðsins og metnað. Liam Killa var síðan ráðinn aðstoðarþjálfari í febrúar en átti svo eftir að segja upp á miðju tímabili.

Á undirbúningstímabilinu vannst fyrsti titill í sögu liðsins er liðið sigraði hið víðfræga Boreal-Cup æfingamót. Ekki náðist að klára Lengjubikarinn árið 2021 vegna samkomutakmarkanna en liðið náði að spila tvo leiki og fá úr þeim 4 stig. Liðið mætti Ægi úr Þorlákshöfn í Mjólurbikarnum og tapaði 4-0.

Eftir gott undirbúningstímabil byrjaði Íslandsmótið í 4. deild illa. Liðið tapaði fyrstu tveimur leikjunum samtals 8-0 gegn Hamri og KH en hið síðarnefnda vann að lokum deildina. Síðan átti liðið þó eftir að rétta örlítið úr kútnum og ná í 8 stig í næstu 5 leikjum en við tók svo arfaslök hrina í næstu 4 leikjum þar sem liðið náði aðeins í 1 stig. En eftir það var eins og kviknað hefði loksins á dísilvélinni og fóru leikmenn að standa saman og leggja allt í sölnar fyrir síðustu leikina. Liðið vann 3 leiki í röð og lauk tímabilinu svo með 1-1 jafntefli við Stokkseyri fyrir framan fulla brekku á X-Mist vellinum á Flúðum. Liðið



5. flokkur B-lið eftir leik gegn Snæfellsnesi í Reykholti. Efri röð f.v. Árni Tómas Ingólfsson, Ásdís Erla Helgadóttir, Kormákur Hjalti Benediktsson, Unnsteinn Magni Arnarsson, Símon Mikael Kristinsson og Kári Steinn Guðmundsson. Neðri röð f.v. Magnús Rúnar Traustason, Tómas Ingi Ármann, Jóhann Hilmir Sigurðarson og Hrói Bjarnason.

endaði í 4. sæti af 9 liðum með 19 stig úr 15 leikjum. (Leikirnir áttu að vera 16 en eitt lið dró sig úr keppni á miðju tímabili.)

Markahæsti leikmaður tímabilsins var Pétur Geir Ómarsson en hann skoraði samtals 9 mörk í 15 leikjum.

Á lokahófi var Víkingur Freyr Erlingsson valinn mikilvægasti leikmaðurinn og Máni Snær Benediktsson sá efnilegasti.

Það er hægara sagt en gert að stofna Íþróttafélag í miðjum heimsfaraldri og viljum við þakka styrktaraðilum, sveitarfélögum Bláskógabyggðar, Hrunamanna, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps sem og öllum sjálfboðaliðum, iðkendum og foreldrum þeirra fyrir stuðninginn á síðastliðnu ári.

Karatefélag Suðurlands

Árið 2021 hefur verið frekar rólegt hjá Karatefélagi Suðurlands, við höldum ekki aðalfund og var ákveðið að stjórn sem var kosin 2020 skyldi starfa áfram, formaður Kristján Lárusson, gjaldkeri Halldór Arinbjarnar og ritari Ágúst Ingvarsson.



Haldnar hafa verið æfingar tvisvar í viku en iðkendafjöldi á æfingum hefur ekki alltaf verið mikill og er ástæða þess það sem hefur verið að gerast í þjóðfélaginu, Covid. Við vonum að árið 2022 verði mun betra og er stefnt að gráðunum seinni part árs.

Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga var haldinn 18. mars 2021 þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og kosin var ný stjórn. Í stjórn félagsins sitja Tinna Erlingsdóttir formaður, Gunnar Aron Ólason gjaldkeri, Hulda



Dóra Eysteinsdóttir ritari, Guðmundur Úlfar Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir meðstjórnendur, Tómas Birgir Magnússon og Klara Viðarsdóttir eru varamenn.

Mannauður félagsins er mikill en hjá félaginu starfa átta reynslumiklir þjálfarar. Þjálfarar félagsins voru á nýliðnu starfsári Ólafur Örn Oddsson, Yngi Karl Jónsson, Helgi Jens Hlíðdal, Guðrún Bára Sverrisdóttir, Gunnlaugur Friðberg Margrétarson, Ástvaldur Helgi Gylfason, Lárus Viðar Stefánsson, Heiðar Óli Guðmundsson og Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage.

Meistaraflokkur karla KFR spilaði í 4. deild á tímabilinu en þjálfarar þeirra voru Ellert Geir Ingvason aðalþjálfari og Hjörvar Sigurðarson aðstoðarþjálfari.

Iðkendafjöldi KFR hefur aukist jafnt og þétt og í yngri flokkum félagsins æfa yfir 200 iðkendur knattspyrnu úr þremur sveitarfélögum. Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Sveitarfélögin standa þétt við bakið á félaginu og veita árlega góða styrki til félagsins til að sinna iðkendum sínum, bæði í peningastyrkjum og með aðgangi að íþróttasvæðum sveitarfélaganna. Sérstakt átak fór af stað haustið 2019 til þess að auka vægi stúlkna í knattspyrnu og fékk félagið veglegan styrk frá Rannís til þessa verkefnis. Það verkefni hélt áfram árið 2020 og 2021 og hefur skilað auknum iðkendum meðal stúlkna í sveitarfélaginu.

Iðkendur yngri flokka fóru á nokkur mót á starfsárinu þrátt fyrir ýmsar hamlanir í tengslum við Covid-19. Þá tók KFR þátt í Faxaflóamóti KSÍ og Íslandsmóti KSÍ. KFR var í starfstarfi við elstu flokka Selfoss, Hamars, Ægis og Sindra þar sem iðkendafjöldi er takmarkaður.

Starfsár KFR endar yfirleitt með uppskeruhátið yngri flokka en vegna aðstæðna og fjöldatakmarkana var engin uppskeruhátið haldin þetta árið.



3. flokkur KFR vann bikar á Reyccup.

Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn sunnudaginn 25. nóvember 2021. Nýja aðalstjórn félagsins skipa: Guðbjartur Örn Einarsson formaður/gjaldkeri, Hjördís Vigfúsdóttir meðstjórnandi, Margret Bára Thorleifsdóttir Warner ritari, Lárus Guðmundsson meðstjórnandi og Jón Reynir Sveinsson meðstjórnandi. Yfirþjálfari félagsins er Arnar Logi Sveinsson.



Almennt má segja að starfsemi yngri flokka á tímabilinu hafi verið með ágætum. Iðkendum fjölgaði framan af frá því sem verið hefur undanfarin ár þrátt fyrir mjög bagalegt aðstöðuleysi og að starfsemi flokkanna hafi áfram litast af Covid-19 faraldrinum. Haustið 2020 var ráðinn nýr yfirþjálfari Arnar Logi Sveinsson en auk þess hélt Torfi H. Björnsson áfram að þjálfva. Hafa Arnar Logi og Torfi að jafnaði skipt á milli sín flokkunum þannig að Arnar Logi hefur mest verið með elstu iðkendur en Torfi 6., 7. og 8. flokk.

Ekki varð breyting á skipan barna- og unglíngaráðs á tímabilinu. Starfsemi barna- og unglíngaráðs varð líkt og annað í starfi Ægis, fyrir áhrifum Covid-19 faraldursins, sérstaklega hvað varðar tækifæri til

fjáröflunar og má þar nefna að hætta varð aftur við hið árlega Sumarkaffi Ægis.

Með tilkomu Arnar Loga höfðum við tök á að vera með æfingar fyrr á deginum, og þannig búið til meiri samfellu við skólalag iðkenda og gerði það m.a. að verkum að iðkendum fjölgaði. Áður höfðu æfingar verið á milli 16:30 og 18:30 en nýir tímar frá kl. 13-16 eða strax í kjölfar skóla. Einnig var ákveðið að fjölga æfingartímum úr 3 í 4 til 5 á viku og var það m.a. gert til að auka áhuga krakkanna.

Þá var tekin ákvörðun um að ráða kvenþjálfara til að halda utan um sérstakar stelpuæfingar en það var liður í því að fjölga kvenkyns iðkendum. Þjálfari Íreina Gestsdóttir. Mikil ánægja hefur verið með þetta verkefni og binda barna- og unglíngaráð og þjálfarar vonir við að það skili sér í auknum áhuga stelpna á fótbolta. Æfingarnar hafa gengið vel og eru margar stelpur sem koma einungis á stelpuæfingarnar. Skoða þarf hvort tilefni sé til að fjölga þessum æfingum.

Því miður eru aðstæður þannig að iðkendahópur í yngri flokkum Ægis er fámennur. Auk þess er aðstaða til iðkunar fótbolta vægast sagt hörmuleg miðað við þær kröfur sem uppi eru í nútíma knattspyrnu. Þessi staða hefur gert það að verkum að lögð hefur verið áhersla á að reyna að koma okkar eldri krökkum eins mikið á sameiginlegar æfingar á Selfoss og hægt er. Þar geta allir æft við einhvern á sínu getustigi og spilað fótbolta yfir vetrartímann á góðu gervigrasi. Einnig var mikilvægt fyrir 4. flokkinn að æfa sameiginlega með Selfoss til að geta tekið þátt í Íslandsmóti. Að öðru leyti er að jafnaði miðað við að samstarf við nágrannafélögin hefjist í 4. flokki þar sem við höfum oftast náð að halda úti 5. flokki sér. Afar brýnt er að þrýsta á að hafist verði handa við að byggja fjölnotahús sem uppfyllir gæðakröfur til iðkunar fótbolta og jafna þannig tækifæri krakka í Þorlákshöfn til að stunda fótbolta á við aðrar íþróttagreinar. Segja má einnig að samstarfið sé góð leið fyrir iðkendur sem kunna að fara í FSU að kynnst öðrum iðkendum og vera búnir að mynda vinskapa, þroskast og upplífa hluti saman. Samstarfið stendur sterkt og erum við alltaf að vinna að því að gera okkur stærri í samstarfinu. Fyrirhugað er að reyna að bjóða meira upp á æfingar í Þorlákshöfn næsta sumar ásamt því að vera enn duglegri að mæta á sameiginlegar æfingar. Framtíðarsýnin er að geta boðið upp á sameiginlegar æfingar í öllum flokkum og vera enn sterkari saman, því þannig ná allir sem bestum árangri og allir fá verkefni við hæfi.

Sömu þjálfarar voru með meistaraflokkinn á



Lið Ægis í 7. fl. drengja og stúlkna á Weetos mótinu 2021.

siðasta tímabili og áður, en undirbúningstímabilið varð fyrir talsverðum áhrifum Covid 19 þar sem æfingar dattu niður í nokkrar vikur. Einnig kom upp Covid smit í leikmannahópnum á miðju tímabilinu sem setti strik í reikninginn og þurfti að fresta mörgum leikjum í 3. deildinni. Það var svo leikið ansi þétt (3 leikir á viku) til að vinna upp frestaða leiki. Að öðru leyti gengu hlutir mjög vel hjá liðinu og náði 2. sæti í deildinni sem gaf sæti í 2. deild að ári og mun þá spila í 2. deild tímabilið 2022. Samningar Nenad Zivanovic aðalþjálfari og Baldvin Borgarsson aðstoðarþjálfara voru svo framlengdir í lok tímabilsins.

Hjá okkur eins og flestum hefur þessi Covid faraldur mikil áhrif á reksturinn og þarf að gæta vel að í framhaldinu til að áætlanir standist. Reksturinn hefur verið í járnnum síðustu tvö ár og þarf að spýta í lófanna til að rétta betur úr kútnum. En sem betur fer skuldar félagið ekkert og það er vel. Við erum þó bjartsýn og horfum björtum augum fram á við. Við hjá Ægi viljum nota tækifærið hér og þakka öllum fyrir sem komu að starfi félagsins á árinu 2021.

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Aðalfundur var haldinn 6. apríl 2021, í skugga veirufaraldurs. Þar var ársreikningurinn meginmálið og mikilvægast að rekstrarniðurstaðan var jákvæð. Í stjórn voru kjörin: Gylfi Þorkelsson, formaður, Eypór Frímansson, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Jóhanna Hallbjörnsdóttir, Ólafur Valdín Halldórsson, Trausti Jóhannsson og Guðmundur Ármann Böðvarsson.



Stjórn samþykkti að fresta endanlegum frágangi fjárhagsáætlunar út af „óvissu í efnahagsmálum, vegna kórónuveirufaraldurs, þar til línur skyrast“. Aðalfundur fól stjórn að vinna fjárhagsáætlun eins fljótt og auðið væri og skoða í þessu samhengi að samningar flestra styrktaraðila renni út á árinu.

Stefnt var á 3á3 mót í byrjun júní 2021 ef aðstæður í þjóðfélaginu leyfðu, en þegar að kom var þessi viðburður felldur niður.

Sömu sögu var að segja af NLEC Körfuboltaþúðunum og unglíngalandsmóti á Selfossi um verzlunarmannahelgina 2021. Öllu frestað.

Félagið stóð fyrir gróðursetningu í september, í samstarfi við Skógræktina, sem fjárflyflun fyrir félagið, og gekk það vel.

Mikil óvissa var með ferðir erlendis með unglíngalandsliðshópa. Félagið átti 10 fulltrúa í landsliðshópum, þrjá í U20, fimm í U16 og tvo í U15 ára landsliðshópum. Glæsilegur árangur það. Auk þessa komust fjórir strákar á skólalstyrk í NCAA háskólalöbaltan í Bandaríkjunum með aðstoð Chris Caird, aðalþjálfara Selfoss Körfu.

Stefnt var að því fullum fetum að ráða starfsmann til að sinna daglegum verkefnum félagsins, en af því varð ekki vegna fjárhagslegrar óvissu útaf covid faraldrinum.

Ákveðið var að stefna að enn meiri metnaði við yngri flokkastarfið með ráðningu fleiri öflugra þjálfara. Gekk það markmið eftir og er félagið nú vel sett hvað þetta varðar. Yngri flokkastarfið gengur mjög vel, mikil gróska og fjölgun iðkenda í nánast öllum hópum.

Meistaraflokkur karla lék í úrslitakeppni 1. deildar karla og vann Hornfirðinga í fyrstu umferð en tapaði naumlega fyrir Hvergerðingum í annari umferð. Leikmaður Selfoss, Sveinn Búi Birgisson, var valinn besti ungi leikmaðurinn í 1. deild og var vel að því kominn. Vel gekk að sinna leikmannamálum meistaraflokks karla, m.v. þau hófsömu markmið sem varð að setja vegna fyrrnefndrar fjárhagslegrar óvissu.



Arnór Bjarki Eypórsson, körfuknattleiksmaður Selfoss 2021.

Körfuknattleiksmaður ársins 2021 var valinn Arnór Bjarki Eypórsson. Arnór, sem kemur úr uppeldisstarfi félagsins, tók miklum framförum á árinu og hápunkturinn var að hann samdi um skólalstyrk við 1. deildar skóla í NCAA háskólalöbaltanum, Toledo University í Ohio.

Þegar þetta er ritað í janúar er keppnistímabil í óvissu í öllum flokkum vegna covidsmíta, mörgum leikjum hefur verið frestað og enginn veit hvert framhaldið verður. Af sömu sökum er fjárhagur félagsins í óvissu og verður „spennandi“ að ráða fram úr þeim málum öllum til næsta aðalfundar.

Lyftingafélagið Hengill

Starf Lyftingafélagsins Hengils 2021 var í rölegri kantinum, en æfingum var þó haldið úti einu sinni í viku.



Skráðir meðlimir eru 60. Við sendum nokkra keppendur á mót á síðasta ári og gekk ágætlega.

Ekki var haldinn eiginlegur aðalfundur á síðasta ári sökum heimsfaraldurs.

Stjórn óbreytt allavega fram að aðalfundi sem er fyrirhugaður í mars. Formaður: Hlynur Kárason. Gjaldkeri: Ellý Jóhannsdóttir. Ritari: Eydís Arna Birgisdóttir. Meðstjórnendur: Kristinn Hólm Runólfsson og Jóhannes Snorrason. Varamenn: Heiðar Ingi Heiðarsson og María Rún Þorsteinsdóttir.

Skotiþróttafélagið Skyttur

Núverandi stjórn er eftirfarandi: Magnús Ragnarsson formaður, Haraldur Gunnar Helgason varaformaður, Bjarki Eiríksson ritari, Jóhann Þórir Jóhannsson gjaldkeri og Valur Gauti Ragnarsson meðstjórnandi. Varamenn: Kristinn Valur Harðarson og Guðmar Jón Tómasson. Aðalfundur félagsins var haldinn 23. mars 2021.



Byrjað var á framkvæmdum við nýtt ríffilús þar sem grafið var fyrir grunninn og lagnir lagðar að húsinu. Engin mót voru haldin á árinu hjá félaginu. Haldið var námskeið í skammbyssuskotfimi með góðri þátttöku. Í framhaldi af því hafa verið haldnar æfingar.

Vel gekk hjá félagsmönnum í skammbyssugreinum á árinu. Þar ber helst að nefna að Óðinn Magnússon varð Íslandsmeistari í loftskammbyssu í unglíngaflokki karla á Íslandsmeistaramóti þann 6. nóvember. Magnús Ragnarsson varð í 2. sæti í karlaflokki á sama móti. Magnús varð í fyrsta sæti á



Óðinn Magnússon vann Íslandsmeistarattitil unglíngaflokki karla í loftskammbyssu.

landsmóti í loftskammbyssu 4. desember í Keflavík og 3. sæti í staðlaðri skammbyssu 5. desember.

Undirbúningur er í gangi fyrir unglíngastarf í loftgreinum og unglíngastarfi með svokölluðum rafbyssum. Núverandi löggjöf leyfir aðeins iðkendum 15 ára og eldri að stunda skotiþróttir. Með svokölluðum rafbyssum geta iðkendum á öllum aldri byrjað að æfa þessar greinar. Hefur félagið verið að undirbúa starfið og hefur kynnt sér starfið hjá Skotiþróttafélagi Kópavogs. Stjórnin er að vinna að því að finna aðstöðu fyrir þetta starf en um innanhúsgrein er að ræða. Einnig er vinna í gangi við að fjármagna búnað til að getað byrjað starfið. Er félagið með þjálfara sem er að ljúka þjálfarastigi 2 og vonandi mun fyrstu æfingar sjá dagsins ljós árið 2022.

Einnig er verið að skoða endurnýjun á leirdúfuvélum félagsins þannig að „skeet völlum“ verði viðurkenndur keppnisvöllur. „Skeet“ er ólympísk grein og ein af þeim greinum sem iðkendum mega byrja að stunda 15 ára og verður vonandi hægt að vera með æfingar í unglíngaflokki gangi endurnýjun eftir.

Jafnframt er verið að vinna í að efla iðkun bogfimi og er stefnt á reglulegar æfingar.

Skotiþróttafélag Suðurlands

Árið 2021 einkenndist af covid vandræðum eins og annars staðar. Mótahald var í lágmarki en við náðum þó að halda tvö mót í skeet á vegum STÍ, eitt landsmót og svo Íslandsmeistaramót.



Félögum fjölga jafnt og þétt og erum við komin með yfir 300 félagsmenn, því bættum við mánuðögum inn í opnunartímann.

Tekin voru 161 hreindýrpróf og skeetvélar endurnýjaðar á öðrum vellinum. Notkun á ríffil- og haglavöllum var nokkuð góð þrátt fyrir allt og göður andi á svæðinu.

Torfæraklúbbur Suðurlands

Stjórn Torfæraklúbbsins starfsárið 2021 var eftirfarandi: Helga Katrín Stefánsdóttir formaður, Kristján Finnur Sæmundsson varaformaður, Sigfús Þór Sigurðsson gjaldkeri, Jóhann Daði Pálmason ritari og Sigdór Yngvi Kristinsson meðstjórnandi.



Starfsárið 2021 gekk brösuglega vegna samkomutakmarkanna. Klúbburinn hélt eina umferð 25. júlí þar sem mikil óvissa væri um hvort hægt var að halda keppni og þá með áhorfendum. Kvöldið fyrir keppni var öllu skellt í lás og settar voru strangar takmarkanir. Keppni var haldin í slæmu veðri, mikil rigning og vindur sem reyndi mikið á úthald keppenda. Mikil þrautseigja í starfsfólki að klára keppni í svona veðri.

Torfærklúbburinn á tvö Íslandsmeistara þetta ár, einn í Götubílaflokki í torfæru og í jeppaflokki í sandspyrnu.

UBH

Aðalfundur félagsins var haldinn í Njálsgærði 14 á Hvolsvelli 28. des. 2021. Í stjórn voru kosin: Guðmann Óskar Magnússon formaður, María Rósa Einarsdóttir gjaldkeri, Ólafur Elí Magnússon ritari og Helgi Jens Hlíðdal og Jón Gísli Harðarson varamenn.



Félagið hefur ekki nein sérstök verkefni síðan að íþf. Dimon tók yfir íþróttastarfsemi á svæðinu, en er stuðningsaðili Dímonar.

Umf. Biskupstungna

Aðalfundur Ungmennafélags Biskupstungna var haldinn í Aratungu þann 12. maí 2021. Eins og undanfarin ár funduðu allar deildir félagsins sama kvöld. Byrjað var á fundi aðaldeilda, þá íþróttadeilda og loks leikdeilda. Stjórn félagsins er óbreytt en hana skipa Oddur Bjarni Bjarnason formaður, Svava Theodórsdóttir gjaldkeri og Dagný Rut Grétarsdóttir ritari.



Nemendur á unglíngastigi í grunnskólanum Reykholti stofnuðu rafíþróttafélagið Biskupar. Á aðalfundi var félagið tekið inn í Ungmennafélag Biskupstungna og gerð að deild innan félagsins. Fyrirhuguð er síðan ósk um inngöngu í Rafíþróttasamband Íslands.

Úrval íþróttæfinga var svipað og verið hefur síðustu ár. Fótþolti, fimleikar, þrek og styrktarþjálfun og körfubolti.

Ritnefnd félagsins gaf út tvö tölublöð af málgagni félagsins „Litla-Bergþóri“. Þetta var 42. árgangur og er innihald blaðanna fjölbreytt og í senn fræðandi



Rafíþróttafélagið Biskupar var stofnað á árinu og var svo gert að deild í Umf. Biskupstungna.



Eigendur sem átta bestu merföldin á folaldasýningu Dagsbrúnar og Hrossaræktarfélags sveitarinnar.

um félagið og mannlífið í Tungunum. Fésbókarsíða blaðsins er: „Litli-Bergþór. Blað Ungmennafélags Biskupstungna“.

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim aðilum sem komu að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir samstarfið.

Umf. Dagsbrún

Þorablót var ekki haldið á þessu ári út af covid. Ungmennafélag og Þorablótsnefndin gátu samt hist og gerðu Þorablótsmyndband í staðinn sem vakti mikla lukku.



Haldinn var aðalfundur í byrjun mars og var nýr gjaldkeri kosinn og tveir nýir varamenn.

Rædd voru atriði fyrir komandi ár, eins og sumarsprell, en covid eyðilagði það fyrir okkur.

En ekki létum við covid ráða öllu og gáfumst ekki upp að finna leið til að koma saman. Í nóvember héldum við folaldasýningu í samstarfi við Hrossaræktafélag Austur-Landeyja og sáum meðal annars um veitingar. Það var mikið fjör og góð mæting.

Auglýst var fyrir jólaball en þurftum við með stuttum fyrirvara að blása það af.

Svo förum við hlaðin af hugmyndum og tilhlökkun í nýja árið 2022 og vonum að geta hist oftar.

Umf. Eyfellingur

Starfsemi í Ungmennafélaginu Eyfelling var með minnsta móti á árinu 2021, aðalfundur var ekki haldinn sökum samkomutakmarkanna.



Helsta verkefni félagsins var að hreinsa Seljavallalaug og halda umhirðu í lagi.

Stjórarnskipan, formaður Ármann Fannar Magnússon, gjaldkeri Magðalena Jónsdóttir, ritari Karl Víðir Jónsson.

Umf. Framtíðin

Stjórn Ungmennafélags Framtíðin 2021: Lilja Guðnadóttir formaður, Sigurfinna Pálmarsdóttir ritari, Helgi Ármannsson gjaldkeri, Aldís Harpa Pálmarsdóttir og Véronique Julien meðstjórnendur.



Aðalfundur félagsins var

haldinn 30. janúar í íþróttahúsinu Þykkvabæ. Á fundinum voru samþykkt breytt lög sem félagið hefði verið að vinna í undanfarin ár.

Aðalfjáröflun félagsins var blómasala í Þykkvabænum fyrir konudaginn ásamt dósasöfnun.

Félagið sá um að tínt var rusl um alla sveit, skipulagið fór fram á facebook og heppnaðist vel.

17.júní – hátíðarhöld voru með smærri sniði þetta árið. Byrjað var á fjölskyldugöngu eins og áður, hoppukastali og sápurennibraut voru við íþróttahúsið. Gestir gæddu sér á grilluðum pylsum og í lokin bauð Kvenfélagið Sigurvon upp á hátíðartertun í tilefni af 80 ára afmælinu sínu.

Boltó fór af stað í haust fyrir yngri iðkendur félagsins. Einnig var boðið upp á leikskólakrakkaför nokkra laugardagsmorgna þar sem öll leikskólabörn og foreldrar í sveitarfélaginu voru boðin velkomin. Umsjón höfðu Karen Eva Sigurðardóttir og Helgi Ármannsson.

Í tilefni af 100 ára afmæli félagsins var félaginu afhentur veglegur hátíðarfáni, með merki félagsins, að gjöf frá Kartöfluballsnefndinni í Þykkvabæ.

Þegar liða fór að jólum bauð félagið í jólakakó og piparkökur, kveikt var á útjólátrénu og sungin nokkur jólalög. Sr. Elina Hrud Kristjánsdóttir heimsótti okkur og sagði okkur jólasögu, leikið var í íþróttahúsinu á eftir.

Umf. Gnúpverja

Stjórn Ungmennafélags Gnúpverja 2021-2022 skipa: Magna Guðmundsdóttir formaður, Ingvar Þrándarson gjaldkeri og Hafdís Hafsteinsdóttir ritari. Ekki var unnt að halda aðalfund árið 2021. Æfingaárinu var startað



um miðjan janúar en þá hófust knattspyrnuæfingar að nýju eftir jólafrí, æft var 2-3 sinnum í viku ýmist úti eða inni eftir veðri. Í júní var farið af stað með sumar knattspyrnuæfingar í samstarfi við Ungmennafélag Skeiðamanna, ætlaðar börnum á aldrinum 5-16 ára. Samhliða þeim var boðið uppá æfingar þar sem börn frá öðrum ungmennafélögum í uppsveitum Árnessýslu æfðu saman. Þjálfarar voru frá Íþróttafélagi Uppsveita, Gústaf Sæland og Sólmundur Magnús. Til stóð að sameiginleg lið frá Íþróttafélagi Uppsveita tækju þátt í hinum ýmsu knattspyrnumótum síðasta sumar en því miður var flestöllum mótum sumarsins aflýst eða frestað. Sömu sögu var að segja um önnur mót yfir vetrartímann. Þar sem sumaræfingarnar gengu vel, mæting góð og mikill áhugi hjá iðkendum

að halda áfram að æfa var ákveðið að bjóða upp á áframhaldandi æfingar yfir veturinn og fram til næsta sumars. Nýbreytni var gerð um haustið en þá bauð félagið upp á endurgjaldslausar körfuboltaæfingar einu sinni í viku í Árnesi og komu þjálfarar frá Ungmennafélagi Hrunamanna. Æfingar voru að öllu jöfnu vel sóttar og gaman var að sjá hvað stelpurnar voru duglegar að mæta. Þar sem mikil ánægja var með körfuboltaæfingarnar var ákveðið að halda áfram með þær á nýju ári. Um haustið var ráðinn nýr knattspyrnuþjálfari, Valdimar Ingi Auðunsson. Hann hefur mikla ástríðu fyrir sínu starfi og nær vel til barnanna. Það hefur heldur betur skilað sér í auknum áhuga, kappsemi og miklum bætingum hjá þeim, bæði í leik og keppni. Í íþróttaviku Evrópu stóð félagið fyrir opnu húsi í Árnesi þar sem boðið var upp á að koma og spila borðtennis. Þessi dagur og mætingin fór fram úr okkar björtustu vonum en þar komu saman börn og fullorðnir og spiluðu borðtennis í tvo klukkutíma og fannst þeim það sko ekki nógu langur tími. Dagurinn endaði svo á móti, þar sem allir spiluðu við alla, spilað var á fjórum borðum. Mótið endaði með alveg gríðarlega jöfnum úrslitaleik, mikil stemming var í húsinu og þar bar Vésteinn Loftsson sigur úr býtum og þess má geta að hann vann alla sína leiki. Steftir er að því að halda fleiri borðtennisviðburði á nýju ári!

Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn 25. maí 2021. Á fundinn mætti ágætur fjöldi fólks, farið var yfir fjárhagsstöðu og einnig yfir rekstur ársins sem skilaði smá hagnaði. Inn í stjórnina komu þau Hugrún Pétursdóttir og Sindri Snær Bjarnason í staðinn fyrir hann Garðar Þorfinnsson. Einnig lét hann Guðmundur Jónasson af embætti formanns og munum við alltaf vera honum þakklát fyrir sitt starf sem formaður.



Stjórn 2021 skipa Sindri Snær Bjarnason formaður, Guðmundur Jónasson varaformaður, Hugrún Pétursdóttir gjaldkeri, Ólöf Árnadóttir ritari, Agnes Ólöf Thorarensen meðstjórnandi, Rósa Hlín Óskarsdóttir og Klara Valgerður Brynjólfssdóttir varamenn.

Árið einkenndist af ástandinu.

Um 15-20 krakkar á grunnskólaaldri æfðu körfubolta einu sinni til tvisvar í viku. Á núverandi skólaári skráði félagið í samstarfi við Dímon og Garp til leiks lið í 10. flokki drengja til keppni í Íslandsmóti KKÍ og hafa staðið sig vel á tímabilinu. Þjálfarar eru Þorsteinn Darrí Sigurgeirsson og Sigurður Kristinn Jensson.

Félagið bauð upp á tólmstundanámskeið fyrir börn á aldrinum 6-14 ára í sumar, í samvinnu við sveitarfélagið Rangárþing ytra. Námskeiðið stóð það yfir í 3 vikur í júní. Þátttakendur voru rúmlega 80 talsins. Umsjónarmenn námskeiðsins voru Aníta Tryggvadóttir, Ástþór Ragnheiðarson og Elín Stolzenwald. Lagði sveitarfélagið til aðstoðarfólk úr unglingavinnu.

Áframhaldandi kraftur var í frjálsíþróttastarfinu á árinu og voru í gangi æfingar í samstarfi við Garp sem fóru fram á Hellu og á Laugalandi. Einnig fóru æfingar fram í gegnum netið á meðan æfingarbann var í gangi. Mæting var góð allt árið og voru um 40 krakkar að mæta frá báðum félögum. Farið var á nokkur mót þar sem finnið árangur náðist. Einnig hélt félagið sitt fyrsta félagsmót í 16 ár þar sem öðrum félögum boðin þátttaka og félagið bætti um betur og hélt annað félagsmót mánuði síðar og heppnuðust þau frábærlega.



Frá jólafimleikasýningu Umf. Heklu.



Boðhlaupsveit Umf. Hrunamanna á aldursflokkmóti HSK.

Um 15-20 iðkendur á aldrinum 12-16 ára æfðu blak einu sinni í viku. Þjálfarar voru Ingibjörg Heiðardóttir, Heiðar Óli Guðmundsson og Aníta Tryggvadóttir. Meistaraflokkslið kvenna undir merkjum Heklu og Dímonar stóðu sig frábærlega á árinu.

Rúmlega 100 iðkendur á aldrinum 6-15 ára æfðu fimleika á vegum félagsins 1-4 sinnum í viku. Krökkunum var skipt í 4 hópa eftir aldri og getu. Um 60 iðkendur á leikskólaaldri æfðu krílafimleika einu sinni í viku í tveimur hópum. Vegna ástandsins í samfélaginu var lítið farið á mót, haldin var jólafimleikasýning og var hún þeim til mikillar fyrirmyndar. Æfingar voru skipulagðar af þjálfurum og fóru fram á netinu.

Tvisvar í viku æfðu iðkendur frá félaginu taekwondo í íþróttahúsinu á Hellu en þær æfingar voru haldnar í samvinnu við Taekwondodeild Umf. Selfoss. Æfingarnar voru aldurskiptar fyrir 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Þátttakendur voru rúmlega 20, bæði börn og fullorðnir. Margir iðkendur fóru í beltapróf á árinu. Kennarar eru Daniel Jens Pétursson 1. Dan og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir.

Um 30 iðkendur á aldrinum 6-12 ára sóttu línuskautæfingar einu sinni í viku í vetur. Hópnum var aldurskipt í tvo hópa og undir þjálfun Diego Pinero Pinera.

Félagið hélt torfærukeppni á árinu eins áður. Félagsmennirnir Skúli Kristjánsson varð

Íslandsmeistari í sérútbúnum flokki og Óskar Jónsson lenti í öðru sæti í götubílaflokki. Hjóladeildin biður enn eftir æfingarsvæði sínu í nágrenni Hellu en þar æfa um 10 – 15 krakkar.

Helstu fjáraflanir félagsins eru lottótækjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði. Félagsmenn í Umf Heklu eru 812 talsins. Félagsgjald er 2000 kr. fyrir 18 ára og eldri.

Guðmundur Jónasson var eini fulltrúi félagsins á HSK þingi.

Umf. Hrunamanna

Aðalfundur UMFH var haldinn 31. maí 2021 sem er óvenju seint, vegna covidtakmarkanna. Jóhanna Bríet Helgadóttir er formaður félagsins, Sigurjón Snær Jónsson gjaldkeri, Dúna Rut Karlsdóttir ritari og Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson meðstjórnendur.



Körfuboltadeildin hélt áfram sínu starfi með hefðbundnum hætti. Vegna fækkunar barna á grunnskólaaldri hefur reynst erfiðara að halda úti mörgum liðum og leitað hefur verið til annara liða með samstarf. Meistaraflokkur karla hélt sæti sínu í 1. deild og vann liðið nokkra góða sigra.

Frjálsíþróttadeildin hélt áfram úti sterku starfi



Ungir iðkendur Umf. Hvatar á æfingu.

líkt og undanfarin ár. Kórónaveiran setti mikið strík í öll mótamál en fresta þurfti mótum oft og iðulega. Keppendur Hrunamanna létu þó ekki deigan síga og tóku þátt í öllum HSK mótunum og Íslandsmeistaramótum, ásamt fjölmörgum öðrum mótum. Margir titlar féllu liðsmönnum okkar í vil ásamt nokkrum tugum verðlaunasetta á fyrrnefndum mótum.

Blakdeild kvenna og karla héldu sínu starfi. Þrátt fyrir töluverðar takmarkanir var hægt að halda úti nokkuð ágætu starfi og farið á fáein minni mót. Góðir sigrar innan og utan vallar.

Umf. Hvöt

Árið 2021 byrjaði vel hjá Hvöt, flestir krakkar á yngri stigum grunnskólans, um 30 börn, voru í íþróttastarfi hjá okkur. Eins og hjá öðrum hafði covid áhrif á starfið um vorið en við héldum úti æfingum alltaf þegar leyfilegt var. Íþróttafélag Uppsveita sem hefur verið með fótboltaæfingar á sumrin bauð þeim sem eru að æfa fótbolta að mæta með þeim á einhver mót á vorönninni.

Þorralótið var fellt niður vegna covid takmarkanna þetta árið.

Aðalfundur félagsins var haldinn 23. apríl á bókasafni skólans en mæting á fundinn var með versta móti þetta árið. Sama stjórn situr áfram eftir aðalfundinn, Guðrún Ása Kristleifsdóttir formaður, Anika Baecker gjaldkeri og Sigríður Þorbjörnsdóttir ritari. Guðni Reynir Þorbjörnsson er áfram varamaður í stjórn og Ingólfur Örn Jónsson skoðunarmaður reikninga.

Á árinu tók félagið þátt í keppni, bæði í frjálsum íþróttum og knattspyrnu þó að minna hafi verið um mót og samgang á milli félaga vegna aðstæðna auk þess sem 2 iðkendur tóku þátt í úrvalsbúðum KKÍ.

Ekki tókst að manna leikjanámskeið þetta sumarið og féll það því niður en sundnámskeiðið var á sínum stað þó að þátttaka í því hafi verið með minna móti.

Yfir sumartímann var Hvöt ekki með neinar æfingar en Íþróttafélag Uppsveita kom á Borg 2 sínum í viku yfir sumartímann og var með fótboltaæfingar.

Haustið 2021 hófust æfingar aftur og nú boðið upp á knattspyrnu, blak og körfubolta. Því miður tókst ekki að fá frjálsíþróttþjálfara þetta haustið. Um 35 iðkendur hófu æfingar þetta haustið.

Ungmennafélagið á í mjög góðu samstarfi við

frístundastarf skólans þar sem starfsmenn skólans fylgja börnunum í íþróttastarfið og aðstoða ef á þarf að halda og erum við mjög þakklát fyrir það.

Að lokum fengum við svo jólasveina til að heimsækja börn á aðfangadag í samstarfi við Lionsklúbinn Skjaldbreið. Þeir heilsuðu upp á heimilismenn, trölluðu og skildu eftir smá pakka fyrir þau þó svo að ekki væri í boði að fá sveinka inn í hús vegna aðstæðna.

Umf. Ingólfur

Aðalfundur Umf. Ingólfs var haldinn 28. apríl 2021. Þar var stjórn félagsins endurkjörin.

Stjórn félagsins skipa Þröstur Guðnason formaður, Kristinn Guðnason gjaldkeri, Þórhalla Gísladóttir ritari. Varamenn eru Daníel Magnússon, Jóna Sveinsdóttir og Ragnheiður Jónasdóttir.

Umf. Laugdæla

Aðalfundur UMFL var haldinn þriðjudaginn 14. júní 2021 í Bláskógaskóla á Laugarvatni. Eva Hálfánardóttir hélt áfram sem gjaldkeri, Daníel Pálsson sem formaður og Freyja Rós Haraldsdóttir sem ritari.

Árið 2021 voru æfingar í körfu, fótbolta, klifri, blaki (fyrir börn og fullorðna), frjálsum, fimleikum og þreki (fyrir unglिंगana). Haustið 2021 var boðið upp á körfuboltaæfingar fyrir 16 ára og eldri eftir nokkurt hlé, í samstarfi við Menntaskólann að Laugarvatni. Fimleikakrakkarnir enduðu á að halda glæsilega sýningu fyrir aðstandendur í desember.

Þorralótið UMFL 2021 féll niður vegna covid. Leikjanámskeið var haldið í byrjun sumars. Lífleg hátíðarhöld voru útið á 17. júní. Aðkoma ungmennafélagsins fólst í hoppukastöllum, pylsupartí, hátíðarræðu og fánaberum. Lions mættu með blöðrum, Kvenfélagið gaf sleikjóa og sá um fjallkonuna og Björgunarveitin bauð upp á bátsferðir á Laugarvatni.

Kærar þakkir til allra sem komið hafa að starfsemi félagsins undanfarið ár, þjálfurum, iðkendum, sjálfbóðaliðum og sveitarfélaginu Bláskógabyggð.

Umf. Selfoss

Áfram hélt heimsfaraldurinn að stríða okkur í Umf. Selfoss líkt og hann gerði árið 2020. Samkomutakmarkanir höfðu gríðarleg áhrif á allt starf félagsins þar sem æfingar, keppni, mót, viðburðir og fundir féllu oft á tíðum niður vegna samkomutakmarkana.

Aðalfundur félagsins var haldinn fimmtudaginn 29. apríl. Viktor S. Pálsson var endurkjörinn formaður, en auk hans sitja áfram í framkvæmdastjórn Hjalti Þorvarðarson, gjaldkeri, Dýrfinna Sigurjónsdóttir ritari og Sverri Einarssyni meðstjórnandi. Hafsteinn Guðmundsson kom nýr inn í stjórn sem meðstjórnandi. Ásamt framkvæmdastjórn skipa þau Ingibjörg Garðarsdóttir, formaður fimleikadeildar, Helgi S. Haraldsson, formaður frjálsíþróttadeildar, Þórir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar, Birgir Júlíus Sigursteinsson, formaður júdódeildar, Jón Steindór Sveinsson, formaður knattspyrnudeildar, Guðmundur Gústafsson, formaður mótorkrossdeildar, Guðmundur Pálsson, formaður sunddeildar, og Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður taekwondodeildar, þrettán manna aðalstjórn félagsins, er hún óbreytt frá fyrra ári. Auk þessara deilda voru settar á fót rafríþróttanefnd undir stjórn Eypórs Friðbertssonar og borðtennisnefnd sem Stefán Sverrisson stýrir.

Hjá aðalstjórn félagsins starfa Gissur Jónsson framkvæmdastjóri í fullu stöðugildi auk Aðalbjarjar Skúladóttur bókarar félagsins í hálfu stöðugildi.



Stjórn Umf. Ingólfs.

Sigríður Ósk Harðardóttir er áfram framkvæmdastjóri fimleikadeildar og Tanja Birgisdóttir starfar sem yfirþjálfari í hálfu stöðugildi. Sveinbjörn Másson er sem fyrr framkvæmdastjóri knattspyrnukeildar og vallarstjóri á Selfossvelli. Starfsmenn á Selfossvelli í lok árs 2021 voru Þórdís Rakel Hansen, Einar Örn Einarsson og Svandís Guðmundsdóttir. Þá er knattspyrnukeild með þrjú starfsmenn í fullu stöðugildi þ.e. Gunnar Rafn Borgþórsson, sem yfirþjálfari knattspyrnukeildar og þjálfari, Inga Rafn Ingibergsson sem starfsmann knattspyrnukeildar og þjálfari og Alfreð Elías Jóhannsson, sem var þjálfari meistaraflokks kvenna og afreksþjálfari ásamt því að sjá um þjálfun fyrir knattspyrnuakademíu. Alfreð lét af störfum í lok keppnistímabilsins og Dean Martin tók við umsjón akademíunnar. Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson er framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar fullu stöðugildi. Þá er Sigríður Anna Guðjónsdóttir í hlutastarfi sem yfirþjálfari og starfsmaður frjálsíþróttadeildar. Flestar aðrar deildir félagsins eru með starfandi yfirþjálfara og/eða verkefnastjóra í mismunandi stöðuhlutfalli.

Innan Umf. Selfoss eru starfandi átta virkar deildir þ.e. fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnukeild, mótorkrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiks- og knattspyrnukeildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Fimleika-, frjálsíþrótt- og handknattleiksdeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbautaskóla Suðurlands. Knattspyrnukeild á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins sérstök vallarstjórn, jólasveinanevnd og minjaverndarnefnd. Einnig starfa tvær nefndir innan UMFS sem halda utan um æfingar og keppni í borðtennis, sem Stefán Sverrisson stýrir, og rafíþróttum undir stjórn Eypórs Friðbertssonar.

Í gildi er þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss sem og samningur um rekstur íþróttavallarsvæðisins sem gilda til loka árs 2022. Eins og undanfarin ár sér knattspyrnukeild um rekstur íþróttavallarsvæðisins en það er íþróttavallarnefnd sem hefur yfirumsjón með rekstri vallarsvæðisins. Í gildi er samningur við taekwondodeild um þríf og utanumhald á æfingasal deildarinnar á annarri hæð í Baulu, íþróttahúsi Sunnulaekjarskóla. Mótorkrossdeild sér áfram um rekstur og uppbyggingu mótorkrossbrautar og júdódeild sér um rekstur íþróttahúss Sandvíkurskóla. Sunddeildin er með sína starfsemi í glæsilegri aðstöðu í sundhöll Selfoss. Handknattleiksdeild hefur komið starfsemi sinni vel fyrir í Hleðsluhöllinni eða lðu, íþróttahúsi Fjölbautaskóla Suðurlands. Fimleikadeild er sem fyrr með alla sína starfsemi í Baulu, hvar deildin býr við afar þröngan kost. Meginþungi starfsemi knattspyrnukeildar og frjálsíþróttadeildar fer fram á Selfossvelli en einnig æfa deildirnar í íþróttahúsi Vallaskóla yfir vetrarmánuðina. Þá rekur félagið þjónustumiðstöð, sem opin er allt árið, í félagsheimilinu Tíbrá við Engjaveg 50. Í október var tekið í notkun nýtt og glæsilegt fjölnota íþróttahús á Selfossvelli. Í húsinu, sem fékk nafnið Selfosshöllin, eru æfingar á vegum akademíu Fsú og knattspyrnu- og frjálsíþróttadeildar en auk þess nýta húsið dagforeldrar, leik- og grunnskólar, heilsuefingarteymi 60+, Geðheilsuteymi HSU og fjöldi íbúa á svæðinu sem ganga eða hlaupa í höllinni.

Á hverju ári hafa deildir félagsins staðið fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir tókst að halda jólasýningu fimleikadeildarinnar en Grýlupottahlaupi, Brúarhlaupi frjálsíþróttadeildar, Guðjónsmóti, Olísmóti og herrakvöldi



Séð yfir íþróttavallarsvæðið við Engjaveg, Selfosshöllin var tekin í notkun á árinu.

knattspyrnukeildar var frestað. Handknattleiksdeildin þurfti að fella niður Bónus- og Landsbankamótin en tókst að halda Ragnarsmótið á haustdögum. Í upphafi júní tókst knattspyrnukeild að halda þrjú mót þ.e. Lindex-mótið, Jako-mótið og Set-mótið. Júdódeild, sunddeild og taekwondodeild héldu innanfélagsmót og mótorkrossdeild hélt bikarmót á vegum MSÍ.

Sem fyrr segir var aðalfundur Umf. Selfoss haldinn 29. apríl 2021. Í ársskýrslu félagsins kom m.a. fram að heildartekjur þess árið 2020 voru 435 milljónir og var rekstur félagsins jákvæður um 24 milljónir króna.

Einstakar deildir stóðu fyrir sumarnámskeiðum, knattspyrnukeild starfrækti fótballtaskólann og fimleikadeild og júdódeild voru með sumaræfingar. Nokkur röskun varð á íþróttaskóla barnanna sem er starfræktur á vegum fimleikadeildar og ungbarnasundi, Guggusundi, á vegum sunddeildar.

Þrátt fyrir erfitt ár var íþróttastarf félagsins umfangsmikið en fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttageirum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum. Sem betur fer tókst að ljúka keppnistímabili í knattspyrnu og niðurstaðan varð sú að meistaraflokkur kvenna endaði í fimmta sæti í Pepsi Max deildinni en meistaraflokkur karla varð í áttunda sæti í Lengjudeildinni. Meistaraflokkur karla í handknattleik endaði í fjórða sæti Olíseildarinnar og meistaraflokkur kvenna í níunda sæti í Grill 66 deildinni. Karlaliðið tók þátt í Evrópubikarnum og stóð sig mjög vel en datt út í 2. umferð gegn liði frá Slóveníu. Líkt og undanfarin ár vannst fjöldi Íslands- og bikarmeistarátitla í einstaklingsgreinum og samstarf HSK/Selfoss í frjálsum blómstrar.

Þrátt fyrir að lítið væri um alþjóðlegar keppnir var fjöldi einstaklinga innan deilda Umf. Selfoss kallaðir til ýmissa landsliðsverkefna bæði hjá yngri og eldri iðkendum á vegum sársambanda ÍSÍ. Auk þess var fjöldi einstaklinga valinn í úrvalshópa.

Á verðlaunahátíð Umf. Selfoss voru handknattleiksmaðurinn Hergeir Grímsson og frjálsíþróttakonan Eva María Baldursdóttir útnefnd íþróttakarlar og íþróttakona Umf. Selfoss.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt fimm formlega fundi á starfsárinu og aðalstjórn fundaði fjórum sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Framkvæmdastjóri situr í forvarnarhópi Sv. Árborgar sem fundar mánaðarlega.

Þá sátu framkvæmdastjóri og formaður ýmsa fundi með fulltrúum Árborgar, ÍSÍ, UMFI, HSK og fleiri aðilum. Auk þess er gríðarmikið sjálfbóðaliðastarf unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða.

Umf. Skeiðamanna

Aðalfundur var haldinn þann 17. mars 2021. Stjórnin er óbreytt síðan í fyrra: Viktoría Rós Guðmundsdóttir formaður, Ágúst Guðmundsson gjaldkeri og Guðfinna Ósk Magnúsdóttir ritari.

Leikjanámskeið var haldið þann 14.-25. júní 2021 fyrir öll börn í Þjórsárskóla. Anna Þórny Sigfúsdóttir sá um námskeiðið eins og síðustu ár. Félagið keypti gjöf fyrir Vinaminni í þakkætisskyni fyrir að hafa boðið börnunum að eyða degi hjá þeim á leikjanámskeiðinu.

Ungmennafélagið fjárfesti í ærslabelg í sumar. Íbúar sveitarfélagsins hjálpuðust að við að koma honum niður við tjaldsvæðið í Brautarholti. Keypt var efni fyrir pönnuvöll. Ágúst gjaldkeri tók að sér að smíða hann fyrir okkur og setja hann upp við ærslabelginn á tjaldsvæðinu í Brautarholti.

Landsátak var í sundi í nóvember og tók Ungmennafélagið þátt í því með að gefa vinninga fyrir framúrskarandi árangur fyrir þá sem syntu í Skeiðalaug. Keyptir voru vinningar hjá M fitness og fengu allir sem tóku þátt viðurkenningu og þeir sem syntu yfir ákveðið marga metra fengu stærri gjöf. Brúsar, sokkar, háband, teygjur og töskur voru verðlaunin.

Skeiðalaug var 46 ára þann 15. nóvember og bauð Ungmennafélagið upp á léttar veitingar þann dag í sundlauginni fyrir gesti. Boðið var upp á kleinur, kex og svala.

Umf. Stokkseyrar

Aðalfundur var haldinn 14. desember 2021. Hefðbundin aðalfundarstjórn og ný stjórn félagsins kosin. Í henni sitja Ólafur Már Ólafsson, formaður, Agnes Lind Jónsdóttir, gjaldkeri, Hanna Siv Bjarnardóttir, ritari, Jónas Höskuldsson, varamaður og Ágústa Oddsdóttir, varamaður.

Við hjá Ungmennafélaginu höldum úti knattspyrnu og kraftflytingardeild. Knattspyrna er





Áhugasamir fótboltakrakkar á fyrstu æfingu sumarsins á Stokkseyri.



Frá æfingu í pílukasti á Heimalandi.

með yngri flokka starf og meistaraflokk. Formaður þeirrar nefndar er Gunnar Valberg Pétursson en þar æfa um 20 börn. Kraftlyftingardeildin hefur sér stjórn, en þar er formaður Unnar Már Hjaltason og Gunnhildur Hjaltadóttir, gjaldkeri. Iðkendur í þeirri deild eru um 70.

Í júní var haldið sundnámskeið fyrir börn í samstarfi við sundþjálfara frá Selfossi. Að öðru leyti var starfsemi félagsins hefðbundin. Strandahlaup var í maí þar sem fólk á öllum aldri mætti og hljóp 800 metra. Að hlaupunum loknum var haldin viðurkenninga- og uppskeruhátíð. Í júlí var haldin Bryggjuhátíð en Ungmennafélagið sér um þá hátíð. Hátíðin tókst vel og var vel mætt á auglýsta viðburði. Í desember sáum við um að kveikja á jólatré bæjarbúa. Vegna samkomutakmarkanna var ekki dansað kringum tréð og voru jólasveinar í afmörkuðum reit og réttu börnum góðgæti. Á aðfangadag aðstoðuðum við jólasveina við að koma pökkum til barna bæjarins. Vegna aðstæðna í samfélaginu var ýmislegt öðruvísi í starfinu, t.d. aðalfundi frestað fram í desember, engin skótuveisla, engin áramótabrenna og færri fundir og samkomur. Á árinu voru haldnir mánaðarlegir stjórnarfundir, ásamt öðrum fundum með kraftlyftingardeild, fótboltaþjálfurum og umsjónarmanni knattspyrnu. Að lokum viljum við þakka styrktaraðilum okkar, Sveitarfélaginu Árborg og sjálfbóðaliðum starfið á árinu.

Umf. Trausti

Núverandi stjórn félagsins skipa Bjarki Freyr Sigurjónsson formaður, Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir gjaldkeri og Guðmundur Jón Viðarsson ritari.

Aðalfundur var haldinn miðvikudaginn 10. mars 2021 á heimavelli félagsins að Heimalandi.

Laugardaginn 17. apríl var tekinn hinn árlegi tiltektardagur á okkar gömlu hreppamörkum Vestur-Eyjafjalla. Vel mætt og mikið rusl sem kemur á hverju ári eftir lægðir og umferð liðins árs. Við skorum á önnur félög að gera slíkt hið sama!

17. júní var haldinn hátíðlegur líkt og venjulega í samstarfi við Kvenfélagið Eygló.

Dagana 5.-9. júlí var haldið leikjanámskeið á Heimalandi fyrir krakka fædda 2017 og eldri. Við fengum líkt og áður einstakan mann í verkefnið hann Óla Elí til að sjá um námskeiðið og gerði hann það með glæsibrag eins og honum einum er lagið. Viljum þakka Óla kærlega fyrir hans vinnu og velvild í okkar garð.

Tókum að okkur í fjáröflun og slógum kirkjugarðinn í Stóra-Dal tvisvar í sumar og var vel mætt í það verkefni.

Undir lok árs var ákveðið að halda pílukvöld einu sinni í viku að Heimalandi og hefur það slegið



rækilega í gegn. Spilað hefur verið á allt að þremur spjöldum og stefnum við á að halda þessu áfram.

Lukum svo árinu með árlegri akstursþjónustu jólasveinanna á Þorláksmessu með aðstoð Björgunarveitarinnar Bróðurhöndin.

Umf. Þjótandi

Stjórnina skipa Bryndís Eva Óskarsdóttir formaður, Magnús St. Magnússon ritari og Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri.



Aðalfundur Umf. Þjótanda var haldinn 24. mars 2021 í Félagslund. Breytingar urðu á aðalstjórn félagsins þar sem Katrín Ástráðsdóttir hætti sem gjaldkeri og Harpa Magnúsdóttir tók við. Á aðalfundinum voru veitt verðlaun fyrir íþróttamann ársins en þau hlaut Einar Árni Ólafsson frjálsíþróttamaður og félagi ársins var kjörinn Guðmunda Ólafsdóttir fyrrverandi formaður og stofnandi félagsins. Stjórnarfundur var reynt að halda einu sinni í mánuði og voru þeir oft á fjarfundarformi. Auk stjórnar voru nefndarformenn og varastjórn boðuð á fundina.

Árið 2021 einkenndist af covid eins og árið á undan og því mörgum viðburðum frestað. Þó náðum við að halda Flóahlaupið, ungmennafélagsreiðtúr, vorum í samstarfi við jólasveinanna fyrir jólin, einnig komu við að 17. júní hátíðahöldum í Einbúa og útivistarverkefnið sem við höfum verið með undanfarin ár. Héldum úti sumaræfingum, vetraræfingum í glímu og frjálsum. Einnig tveggja vikna leikjanámskeið í júní, allt var þetta vel sótt. Að haustinu var Flóamótið fyrir grunnskólabörnin haldið á vellinum við Flóaskóla. Einnig tókum við þátt í "Þorablóti Sunnlendinga" með sölu á heimsendum mat og var því vel tekið. Buðum uppá sölu á nýjum peysum frá Jako merktar félaginu. Okkar iðkendur tóku margir þátt í frjálsíþróttamótum HSK og MÍ og náðu margir góðum árangri. Einnig áttum við stóran hóp keppenda á glímumótum.

Við förum bjartsýn inn í nýtt ár, fullbólusett og vonum að við getum farið að halda flesta viðburði aftur.

Umf. Þór

Aðalfundur Þórs var haldinn 12. maí 2021 stjórnin hélt sér síðan í fyrria. Formaður er Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hólmfríður Fjóra Zoega Smáradóttir og ritari Rannveig Júlíusdóttir. Haldnir voru nokkrir fundir með formönnum deilda en færri en vanalega vegna ástandsins.



Starf körfuknattleiksdeildar Þórs á árinu hefur verið lítað af heimsfaraldri en um leið urðu þáttaskil í starfi okkar. Meistaraflokkur karla fagnaði Íslandsmeistaratitli í Dominosdeild en árangur liðsins vakti mikið umtal og kom sveitarfélaginu hressilega á kortið. Á uppskeruhátíð Körfuknattleikssambands Íslands var Styrmir Snær Prastarson valinn í úrvalslíð Dominosdeildar KKÍ sem er glæsilegt afrek hjá svona ungum leikmanni og að standa á meðal fimm bestu körfuknattleiksmanna Íslands í fullorðinsflokki er mikill heiður. Styrmir var einnig valinn besti ungi leikmaður Íslandsmótins.

Meistaraflokkur kvenna leikur í 1. deild og hefur staðið sig vel. Á síðasta ári var undirritað samkomulag um að tefla fram sameiginlegu liði Hamars og Þórs í 1. deild kvenna og hefur samstarfið gengið vel.

Það er við hæfi að þakka öllum þeim sem starfa í kringum lið deildarinnar og leggja sitt af mörkum til að gera umgjörð liða okkar sem allra besta.

Styrktaraðilar okkar eru hornsteinninn í starfinu og er þeim seint fullþakkað. Sveitarfélagið Ölfus er þar fremst í flokki en stjórnin er ávallt á tánum að fá fleiri sterka aðila inn og hefur það gengið ágætlega þó að alltaf megi gera betur. Meistaraflokkar okkar eru fyrirmyndir yngri iðkenda og hafa um leið hvetjandi áhrif á yngri kynslóðina. Um 110 krakkar, 4 - 18 ára, eru að æfa hjá deildinni. Yngri flokkar deildarinnar hafa staðið sig vel undanfarin ár og tekið þátt í Íslandsmótum KÍÍ en nokkrir flokkar eru í samstarfi við önnur lið á Suðurlandi. Undanfarin ár höfum við haft vel menntaða og góða þjálfara sem er lykillinn að góðu gengi.

Þórsarar áttu þrjá fulltrúa í yngri landsliðum Íslands sem kepptu í sumar. Hildur Gunnsteinsdóttir keppti með U16 ára liði stúlkna í NM í Finnlandi, Tómas Valur Þrastarson með U16 ára liði drengja á NM og Styrmir Snær Þrastarson keppti með U20 ára liðinu í Eistlandi. Þórsarar áttu þrjá leikmenn í A-landsliði Íslands í körfubolta sem lék tvo æfingaleiki við Eistland en það voru þeir Styrmir Snær Þrastarson, Davíð Arnar Ágústsson og Ragnar Örn Bragason.

Davíð Arnar Ágústsson var valinn körfuknattleiksmaður Þórs 2021. Hann hefur leikið með meistaraflokki frá unga aldri og fagnaði fyrsta Íslandsmeistaratitlinum með Þór á árinu. Hann er lykilleikmaður, liðið og kóngurinn í meistaraflokki Þórs. Davíð Arnar var valinn í A-landsliði Íslands í ágúst sem keppti fjóra leiki í Svartfjallalandi í forkeppni HM 2023.

Í deildinni starfa fjöldi sjálfboðaliða og er seint þakkað þeirra framlag sem skapar góða umgjörð um starfið. Við leggjum af stað inn í nýtt ár með von í brjósti um að heimsfaraldrunin fari að linna og að körfuboltinn fái að blómstra sem aldrei fyrr á nýju ári.

Starf frjálsíþróttadeildar Þórs var með minnsta móti árið 2021. Auður Magnea og Katrín sáu um þjálfun yngstu iðkenda fyrri hluta árs en ekki tókst að finna þjálfara fyrir eldri hópa. Frá og með haustinu 2021 voru engar æfingar. Nokkrir iðkendur Þórs hafa þó æft annars staðar og tekið þátt í nokkrum mótum og Viktor Karl og Róbert Khorchai urðu báðir Íslandsmeistarar í sínum aldursflokkum á MÍ sumarið 2021. Þjálfareit deildarinnar stendur enn og verður vonandi hægt að bjóða upp á útíæfingar á okkar frábæra frjálsíþróttavelli í sumar.

Árið hófst 4. janúar og voru þjálfarar 18 á vorönn. Iðkendur voru 165 talsins á aldrinum 2-15 ára. Æfingar þessa önnina voru með hefðbundnum hætti og trufflaði covid ekki æfingar. Farið var á einhver mót þrátt fyrir COVID og urðu 1. flokkur og KKE bikarmeistarar í stökkfimi í sínum flokkum. Ekkert bingó var haldið um páskana vegna veirunnar



Þórsarar fagna sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli í körfuknattleik karla.

en dósasafnanir voru áfram en þó með breyttu sniði. Engin vörðing var að þessu sinni vegna fjöldatakmarkananna. Sumaræfingar voru eins og fyrri ár ásamt því að tveir elstu hóparnir héldu áfram að æfa inn í sumarið. Haustönn hófst svo 30. ágúst og voru þjálfarar þá 20 talsins og iðkendur 162 talsins á aldrinum 2-16. Við náðum að halda æfingum alla önnina með skipulagi og þrautseigju þjálfara okkar. Jólásýningin var svo haldin 11. desember og voru sýningarnar tvær að þessu sinni vegna fjöldatakmarkananna. Vegna fjölgunar smita var sýningin lokaatriði annarinnar og voru fimleikarnir komnir í jólafrí snemma þetta árið. Við buðum einnig upp á fullorðinsfimleika en þar var engin skráning bara mæta og hafa gaman. Nýja aðstaðan hefur komið vel út og höfum við séð miklar framfarir hjá iðkendum. Því miður hefur ekki verið hægt að opna húsið formlega ennþá vegna heimsfaraldurs en það verður gert um leið og við fáum tækifæri til þess og verður þá opið hús og öllum gefinn kostur á að skoða.

Starf badmintondeildar Þórs gekk vel fyrir sig á árinu og iðkenda fjöldi hélt svipaður yfir árið. Hið árlega Þórsmót var haldið í febrúar en þangað mættu keppendur alls staðar að af landinu. Því miður náðist ekki að halda Meistaramót HSK vegna covid en deildin sá um utanumhald og skipulag Unglingamóts HSK sem fram fór í Þorlákshöfn í desember. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu voru aðeins örfá mót haldin árið 2021 og því lítið um keppnisferðir og afrek.

Starfsárið 2021 var nokkuð rólegt hjá vélhjóladeild Umf. Þórs. Deildin stóð ekki fyrir sérstökum viðburðum en okkar fólk tók vissulega þátt í Íslandsmótinu í Mótorkrossi. Aðeins urðu breytingar á stjórn en hana skipa Heiðar Örn Sverrisson formaður, Helga Helgadóttir gjaldkeri, Gyða Dögg Heiðarsdóttir ritari og Þór Emilsson og Guðbjartur Ægír Ágústsson.

Rafríðadeild Umf. Þórs var stofnuð á síðasta aðalfundi Ungmennafélagsins Þórs árið 2021. Starfsemin hófst í apríl eftir góðan undirbúning sjálfboðaliða. Sveitarfélagið Ölfus kom að stofnun deildarinnar með fjárframlagi. Starfsemin er í kjallara ráðhús Ölfus í herbergi inn af félagsmiðstöðinni. Starfð samanstendur af tveimur aldursflokkum, yngri flokkur 6-7. bekkur og eldri flokkur 8-1.0 bekkur. Æfingar eru þrisvar í viku í tvo tíma í senn hjá eldri flokki og 1,5 tíma í senn hjá yngri flokki. Um það bil 30 börn stunda reglulega æfingar hjá deildinni. Æfingar eru í þróun og taka þjálfara mið af öðrum rafríðadeildum hvað það varðar.

Umf. Þórsmörk

Í ljósi aðstæðna sem verið hafa í þjóðfélaginu s.l. ár, þá hefur engin starfsemi verið og þessir fáu viðburðir sem félagið hefur staðið fyrir aflýst.



Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa
 Golfklúbburinn Tuddi
 Hestamannafélagið Háfeti
 Íþróttfélagið Mímir
 Knattspyrnufélag Árborgar
 Umf. Eyrarbakka
 Umf. Merkihöll



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM
ÍPRÓTTAGREINUM FYRIR 11-18 ÁRA.
TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

SELFOSS
29.-31. JÚLÍ

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS





Ert þú með besta* banka- appið?

Ef þú ert ekki með Arion appið getur þú sótt það í **App Store** eða **Google Play**.
Í appinu tekur enga stund að:

- Stofna viðbótarlífeyrissparnað
- Dreifa greiðslum
- Byrja grænan sparnað
- Stýra yfirdrætti
- Borga reikninga
- Sækja um Núlán
- Frysta kort
- Finna PIN númer

